



ML í lögfræði

Varð breyting á hlutverki, skyldum og ábyrgð
byggingarstjóra eftir að lög um mannvirki nr.
160/2010 tóku við af skipulags- og
byggingarlögum nr. 73/1997?

Febrúar 2020

Nafn nemanda: Atli Hjaltested

Kennitala: 221090-2179

Leiðbeinandi: Gestur Óskar Magnússon

Útdráttur

Varð breyting á hlutverki, skyldum og ábyrgð byggingarstjóra eftir að lög um mannvirki nr. 160/2010 tóku við af skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

Ritgerðin fjallar um þær breytingar sem urðu á ákvæðum um byggingarstjóra með gildistöku mannvirkjalaga nr. 160/2010. Í gegnum tíðina hafa menn ekki alltaf verið sammála um hverjar skyldur byggingarstjóra raunverulega eru, eða hversu víðtæk ábyrgð hvílir á herðum þeirra. Lög um mannvirki nr. 160/2010 tóku við af skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 árið 2011 og eitt af markmið þeirra var að fjalla með skýrari hætti um hlutverk, skyldur og ábyrgð byggingarstjóra. Höfundur leitast við að fjalla um með skýrum hætti hvaða breytingar áttu sér stað og hvaða þýðingu þær hafa. Í upphafi ritgerðarinnar er fjallað um skaðabóta- og váttryggingarétt með almennum hætti þar sem hann tengist efni ritgerðarinnar náið. Að sama skapi er sérstaklega fjallað um hlutverk þeirra aðila sem koma almennt að byggingarframkvæmdum. Megináhersla er lögð á að fjalla um hvort, og þá hvaða breyting varð á eiginlegum ábyrgðarákvæðum laganna með því að líta til dómsúrlausna og lögskýringargagna. Ályktanir höfundar leiddu í ljós að með gildistöku mannvirkjalaga nr. 160/2010 hafi töluverðar breytingar átt sér stað á skyldum og ábyrgðarhlutverki byggingarstjóra en þó hefur nýlegur dómur Hæstaréttar valdið mögulegri óvissu um þýðingu ábyrgðarákvæða mannvirkjalaga nr. 160/2010. Að sama skapi hefur höfundur komist að þeirri niðurstöðu að jafnvel þótt ákvæði um byggingarstjóra séu ítarlegri í núgildandi lögum sé þau ekki endilega skýrari.

Abstract

Did the Act on structures no. 160/2010 have an effect on the role, duties and responsibilities of the construction manager when it replaced the Act on plan and buildings no. 73/1997

The main subject of this thesis concerns what changes happened regarding the role, duties and responsibilities of the construction manager when the Act on plan and buildings no. 73/1997 were replaced by Act on structures no. 160/2010. It has been debated through the decades how extensive responsibilities of the construction managers really are and for what he can be liable for. One of the main objectives of Act on structures no. 160/2010 regarding construction managers was to speak more clearly about the role, duties and responsibilities of the construction manager. The author strives to explain in a sufficient manner about what changes were made and results measured. In the beginning of the thesis tort and insurance law are discussed on general basis as it is closely related to the content of the thesis. In the same manner, in particular the roles of other agents generally involved with construction projects are discussed. The main emphasis regards whether, and if so, what changes were made on the liability provisions between the laws. The author's research revealed that with entry into force with Act on structures no. 160/2010 there have been considerable changes in the role, duties and responsibilities of the construction manager. However, a recent Supreme Court ruling has caused potential uncertainty about the significance of liability provisions. The author has also come to the conclusion that even if the provisions of the building manager are more detailed under the current law, they are not necessarily clearer.

Efnisyfirlit

Dómaskrá	v
Lagaskrá.....	vi
1. Inngangur	1
2. Skaðabótaábyrgð.....	2
2.1. Almennt um skaðabótarétt	2
2.2. Sakarreglan	3
2.3. Sérfræðiábyrgð.....	4
2.4. Vinnuveitandaábyrgð.....	5
2.5. Vátryggingaréttur.....	5
3. Almennt um ábyrgð aðila við mannvirkjagerð	6
3.1. Almennt um eiganda	6
3.2. Almennt um iðnmeistara.....	7
3.3. Almennt um byggingarfulltrúa	8
3.4. Almennt um hönnuði	9
4. Hlutverk skyldur og ábyrgð byggingarstjóra þá, og nú	10
4.1. Þróun löggjafar.....	10
4.2. Samanburður á ákvæðum um byggingarstjóra milli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og mannvirkjalaga nr. 160/2010	12
4.3. Dómframkvæmd Hæstaréttar um ábyrgð og skyldur byggingarstjóra í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997	15
4.4. Ábyrgð og skyldur byggingarstjóra samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010.....	20
4.5. Ábyrgð byggingarstjóra á byggingarefni	27
4.6. Ábyrgð byggingarstjóra gagnvart þriðja manni og á öðru tjóni en framkvæmdargalla.....	28
4.6.1. Líkamstjón	30
4.6.2. Munatjón.....	33
4.6.3. Skyldur og ábyrgð byggingarstjóra í tengslum við ákvæði verksamninga.....	33
4.6.4. Samantekt.....	37
4.7. Nánar um meðábyrgð byggingarstjóra.....	38
4.8. Sakarmat byggingarstjóra á grundvelli sérfræðiábyrgðar.....	40
5. Byggingarstjóraskipti	44
5.1. Tímamark byggingarstjóraskipta	44
5.2. Hvað þýðir ólokið verk	47
5.3. Samantekt.....	48
6. Önnur álitamál og vangaveltur um hlutverk, skyldur og ábyrgð byggingarstjóra.....	49
6.1 Áhrif sammings byggingarstjóra við eiganda	49

6.2. Áhrif samnings byggingarstjóra við iðnmeistara	52
6.3. Ábyrgð byggingarstjóra í gegnum fyrirtæki	53
6.4 Getur byggingarstjóri tekið að sér endalaus ábyrgð ?	59
7. Niðurstöður	61
Heimildaskrá	65

Dómaskrá

Hæstiréttur Íslands

Hrd. 20. desember 2005 í máli nr. 267/2005

Hrd. 13. mars 2008 í máli nr. 318/2007

Hrd. 20. maí 2010 í máli nr. 459/2009

Hrd. 5. nóvember 2009 í máli nr. 37/2009

Hrd. 14. apríl 2011 í máli nr. 412/2010

Hrd. 2. febrúar 2012 í máli nr. 271/2011

Hrd. 29. mars 2012 í máli nr. 307/2011

Hrd. 12. júní 2012 í máli nr. 341/2012

Hrd. 13. desember 2012 í máli nr. 239/2012

Hrd. 31. janúar 2013 í máli nr. 162/2012

Hrd. 14. febrúar 2013 í máli nr. 409/2012

Hrd. 28. febrúar 2013 í máli nr. 536/2012

Hrd. 18. september 2014 í máli nr. 58/2014

Hrd. 3. desember 2015 í máli nr. 271/2015

Hrd. 11. maí 2017 í máli nr. 571/2016

Hrd. 18. maí 2017 í máli nr. 570/2016

Hrd. 15. febrúar 2018 í máli nr. 17/2017

Hrd. 9. maí 2018 í máli nr. 462/2017

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur [dagsetning og ártals ekki getið] febrúar í máli nr. E-3187/2007

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júní 2016 í máli nr. E-870/2014

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. október 2019 í máli nr. E-137/2019

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. mars 2012 í máli nr. E-1038/2011

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. október 2019 í máli nr. E-73/2019

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 5. apríl 2004 í máli nr. E-124/2003

Landsréttur

Dómur Landsréttar 31. maí 2019 í máli nr. 819/2019

Úrskurðir

Álit úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum 25. júní 2019 í máli nr. 183/2019

Lagaskrá

Íslensk lög

Byggingarlög nr. 54/1978

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

Lög um byggingarvörur nr. 114/2014

Lög um þjónustukaup nr. 42/2000

Skaðabótalög nr. 50/1993

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

Reglugerðir

Byggingarreglugerð nr. 441/1998

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005

Reglugerð um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014

Lögskýringargögn

Alþt. 1977, A-deild, þskj. 14 - 14. mál

Alþt. 1996, A-deild, þskj. 101 - 98. mál

Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 698 - 430. mál

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál

Alþt. 2017-2018, A-deild þskj. 259 - 185 mál

1. Inngangur

Fyrir efnahagshrunið árið 2008 var vöxtur í byggingariðnaði og mannvirkjagerð mjög mikill hér á landi, í kjölfar hrunsins hægði hins vegar mikið á byggingarframkvæmdum vegna augljósra ástæðna. Á síðustu árum hefur byggingariðnaðurinn þó aftur komist á skrið. Sá sem hér ritar er sonur húsasmíðameistara sem rak og átti byggingarfyrirtæki í 25 ár. Í gegnum tíðina hef ég því margoft unnið að framkvæmdum einbýlis, fjölbýlis og iðnaðarhúsnaða og hef því ákveðna reynslu og innsýn í þá starfsemi sem fram fer við mannvirkjagerð.

Alla jafnan er mannvirkjagerð ansi flókin framkvæmd. Að henni koma margir aðilar með mismunandi bakrunn og þekkingu líkt og arkitektar, hönnuðir, verkfræðingar, smiðir, rafvirkjar, pípulagningamenn og svo mætti lengi telja. handtök þessara aðila skapa svo það húsaskjól sem við einstaklingar eyðum mest af okkar tíma inn í. Byggingarstjóri er einn þeirra aðila sem á að gegna mikilvægu hlutverki við mannvirkjagerð en ákvæði um ábyrgð hans og skyldur má rekja aftur til ársins 1979. Í gegnum tíðina hefur þó myndast ágreiningur um hvert hlutverk byggingarstjóra nákvæmlega er.¹

Markmið þessara ritgerðar er að draga fram með heildstæðum hætti hvaða breytingar hafa átt sér stað sem snúa að hlutverki, skyldum og ábyrgð byggingarstjóra við mannvirkjagerð. Í ritgerðinni verður sérstaklega leitast við að bera saman ákvæði þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sem og núgildandi laga um mannvirki nr. 160/2010. Titill ritgerðarinnar gefur til kynna að ákvæði um byggingarstjóra hafa tekið breytingum en höfundur mun leitast við að greina hvort þær breytingar hafi breytt þeirri réttarstöðu sem áður var í gildi.

Ritgerðin er uppbyggð með eftirfarandi hætti:

Í *öðrum kafla* verður fjallað með almennum hætti um reglur skaðabóta- og váttryggingaréttar sem tengjast efni ritgerðarinnar í tengslum við ábyrgð byggingarstjóra.

Í *þriðja kafla* mun umfjöllun snúa að öðrum aðilum en byggingarstjóra sem koma beint og óbeint að mannvirkjagerð, svo sem iðnmeisturum og byggingarfulltrúum. Með því að fjalla um þessa aðila verður auðveldara að setja sig inn í síðari reifanir á dómum og ályktunum sem dregnar verða fram.

Í *fjórða kafla* verður fjallað um megin viðfangsefni ritgerðarinnar í tengslum við hlutverk, skyldur og ábyrgð byggingarstjóra. Þar verður að mestu stuðst við dómaframkvæmd Hæstaréttar og athugasemdir með frumvörpum til bæði, skipulags- og byggingarlaga nr.

¹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 – 78, athugasemdir í kafla 3.

73/1997 og laga um mannvirki nr. 160/2010.

Í *fimmta kafla* verður fjallað sérstaklega um byggingarstjóraskipti og þau réttaráhrif sem þeim fylgja. Í kaflanum verður aðallega reynt að draga fram hvaða breytingar áttu sér stað milli framangreindra laga.

Í *sjötta kafla* verður leitast við að fjalla um önnur álitamál, líkt og tengslum reglu vinnuveitandaábyrgðar við ákvæði um byggingarstjóra, þýðingu skriflegs samnings eiganda og iðnmeistarar við byggingarstjóra og vangaveltur höfundar um hvort byggingarstjóri geti borið ábyrgð á mannvirkjum án nokkura takmarkanna.

Í *sjöunda kafla* verður svo leitast við að draga saman niðurstöður um viðfangsefnið með heildstæðum og skýrum hætti.

2. Skaðabótaábyrgð

2.1. Almennt um skaðabótarétt

Þrátt fyrir að þessi ritgerð muni ekki eingöngu fjalla um skaðabótaábyrgð byggingarstjóra við mannvirkjagerð, þá er samt nauðsynlegt að fjalla um þær reglur skaðabótaréttarins sem tengjast ábyrgð byggingarstjóra enda mun stærsti hluti meginmáls snúa að ábyrgð hans við mannvirkjagerð. Í eftirfarandi kafla verður fjallað um þær reglur sem skipta mestu máli fyrir komandi umfjöllun.

Í skaðabótarétti er gjarnan talað um skaðabætur vegna tjóns sem einhver verður fyrir, en tjón má skilgreina sem eyðileggingu eða skerðingu lögvarinna hagsmuna, bæði fjárhagslegra og ófjárhagslegra. Með tjóni getur verið að ræða skemmdir á hlut, fasteignum eða lausafé en tjón getur einnig falist í tjóni á líkama, hvort sem það er andlegt eða líkamlegt.² Skaðabótarétturinn snýst um að finna út hvort bótagrundvöllur sé fyrir hendi, þ.e.a.s. einhver skaðabótareglana sem íslenskur réttur viðurkennir og hvaða bætur séu hæfilegar til þess að bæta það tjón sem aðili verður fyrir.³ Sú venja hefur lengi verið við líði að skaðabótaréttinum sé skipt í annað hvort tjón utan eða innan samninga. Í þessu felst að annars vegar getur skaðabótaábyrgð vaknað vegna vanefnda á samning, en þá er gjarnan talað um svokallaða samningsábyrgð og hins vegar atvik þar sem ekkert samningssamband er á milli aðila.⁴

Samkvæmt skilgreiningum fræðimanna hefur reglum um bótagrundvöll verið skipt í fjóra hluta, sakarregluna, reglur um hlutlaga ábyrgð, vinnuveitandaábyrgð og sakarlíkindaregluna. Komandi umfjöllun mun leitast við að skýra og gera grein fyrir bæði sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð þar sem þær tengjast viðfangsefninu

² Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 37.

³ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 38.

⁴ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 45.

sérstaklega, annars vegar sakarreglan í tengslum við bótagrundvöllinn og hins vegar reglan um vinnuveitandaábyrgð í tengslum við mögulegt álitamál varðandi þá sem geta tekið að sér starf byggingarstjóra sem lögaðili.

2.2. Sakarreglan

Hin ólögfasta sakarregla hefur almennt verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með sagnæmum og ólögmetum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.⁵

Í flestum tilfellum er bótagrundvöllur skaðabótamála hér á landi byggður á framangreindri reglu og eðli málsins samkvæmt er hún talin vera ein mikilvægasta regla skaðabótaréttarins.⁶ Líkt og skilgreiningin ber með sér þurfa þau atriði sem þar eru nefnd að eiga við svo hægt sé að beita reglunni en til þess að útskýra sakarregluna með sem einföldustum hætti má segja, að með því að beita henni er reynt að ákvarða með hvaða hætti aðili hefði átt að haga sér í þeim aðstæðum sem leiddu til tjóns. Markmiðið er að finna út með almennum hætti hvort ákveðin háttsemi sé rétt, burt séð frá eigin skoðunum eða mati tjónvalds og af þeim sökum er matið hlutlægt fremur en huglægt.⁷

Fyrsta skilyrði reglunnar felur í sér að háttsemi sem leiðir til tjóns hafi verið viðhöfð með sagnæmum hætti, annað hvort af ásetningi eða gáleysi, en þýðing flokkunar á ásetningi, almenns og stórkostlegs gáleysis hefur aukist á síðustu árum vegna lagasetningar sem beinlínis krefst ákveðins stigs af gáleysi.⁸ Þessi flokkun tengist einmitt núgildandi mannvirkjalögum nr. 160/2010 en að þessu verður vikið síðar í ritgerðinni. Alla jafnan nægir að sýna fram á almennt gáleysi til þess beita sakarreglunni og því óþarft að fjalla sérstaklega um hugtakið ásetning í samhengi þessarar ritgerðar, hins vegar er eðlilegt að fjalla stuttlega um hugtakið gáleysi. Þrátt fyrir að engin ein skilgreining sé til á hugtakinu hafa fræðimenn freistað þess að skýra það með ýmsum hætti. Í skaðabótarétti hefur það meðal annars verið skilgreint með eftirfarandi hætti:

Tjóni er valdið af gáleysi ef háttsemi tjónvalds hefur, vegna þess að hann hefur ekki sýnt þá varkárni sem ætlast mátti til af honum, vikið frá því sem telja má viðurkennda háttsemi samkvæmt því sem ákveðið er í lögum, fordæmum, venju eða eftir öðrum viðmiðum í skaðabótarétti.⁹

⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 93.

⁶ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 138.

⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 95.

⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 110.

⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 102.

Hér áður fyrr var algengt að beita svokölluðum Bonus pater mælikvarða en í dag er regluverk okkar orðið svo ítarlegt að á mörgum sviðum er kveðið nákvæmlega á um hvernig viðkomandi á að hegða sér.¹⁰ Annað skilyrði reglunnar felur í sér að háttsemi þarf að vera ólögmæt en fræðimönnum hefur þótt erfitt að skilgreina hugtakið. Sé horft á hugtakið með neikvæðum hætti er átt við að tjón sem valdið er, telst ekki ólögmætt, ef hægt er að réttlæta háttsemina með hlutlægum eða huglægum ábyrgðarleysisástæðum, t.d. neyðarvörn, samþykki eða áhættutöku.¹¹ Þriðja skilyrðið um verndarandlag verður ekki afmarkað með einum ákveðnum hætti en í grunninn felur hugtakið í sér að aðili getur ekki átt kröfu til skaðabóta með því að brjóta gegn réttarreglum ríkisins.¹² Fjórða skilyrðið tekur á því að orsakasamband þarf að vera á milli háttseminar tjónvalds og því tjóni sem tjónþoli verður fyrir. Hér í næsta undirkafla verður reglu skaðabótaréttarins um sérfræðiábyrgð gerð sérstök skil.

2.3. Sérfræðiábyrgð

Hér á árum áður var hugtakið sérfræðiábyrgð ekki svo fyrirferðarmikið á sviði skaðabótaréttarins en í dag má segja að sérfræðiábyrgð eigi við alla þá aðila sem hafa nælt sér í starfsþjálfun eða fræðilega menntun á ákveðnu sviði ef þeir svo nýta þá þekkingu til þess að bjóða upp á þjónustu eða ráðgjöf.¹³ Talið er að það sé nægilegt að aðili haldi því fram að hann sé sérfræðingur á ákveðnu sviði ef hann svo selur þjónustu á þeim forsendum.¹⁴ Sérfræðiábyrgð er í raun ákveðin beiting á sakarreglunni sem verður til þess að aðili ber strangari ábyrgð. Þegar rætt er um sérfræðiábyrgð þá er í raun verið að beita sakarreglunni á þann hátt að sakarmatið er gert strangara, reglan felur samt sem áður ekki í sér að að ábyrgðin sé hlutlæg.¹⁵ Megininntak sérfræðiábyrgðar felur í sér að meiri kröfur eru gerðar til faglegra og vandaðra vinnubragða sérfræðinga og að þeir sýni sérstaklega mikla aðgæslu.¹⁶ Þegar sakarreglunni er beitt á sviði sérfræðiábyrgðar eiga eftirfarandi sjónarmið við:

Í fyrsta lagi, að gerðar séu ríkari kröfur til hins hlutlæga þáttar, þ.e. það eru gerðar ríkari kröfur um tiltekna athafnir, eða að menn sýni meiri aðgæslu eða vandvirkni en almennt yrðu gerðar kröfur til eða hegði sé ella með öðrum hætti

Í öðru lagi, að gerðar séu ríkari kröfur til þess, hvað maður sá eða mátti sjá um afleiðingar háttseminar sinnar. Sérfræðingurinn á þannig að gera sér betur en aðrir

¹⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 107.

¹¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 71.

¹² Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 319.

¹³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 573.

¹⁴ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 573.

¹⁵ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 503.

¹⁶ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 504.

grein fyrir því tjóni sem af verkum hans getur leitt, ef hann fylgir ekki þeim reglum í starfsemi sinni sem gera má kröfur um.

Í þriðja lagi er sönnunarreglum stundum beitt með þeim hætti að hliðrað er til um sönnun, tjónþola í vil. Á sú tilhliðrun sér einkum stað með þrennum hætti, þ.e. með frávikum frá sönnun um atvik að tjóni, frávikum frá sönnun um tjón og frávík frá sönnun um orsakatengsl.¹⁷

Líkt og komandi umfjöllun í meginmáli þessarar ritgerðar mun bera með sér þá er vægi sérfræðiábyrgðar í tengslum við ábyrgð byggingarstjóra nokkuð mikilvægt. Í kafla 4.8. verður fjallað nánar um regluna í tengslum sakarmat byggingarstjóra en hér í næsta kafla verður vikið að reglunni um vinnuveitandaábyrgð.

2.4. Vinnuveitandaábyrgð

Í sinni einföldustu mynd felur reglan um vinnuveitandaábyrgð í sér, að vinnuveitandi getur borið skaðabótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður veldur við störf sín, með saknæmum og ólögnum hætti. Helstu röksemdir fyrir tilveru reglunnar um vinnuveitandaábyrgð byggjast á því, að það er vinnuveitandinn sem hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta og því sé réttast að líta á vinnuveitanda og starfsmenn hans sem eina heild. Í mörgum tilfellum, en þó ekki öllum, er vinnuveitandi einnig í betri stöðu til þess að takast á við fjárhagslegan kostnað sem fylgir skaðabótaábyrgð.¹⁸ Ástæða þess að hér hefur sérstaklega verið fjallað um vinnuveitandaábyrgð með almennum hætti er sú, að samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010 kemur reglan til skoðunar í tengslum við þá aðila sem geta tekið að sér starf byggingarstjóra. Eitt helsta álitamál sem tengist reglunni um vinnuveitandaábyrgð er það, að í ákveðnum tilfellum kemur til álita hvort starfsmaður geti einnig verið skaðabótaskyldur ásamt vinnuveitanda en um þetta verður fjallað betur í kafla 6.3.

2.5. Vátryggingaréttur

Ástæða þess að hér er fjallað sérstaklega um vátryggingarrétt orsakast af þeirri tengingu sem vátryggingar hafa á svið mannvirkjagerðar. Í bæði 8. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 5. gr. reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014 er kveðið á um skyldu byggingarstjóra um að hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem gildi að minnsta kosti í 5 ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði.

Í gegnum tíðina hefur fræðimönnum reynst erfitt að skilgreina hugtakið vátrygging með einum ákveðnum hætti í ljósi þess að merking orðsins getur verið mismunandi eftir aðstæðum hverju

¹⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 573.

¹⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 264.

sinni.¹⁹ Ein af betri skilgreiningum hugtaksins er eftirfarandi, „Vátrygging er starfsemi, sem miðast við að yfirtaka í miklum mæli áhættu af atvikum gegn endurgjaldi, sem ákveðið er á grundvelli tölfræðilegra útreikninga eða á viðskiptalegu mati á umfangi áhættunnar.“²⁰ Í eðli sínu fela vátryggingar því í sér að einstaklingur eða aðili er tilbúinn til þess að inna ákveðna greiðslu af hendi til þess að tryggja sig fyrir mögulegu tjóni sem hann kann að geta orðið fyrir í framtíðinni. Ábyrgðartryggingar geta bæði verið teknar af eigin frumkvæði aðila en þá er gjarnan rætt um frjálsa ábyrgðartryggingu en lögum samkvæmt getur einnig hvílt skylda á aðila að hafa ábyrgðartryggingu vilji hann sinna tilteknum störfum.²¹ Ástæða þess að lög kveða gjarnan á um slíka skyldu, byggist á því að löggjafinn vill tryggja að undir ákveðnum kringumstæðum eigi tjónþoli sannanlega að fá tjón sitt bætt með öruggum hætti. Lögboðnar og frjálsar ábyrgðartryggingar eru því frábrugðnar öðrum tryggingum í ljósi þess að þeim er ætlað að tryggja tjón þriðja manns en ekki þess aðila sem tekur vátrygginguna.²²

Löggjafinn hefur metið það svo að við mannvirkjagerð þurfi ákveðnir aðilar, þ.e.a.s. hönnuðir og byggingarstjórar þurfi að verða sér úti um starfsábyrgðartryggingu eigi þeir að geta tekið að sér framangreind störf. Það liggur því fyrir að skaðabótarétturinn og vátryggingarrétturinn helst þétt í hendur við frekari skoðun á ábyrgð og skyldum byggingarstjóra við mannvirkjagerð. Í næsta kafla verður fjallað um aðra aðila en byggingarstjóra sem koma að mannvirkjagerð.

3. Almennt um ábyrgð aðila við mannvirkjagerð

Fram hefur komið að markmið þessarar ritgerðar er að velta upp þeim breytingum sem áttu sér stað á hlutverki, skyldum og ábyrgð byggingarstjóra í kjölfar þess að lög um mannvirki nr. 160/2010 tóku við af skipulags og byggingarlögum nr. 73/1997. Áður en megin umfjöllun ritgerðarinnar fer fram er nauðsynlegt að fjalla um þá aðila sem koma að mannvirkjaframkvæmdum með almennum hætti.²³

3.1. Almennt um eiganda

Í 15. gr. mannvirkjalaga er fjallað um ábyrgð eiganda mannvirkis og í 1. mgr. sömu greinar er kveðið á um að eigandi sé ábyrgur fyrir því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkjaframkvæmda sé kröfum laga og reglugerða fylgt. Í 2. mgr. 15. gr. er svo fjallað um að eigandi skuli hafa eftirlit með þeim sem starfa fyrir hann við að reka, hanna og byggja

¹⁹ Eiríku Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 32.

²⁰ Eiríku Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 32.

²¹ Eiríku Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 423.

²² Eiríku Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 423

²³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 262.

mannvirkið. Samkvæmt 3. mgr. 15. greinar ber eiganda einnig að sjá til þess að lögboðið eftirlit fari fram við byggingu mannvirkis. Í 2. mgr. er þó kveðið á um að eftirlitskyldur eiganda færist yfir til annars vegar hönnunarstjóra og hins vegar byggingarstjóra. Í 4. mgr. eru þeir aðilar taldir upp sem geta talist sem eigendur en það eru, lóðarhafi óbyggðrar lóðar, umsækjandi byggingarleyfis, byggingarleyfishafi og eigandi mannvirkis í byggingu. Eigandi ber jafnframt ábyrgð á þeim framkvæmdum sem ekki þarfnast byggingarleyfi samkvæmt gr. 2.3.6 byggingarreglugerðar nr. 112/2012 ásamt því að virða reglur nábylisréttar. Ákvæði 15. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 fela í sér nýmæli frá skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 enda var hvergi fjallað um ábyrgð eiganda með beinum hætti fyrir gildistöku mannvirkjalaga og af þeim sökum ríkti ákveðin óvissa um hver ábyrgð eiganda væri í samhengi við ábyrgð annarra aðila, þar á meðal byggingarstjóra.²⁴

Af framangreindu leiðir að ábyrgð og skyldur eiganda færast meðal annars yfir til byggingarstjóra.

3.2. Almennt um iðnmeistara

Þeir aðilar sem gjarnan eru kallaðir iðnmeistarar eru í raun þeir aðilar sem búa til þau mannvirki sem aðilar hyggjast byggja. Iðnmeistarar er til dæmis húsasmíðameistarar, múrarmeistarar og pípulagningameistarar. Eðli málsins samkvæmt eru hlutverk þessara aðila misjöfn, húsasmiður sér til dæmis um trésmíðavinnu á mannvirki, uppslátt með steypumótum, ísetningu á gluggum og frágang á einangrun.²⁵ Múrarmeistarar sjá til dæmis um meðhöndlun á steypu, múrhúðun og flísalögn og pípulagningameistarar sjá meðal annars um frárennislagnir, uppsetningu hreinlætistækja og lagningu hitakerfa.²⁶ Að mannvirkjagerð koma að sjálfsögðu fleiri aðilar líkt og rafvirkjar og málárar en segja má að hver og einn þeirra búi yfir ákveðinni sérþekkingu og reynslu sem gerir þeim kleift að sjá um afmarkaða þætti við mannvirkjagerð. Þeir iðnmeistarar sem koma að uppbyggingu mannvirkis taka að sér ákveðna ábyrgð en um ábyrgð iðnmeistara var sértaklega fjallað í 52. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í dag er mælt fyrir um ábyrgð þeirra í 32. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í athugasemdum með frumvarpi til mannvirkjalaga er tekið fram að hið nýja ákvæði sé mjög svipað og þágildandi 52. gr. en þó nokkuð skýrara. Ein af þeim breytingum sem átti sér stað, er að í dag er skýrlega kveðið á um hvaða iðnmeistarar þurfa að staðfesta ábyrgð sína samkvæmt 1. mgr. greinarinnar en sú upptalning kom áður fram í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í athugasemdum kemur einnig

²⁴ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir við 15. gr.

²⁵ Byggingarreglugerð nr. 112/2012 gr. 4.10.3.

²⁶ Byggingarreglugerð nr. 112/2012 gr. 4.10.4 og 4.10.5.

fram að orðalag 2. mgr. 32. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 um ábyrgð iðnmeistara sé sambærilegt orðalagi 1. mgr. 52. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þó hefur sú breyting orðið á, að í mannvirkjalögum kemur einungis fram að iðnmeistarar beri ábyrgð gagnvart eiganda mannvirkis en í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 var kveðið á um að iðnmeistari bæri jafnframt ábyrgð gagnvart byggingarstjóra.²⁷ Þess ber að geta að á iðnmeisturum hvílir ekki skylda að hafa lögboðna ábyrgðartryggingu líkt og byggingarstjórum og hönnuðum er skylt að hafa. Í kafla 4. hér á eftir verður meðal annars fjallað um samspil ábyrgðar byggingarstjóra á verk sviði iðnmeistara í ljósi þess að byggingarstjóra er ætlað að hafa eftirlit með þeim iðnmeisturum sem að verki koma. Við þá skoðun er því mikilvægt að hafa í huga hversu ólík verkefni iðnmeistara geta verið.

3.3. Almennt um byggingarfulltrúa

Ákvæði um byggingarfulltrúa í mannvirkjalögum nr. 160/2010 koma fram í 8. gr. laganna og í 1. mgr. er kveðið á um að í öllum sveitarfélögum skuli vera starfandi byggingarfulltrúi sem hafi eftirlit með mannvirkjaframkvæmdum sbr., 1. og 2. mgr. 9. gr. Í athugasemdum með frumvarpi til mannvirkjalaga nr. 160/2010, undir kaflanum reynsla af framkvæmda skipulags- og byggingarlaga kemur eftirfarandi fram:

Undanfarin missiri hafa einkennst af spennu á byggingarmarkaði og sjaldan eða aldrei hefur eins mikið verið byggt á eins stuttum tíma. Heyrst hafa raddir um fleiri galla í mannvirkjum m.a. vegna aukins hraða við byggingarframkvæmdir þó að ekki liggi fyrir neinar rannsóknir sem staðfesta það. Allt þetta kallar á að settar séu skýrar reglur til að tryggja öryggi og heilnæmi mannvirkja, að gerðar séu kröfur um hæfni og öguð vinnubrögð þeirra sem að mannvirkjagerðinni koma og síðast en ekki síst að markvisst og faglegt byggingareftirlit fari fram. Á sama tíma þarf jafnframt að gæta þess að eftirlitið sé einfalt og ekki kostnaðarsamara eða flóknara en þörf krefur og að nýtt séu þau tæki sem tiltæk eru í nútímasamfélagi. Þó að í gildandi lögum hafi verið leitast við að tryggja framangreint þá kalla breyttir tímar á ýmsar breytingar í lagaumhverfi mannvirkjagerðar. Við endurskoðun byggingarþáttar skipulags- og byggingarlaga hefur verið leitast við að mæta framangreindum þörfum m.a. með því að setja ákvæði sem heimilar sveitarfélögunum með samþykkt að starfrækja byggingarnefnd, í stað þess að gera þeim það skylt, og veita byggingarfulltrúa almennt umboð til að gefa út byggingarleyfi fyrir tilteknum mannvirkjum, auk þess sem strangar kröfur eru gerðar til faglegrar hæfni byggingarfulltrúa.²⁸

Í athugasemdum með frumvarpinu um helstu nýmæli laganna kemur einnig fram að byggingareftirlit verði að meginstefnu til áfram í höndum sveitarfélaganna en hlutverk sveitarfélaganna felist í því að ráða byggingarfulltrúa sem sinni bæði eftirliti við

²⁷ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir við gr. 32 gr., mgr. 3.

²⁸ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál.

byggingarframkvæmdir ásamt því að gefa út byggingarleyfi. Þá er einnig vísað til þess að sú framkvæmd hafi verið viðhöfð að flest verkefni hafi í raun ávallt verið á höndum byggingarfulltrúa.²⁹ Í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 var fjallað um hlutverk byggingarfulltrúa í 40. gr. laganna en segja má að nú hafi verið skerpt töluvert á ákvæðunum í ljósi þess að byggingarfulltrúi er sá sem raunverulega sinnir hinu reglubundna eftirliti.

Eðli málsins samkvæmt er það því yfirleitt byggingarfulltrúi sem þarf að sjá til þess að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis liggi fyrir en undir ákveðnum kringumstæðum fellur sú skylda á Mannvirkjastofnun.³⁰ Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis er einkum að finna í 13. gr. mannvirkjalaga og í 4. tl. 1. mgr. sömu greinar er kveðið á um að byggingarstjóri þurfi að hafa afhent útgefanda leyfis undirritaða yfirlýsingu þess efnis að hann muni ábyrgjast verkið. Í samhengi ritgerðarinnar er ekki nauðsynlegt að tiltaka sérstaklega önnur skilyrði greinarinnar en í 16. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er einnig fjallað um hlutverk útgefanda byggingarleyfis. Hlutverk hans felst m.a. í því að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir og að hafa eftirlitið með úttektum.

3.4. Almennt um hönnuði

Segja má að hönnuðir gegni að vissu leiti mjög mikilvægu hlutverki við mannvirkjagerð enda ber þeim að tryggja að mannvirki séu hönnuð á faglegan hátt og í samræmi við venjur, staðla og ákvæði laga og reglugerða.³¹ Samkvæmt ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 sem og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 felst hlutverk hönnuða í því að skila af sér uppdráttum og öðrum fylgiskjölum. Þeir sem ekki hafa þekkingu eða reynslu af byggingarframkvæmdum eiga mögulega erfitt með að átta sig á hvað nákvæmlega felst í þessum hugtökum.

Hægt er að útskýra hlutverk hönnuða með svipuðum hætti og börn sem byggja hús með legokubbum. Með legokubbum fylgja ávallt leiðbeiningar sem maður þarf byggja eftir, eigi hluturinn að koma heim og saman í réttum hlutföllum. Með sama hætti útbúa hönnuðir, hvort sem það eru arkitektar, rafiðnfræðingar eða verkfræðingar leiðbeiningar í formi teikninga og útdrátt sem iðnmeistarar vinna eftir. Þessar teikningar geta átt við um burðarþol mannvirkis, rafmagnslagnir, lóðaruppdrátt og fleiri atriði. Sé þessum leiðbeiningum ekki fylgt getur mannvirki tekið á sig ranga mynd, gallar geta komið fram eða bygging uppfyllir mögulega ekki skilyrði laga og reglugerða.

Um hönnuði og ábyrgð þeirra er fjallað í 23. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 en vilji aðili sækjast eftir byggingarleyfi ber honum að tilnefna hönnunarstjóra sem ber að hafa umsjón

²⁹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir í kafla 4.

³⁰ Lög um mannvirki nr. 160/2010, 3. mgr. 9. gr.

³¹ Lög um mannvirki nr. 160/2010, 1. mgr. 22. gr.

og bera ábyrgð á því að samræming hönnunargagna fari fram.³² Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laganna felst ábyrgð hönnuðar í því, að tryggja að hönnun sé faglega unnin og uppfylli þær kröfur sem lög og reglur gera ráð fyrir. Í 25. gr. laganna er svo fjallað um þá aðila sem hafa heimild til þess að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis. Óþarft er að telja þá aðila upp með tæmandi hætti en þetta geta meðal annars verið arkitektar, verkfræðingar og byggingafræðingar. Þessir aðilar þurfa að uppfylla skilyrði 26. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 til þess að geta hlotið löggildingu. Í 6. mgr. 23. gr. laganna er svo kveðið á um, að hönnuður skuli hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Hér í næsta kafla verður fjallað sérstaklega um hlutverk skyldur og ábyrgð byggingarstjóra en þær koma sérstaklega til skoðunar í tengslum við eftirlit byggingarstjóra með hönnunargögnum. Hér síðar í fjórða kafla ritgerðarinnar verður því vikið að því hver skilin eru á milli ábyrgðar byggingarstjóra og hönnuða og hvort eitthvað hafi breyst í þeim efnum með gildistöku mannvirkjalaga nr. 160/2010. Það er því mikilvægt að hafa framangreinda umfjöllun til hliðsjónar hér á eftir.

4. Hlutverk skyldur og ábyrgð byggingarstjóra þá, og nú

Í þessum kafla verður leitast við að svara þeirri spurningu sem velt er upp hér í inngangi ritgerðarinnar um hvort, og þá hvaða breytingar hafa orðið á hlutverki, skyldum og ábyrgð byggingarstjóra frá því að lög um mannvirki nr. 160/2010 tóku við af skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Til þess að hefja þá umfjöllun er því réttast að skoða þróun löggjafarinnar í árunna rás og í kjölfarið líta til dómaframkvæmdar og reyna draga ályktanir eða velta upp mögulegum óljósum atriðum sem gilda um störf og ábyrgð byggingarstjóra.

4.1. Þróun löggjafar

Hér á Íslandi má segja að raunveruleg byggingarstarfsemi hafi byrjað fremur seint ef tekið er mið af öðrum þjóðum Evrópu, enda var framþróun þar töluvert hraðari en hér á landi. Þrátt fyrir að byggingarstarfsemi hafi vaxið hratt á síðustu öld voru fyrstu heildarlögin sem tóku á málefnum byggingarlög nr. 54/1978. Fyrir þann tíma höfðu ólíkar reglur verið í gildi á milli byggingarframkvæmda í dreifbýli og þéttbýli. Ástæðan fyrir setningu byggingarlaga fólst m.a. í því að bein lagaákvæði um byggingarmálefni voru orðin úrelt og gömul, auk þess sem það þótti æskilegt að sömu lögin giltu fyrir allt landið.³³ Í V. kafla byggingarlaga nr. 54/1978 komu fram nýmæli um að heimilt væri að skipa einn ábyrgan aðila sem byggingarstjóra við mannvirkjagerð.³⁴ Í athugasemdum með framvarpi til byggingarlaga kom m.a. fram um 16. gr.,

³² Lög um mannvirki nr. 160/2010, 4. mgr. 23. gr.

³³ Alþt. 1977, A-deild, þskj. 14 - 14. mál.

³⁴ Byggingarlög nr. 54/1978, 1. mgr. 16. gr.

að nágrannaþjóðir hafi sett sambærileg ákvæði um byggingarstjóra, þar sem einum aðila væri falið að vera svokallaður framkvæmdastjóri við byggingarframkvæmdir. Honum bæri að bera ábyrgð gagnvart bæði byggingaryfirvöldum og þeim sem stæðu fyrir framkvæmdum. Í athugasemdum um 16. gr. kom einnig fram að uppi væru raddir sem teldu að slíkt fyrirkomulag myndi fela í sér hækkun á byggingarkostnaði. Þeim sjónarmiðum var vísað á bug á þeim grundvelli að það væru í raun sjálfir húsasmíða- og múrarmeistarar sem tækju að sér umrætt hlutverk.³⁵ Hlutverk byggingarstjóra samkvæmt byggingarlögum nr. 54/1978 fólst í því að byggt væri í samræmi við bæði lög og samþykktu uppdretti og að byggingarstjóra bæri að samþykkja ráðningu iðnmeistara. Í framangreindum lögum var ekki vísað með nánari hætti um hvert hlutverk byggingarstjóra væri.³⁶

Árið 1996 var lagt fram frumvarp til skipulags- og byggingarlaga í kjölfar þess að sveitarfélög á landinu höfðu kallað eftir endurskoðun laganna til þess að einfalda málsmeðferð á þessu sviði. Að lokum voru skipulags- og byggingarlög sameinuð í einn lagabálk með lögum nr. 73/1997. Megin endurskoðun laganna snéri að skipulagshlutanum en hins vegar átti sér stað mikil breyting er snéri að ákvæðum um byggingarstjóra. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kom meðal annars fram að reglur um byggingarstjóra yrðu hertar.³⁷ Með lögnum voru sett skilyrði fyrir því að byggingarstjóri væri ábyrgur við gerð flest allra mannvirkja, staða byggingarstjóra byggði því ekki lengur á heimild heldur skyldu. Að sama skapi var ábyrgðatrygging hönnuða og byggingarstjóra einnig gerð að skyldu og tekið var á því hvernig haga skyldi málum ef byggingarstjóri hætti í miðju verki.³⁸ Ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 voru hins vegar að mörgu leyti samhljóða byggingarlögum nr. 54/1978 en af augljósum ástæðum var vægi laganna í tengslum við byggingarstjóra mun meira í ljósi þess að nú var orðin skylda að hafa byggingarstjóra.

Árið 2011 tóku hins vegar í gildi lög um mannvirki nr. 160/2010 sem fólu í sér töluverða breytingu á öllu því sem tengist mannvirkjagerð en með lögnum var sérstaklega reynt að útskýra ábyrgð aðila við mannvirkjagerð með betri hætti. Í athugasemdum með frumvarpi laganna undir kaflanum reynsla af framkvæmd skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 kom meðal annars eftirfarandi fram:

Hvað varðar ákvæði um byggingarstjóra þá hafa þau ekki alltaf virkað sem skyldi þó að almennt hafi þeirri skyldu verið fylgt eftir að einn byggingarstjóri stýri hverju byggingarleyfisskyldu verki. Bæði hefur hlutverk þeirra að nokkru leyti verið óljóst og deilt hefur verið um umfang ábyrgðar þeirra, en í lögnum segir að þeir beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdretti, lög

³⁵ Alþt. 1977, A-deild, þskj. 14 - 14. mál.

³⁶ Byggingarlög nr. 54/1978 19. gr.

³⁷ Alþt. 1996, A-deild, þskj. 101 - 98. mál, athugasemdir við 54. gr.

³⁸ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir í kafla 2.

og reglugerðir. Hefur m.a. verið deilt um stöðu byggingarstjóra gagnvart iðnmeisturum, þ.e. hvort og þá að hvaða marki byggingarstjóri beri ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara. Í framkvæmd hefur byggingarstjórn oftast en ekki verið eins konar aukastarf eins af iðnmeisturum verksins. Í frumvarpi þessu er leitast við að skýra hlutverk byggingarstjórans betur og lögð er áhersla á hlutverk hans sem faglegur fulltrúi eiganda mannvirkis, við framkvæmd innra eftirlits og samskipti við hönnuði, iðnmeistara og byggingaryfirvöld.³⁹

Framangreint orðalag gefur til kynna að löggjafinn hafi metið það svo að ákvæði um byggingarstjóra samkvæmt skipulags- og byggingarlögum væru ekki nægilega skýr og af þeim sökum eru ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 um byggingarstjóra mun ítarlegri en áður var. Á fleiri stöðum í athugasemdum með frumvarpinu er einnig lögð áhersla á að töluverður ágreiningur hafi verið um hvert hlutverk byggingarstjóra raunverulega væri.⁴⁰ Í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 var fjallað um hlutverk, skyldur og ábyrgð byggingarstjóra í sex málsgreinum 51. gr. laganna og í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í dag er hins vegar fjallað um sömu atriði í fimm greinum mannvirkjalaga nr. 160/2010 og hlaupa málsgreinar þeirra á tugum. Að sama skapi er í dag fjallað um byggingarstjóra í fjórða kafla byggingarreglugerð nr. 112/2012.

4.2. Samanburður á ákvæðum um byggingarstjóra milli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og mannvirkjalaga nr. 160/2010

Samkvæmt núgildandi mannvirkjalögum nr. 160/2010 er byggingarstjóri skilgreindur sem faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð en áður var talað um byggingarstjóra sem framkvæmdastjóra byggingarframkvæmda.⁴¹ Fjallað er almennt um byggingarstjóra í 27. gr. en í 3 mgr. greinarinnar er að finna mikilvægt ákvæði sem kveður á um, að byggingarstjóra sé óheimilt að taka að sér ábyrgð á hönnun eða öðrum verkþáttum við framkvæmdir. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kom eftirfarandi fram um ákvæðið:

Er þetta nokkur breyting frá núverandi framkvæmd þar sem algengt er að byggingarstjóri og húsasmíðameistari byggingar séu einn og sami maðurinn. Hefur þetta valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd og óvissu um skiptingu ábyrgðar milli byggingarstjóra og iðnmeistara. Þessi breyting er talin nauðsynleg ekki síst í ljósi þess hlutverks byggingarstjórans að gæta hagsmuna eigandans, m.a. gagnvart hönnuðum og iðnmeisturum. Er því talið nauðsynlegt að um sjálfstæðan aðila sé að ræða. Undanþága frá þessu er þó heimil þegar um er að ræða minni háttar mannvirkjagerð til eigin nota en þá getur eigandi falið

³⁹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál.

⁴⁰ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir í kafla 4., „Gert er ráð fyrir því að byggingarstjóri gegni áfram mikilvægu hlutverki við byggingarframkvæmdir, sé faglegur fulltrúi eiganda og sjái um samskipti við yfirvöld, hönnuði, iðnmeistara og aðra sem að mannvirkjagerð koma. Leitast er við að skýra nákvæmlega hvert sé hans hlutverk en um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hingað til eins og áður segir.“

⁴¹ sbr. lög um mannvirki nr. 160/2010, 2. mgr. 27. gr., og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, 3. mgr. 51. gr.

einum af iðnmeisturum eða hönnuðum mannvirkisins byggingarstjórn þess enda hafi sá aðili starfsleyfi sem slíkur.⁴²

Þessu samkvæmt má draga þá ályktun að löggjafinn sé að undirstrika mikilvægi þess að eftirlit byggingarstjóra sé sjálfstætt. Í 28. gr. er fjallað um skilyrði starfsleyfis byggingarstjóra, en þeir aðilar sem geta tekið að sér starfið eru meðal annars húsasmíðameistarar, múrarmeistarar, verkfræðingar, arkitektar og byggingarfræðingar. Í 29. gr. laganna er fjallað um ábyrgð og verksvið byggingarstjóra og byggingarstjóraskipti í 30. gr. laganna. Í 31. gr. er einnig að finna nýtt ákvæði sem kveður á um að byggingarstjóra ber að hafa gæðastjórnendakerfi þar sem hæfi viðkomandi er skráð. Í kerfið ber byggingarstjóra svo að skrá niður samskipti sín við byggingaryfirvöld, halda skrá um athugasemdir við störf iðnmeistara og hönnuða sem og annað innra eftirlit. Með ákvæðinu er því lögð áhersla á að byggingarstjóri haldi vel utan um eftirlitsstörf sín. Í komandi umfjöllun verður lögð megináhersla á að bera saman ákvæði 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 við 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 en þó verður einnig fjallað sérstaklega um fyrrnefndar greinar laganna í öðrum köflum ritgerðarinnar.

Í 3. og 4. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var fjallað um hlutverk, skyldur og ábyrgð byggingarstjóra en sambærileg ákvæði var að finna í 32. og 35. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Í 3. gr. laganna sagði orðrétt:

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. **Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykta uppdrætti, lög og reglugerðir.** Hann skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.⁴³

Samkvæmt orðalagi ákvæðisins fólst skylda byggingarstjóra í því að ábyrgjast að mannvirki væru byggð í samræmi við lög, reglugerðir og samþykta uppdrætti og samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins var byggingarstjóra einnig skylt að tilkynna byggingarfulltrúa um úttektarskylda verkþætti. Við lok hverra framkvæmda bar byggingarstjóra svo sérstaklega að staðfesta að byggt hafi verið eftir framangreindum skilyrðum. Sambærileg ákvæði var einnig að finna í 2. kafla byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Segja má að orðalag 3. mgr. 51. gr. laganna hafi ekki verið mjög ítarlegt um hvaða

⁴² Alþt. 2010-2011, A-deild. Þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir við gr. 27., 3. mgr.

⁴³ [Allar feilletranir í texta þessarar ritgerðar eru höfundar]

skyldur féllu raunverulega á herðar byggingarstjóra sem væri ætlað að tryggja að mannvirki myndu uppfylla framangreind skilyrði. Í 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er fjallað um skyldur og ábyrgð byggingarstjóra í átta málsgreinum. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. er það ennþá hlutverk byggingarstjóra að ráða eða samþykkja ráðningu iðnmeistara. Samkvæmt 2. mgr. skal byggingarstjóri sjá um öll samskipti við eftirlitsaðila, hönnuði, iðnmeistara sem og aðra aðila ásamt því að afla nauðsynlegra heimilda til þess að framkvæmdir geti hafist. Samkvæmt 3. mgr. ber byggingarstjóra að yfirfara hönnunargögn og taka ákvörðun um túlkun eða ágreining vegna slíkra gagna. Samkvæmt 4. mgr. skal byggingarstjóri sjá til þess að iðnmeistarar vinni eftir nýjustu útgáfu hönnunargagna sem hafa verið samþykkt, en það var talið mikilvægt að taka þetta sérstaklega fram í ljósi þess að oft kemur fyrir að hönnunargögnum sé breytt eftir því sem framkvæmdum vindur fram.⁴⁴ Í eldri lögum var hvergi kveðið á um þessi hlutverk byggingarstjóra sem fram koma í 2., 3. og 4. mgr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, jafnvel þó byggingarstjórar hafi gjarnan gætt að þessum atriðum á sínum tíma. Þarna hefur löggjafinn hins vegar sett hlutverk byggingarstjóra í ákveðin ramma og skyldum hans líst með skýrari hætti.

Í 5. mgr. er svo að finna eitt mikilvægasta ákvæði laganna sem snýr að byggingarstjóra en þar er fjallað um eftirlitsskyldur byggingarstjóra og kveðið á um meðábyrgð hans á göllum sem koma fram á mannvirkjum sem rekja má til vanrækslu iðnmeistara eða hönnuða. Að sama skapi er fjallað um hvernig byggingarstjóri geti komið sér undan ábyrgð með því að upplýsa og óska eftir úrbótum á verki sem hann telur gallað.⁴⁵ Í 6. mgr. er svo kveðið á um að skyldu byggingarstjóra á að annast áfangaúttektir og að tilkynna eftirlitsaðila um lok úttektarskyldra verkþátta en þetta felur í sér töluverða breytingu frá ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þar sem úttektir voru framkvæmdar af útgefanda byggingarleyfis en ekki byggingarstjóra.⁴⁶ Í 7. mgr. er að finna ákvæði sem kveður líkt og 5. mgr. um ábyrgð byggingarstjóra gagnvart bæði eiganda og þriðja manni en þar er einnig vísað til þess að byggingarstjóri sé ekki ábyrgur fyrir faglefum frágangi iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar eða aðrir standi við samningsskuldbindingar sínar gagnvart eiganda. Í 8. mgr. er svo fjallað um skyldu byggingarstjóra um að hafa starfsábyrgðartryggingu og að skaðabótakröfur á hendur honum fyrnist samkvæmt lögum um fyrningu.

Það gefur því auga leið að ákvæði um skyldur byggingarstjóra eru nú orðin ítarlegri en áður var samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nú er sérstaklega

⁴⁴ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir við 29. gr., mgr. 4.

⁴⁵ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir við 29. gr., mgr. 5.

⁴⁶ Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 4. mgr. 51. gr.

fjallað um að byggingarstjóri skuli afla ákveðinna heimilda, yfirfara hönnunargögn og hafa umsjón með því að breytingar á hönnunargögnum fái staðfestingu leyfisveitanda. Hér í komandi umfjöllun verður farið yfir dómaframkvæmd Hæstaréttar sem snýr að ábyrgð og skyldum byggingarstjóra samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og verður hún sérstaklega borin saman við ákvæði 5. og 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 sem og nýlegan dóm Hæstaréttar, þar sem reyndi á ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010.

4.3. Dómframkvæmd Hæstaréttar um ábyrgð og skyldur byggingarstjóra í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997

Álitamál tengd ábyrgð byggingarstjóra hafa oft komið inn á borð dómstóla landsins og fyrir Hæstarétti hafa nokkrir dómur fallið sem fjalla um hverju byggingarstjóri nákvæmlega ber ábyrgð á. Fyrsti dómur Hæstaréttar sem veitti ítarleg svör um mörk ábyrgðar byggingarstjóra féll árið 2005 og segja má að hann hafi ekki verið óumdeildur. Niðurstaða dómsins vekur upp allskyns spurningar sem falla sérstaklega að þeirri spurningu sem velt er upp með þessari ritgerð.

Dómur Hæstaréttar 20. desember 2005 í máli nr. 267/2005. Málavextir voru þeir að verktakafyrirtæki hafði tekið að sér að byggja parhús í Garðabæ með samningi við S, en eftir að verkinu lauk hélt eigandinn því fram að umfangsmiklir gallar væru á húsinu. Eigandinn beindi skaðabótakröfu sinni eingöngu að byggingarstjóranum þar sem hann færði rök fyrir því að byggingarstjórinn væri ábyrgur fyrir þeim ágöllum sem voru á verkinu sem rekja mætti til vinnu verktakans. Samkvæmt matsgerð var sýnt fram á að töluverðir gallar væru á verkinu en þetta voru að mestu leiti gallar vegna ófaglegrar múrvinnu við eignina. Megin ágreiningur málsins snéri að því hversu langt ábyrgð byggingarstjóra náði. Byggingarstjórinn hélt því fram að hann bæri einungis ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykka uppdrætti lög og reglugerðir, sbr. 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Meirihluti Hæstaréttar komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að með því að líta heildstætt á tilgang og sögu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 í tengslum við þá galla sem voru á verkinu yrði byggingarstjóri að bera ábyrgð á því tjóni sem S varð fyrir, en umrætt tjón varðaði aðallega faglega vinnu iðnmeistara. Einn dómari skilaði sératkvæði í tengslum við hver mörk ábyrgðarinnar væru.

Í dómi þessum má segja að ákveðin lína hafi verið dregin í tengslum við skyldur og ábyrgð byggingarstjóra við mannvirkjagerð, þar sem byggingarstjórinn var talin ábyrgur fyrir faglegum vinnubrögðum iðnmeistara. Í ljósi mikilvægi dómsins er mikilvægt að fjalla með nánari hætti um forsendur réttarins í málinu. Meirihluti Hæstaréttar fjallaði um ákvæði 51. mgr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og þá sérstaklega 3. mgr. greinarinnar sem tók á ábyrgð byggingarstjóra. Í framangreindu ákvæði kom ekki fram að ábyrgðarskyldur

byggingarstjóra næðu einnig til faglegra vinnubragða iðnmeistara en meirihlutinn leit til annars vegar tilgangs og markmiða skipulags- og byggingarlega nr. 73/1997. Meirihlutinn rakti ákvæði um byggingarstjóra alveg til byggingarlaga nr. 54/1978 en í athugasemdum með frumvarpi þeirra laga kom fram að markmið ákvæða um byggingarstjóra væri ætlað að gera einn aðila ábyrgan fyrir verki.⁴⁷ Meirihlutinn vísaði svo sérstaklega til þess að eitt af markmiðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafi falist í því að reglur um byggingarstjóra yrðu hertar. Meirihlutinn leit einnig til ákvæðis 118. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, en þar kom fram að tryggt skuli að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti. Meirihlutinn leit einnig til þess að samkvæmt 1. mgr. 52. gr. skipulags- og byggingarlaga, sem fjallaði um ábyrgð iðnmeistara, bæri iðnmeistari ábyrgð gagnvart bæði eiganda og byggingarstjóra. Meirihlutinn komst svo að þeirri niðurstöðu að framangreind skilyrði 118. gr. reglugerðarinnar hafi ekki verið uppfyllt og með lögskýringu var byggingarstjórinn talin bera fébótaábyrgð á þeim göllum sem staðreyndir voru með matsgerð.

Í máli þessu sátu þrír Hæstaréttardómarar og einn þeirra skilaði sératkvæði í málinu. Rökstuðningur í sératkvæðinu laut að sömu aðferðarfræði og meirihluti Hæstaréttar beitti sem leiddi þó til annarar niðurstöðu. Dómarinn leit til forsögu ákvæða um byggingarstjóra og fjallaði um víðtækar ábyrgðarskyldur hans samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 en hann fjallar hins vegar ítarlega um að ákvæðin höfðu í raun ekki tekið miklum breytingum frá byggingarlögum nr. 54/1978, enda væru flest ákvæði 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samhljóða þeim ákvæðum sem komu fram í byggingarlögum nr. 54/1978. Dómarinn leit einnig til þess að ákvæði 1. mgr. 52. gr. um ábyrgð iðnmeistara ætti einungis við um þá sjálfa en ekki byggingarstjóra og að þeir bæru ábyrgð á því að faglega sé staðið að verki. Í lokaorðum sératkvæðisins sagði svo orðrétt:

Verða tilvitnuð orð 51. gr. laganna ekki skýrð svo að um sé að ræða ábyrgð byggingarstjóra á framkvæmd eða gæðum verks að öðru leyti en þar er sérstaklega tilgreint. Önnur ákvæði laganna og byggingarreglugerðar bera heldur ekki með sér að um sé að ræða almenna verkábyrgð byggingarstjóra en slíkar reglur hefðu þurft að koma fram með skýrum hætti.⁴⁸

Það eru nokkur atriði sem eru áhugaverð í tengslum við reifun á framangreindum dómi. Í fyrsta lagi þá er hægt að líta til þeirrar lögskýringar sem meirihluti réttarins beitir í málinu en segja má að um sé að ræða markmiðsskýringu þar sem tilgangur laga eða vilji löggjafans er látinn ráða för.⁴⁹ Í þessu samhengi verður að líta til þeirra heimilda sem meirihlutinn byggði á frá

⁴⁷ Alþt. 1977, A-deild, þskj. 14 - 14. mál, athugasemdir við 16. gr.

⁴⁸ Hrd. 20. desember 2005 í máli nr. 267/2005

⁴⁹ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (Háskólinn í Reykjavík og JPV útgáfa 2008) 122.

löggjafanum, við skýringu sína. Í fyrsta lagi þá leit meirihlutinn til athugasemdu með frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þar sem kveðið var á um að stefnt væri að því að herða reglur um byggingarstjóra. Það má færa rök fyrir því að þær forsendur séu fremur veikar, sérstaklega í ljósi þess að ákvæði um byggingarstjóra höfðu ekki tekið miklum breytingum með setningu skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Í öðru lagi þá byggjast forsendur meirihlutans að miklu leiti á ákvæði 118. gr. þágildandi byggingarreglugerðar, enda kemur skýrt fram í dómnum að verkið hafi ekki verið unnið með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti. Umrætt ákvæði kemur hins vegar fram í 6. kafla byggingareglugerðar nr. 441/1998 sem fjallar almennt um byggingarefni húsa, gerð og burðarþol og því með engum hætti tengt við hlutverk eða skyldur byggingarstjóra, en um þær var fjallað í 2. kafla reglugerðarinnar.

Í þriðja lagi þá kemur ekki skýrlega fram í niðurstöðu meirihlutans á hvaða bótagrundvelli byggingarstjórinn var dæmdur ábyrgur, í niðurstöðum dómsins kemur einfaldlega fram að vanræksla byggingarstjórans hafi leitt til þess að slæm vinnubrögð voru látin viðgangast og á því beri hann ábyrgð. Hvergi er vikið að því að háttsemi hans hafi verið sagnæm og á grundvelli sakarreglunnar hafi hann verið ábyrgur. Það má hins vegar líta til þess að orðið vanræksla felur í sér sök og því má draga þá ályktun að byggt hafi verið á sakarreglunni. Að öllu framansögðu liggur fyrir að umræddur dómur er ekki óumdeildur en samkvæmt þeirri aðferðarfræði sem beitt er hér á landi ber dómstólum að líta til fordæma Hæstaréttar við úrlausn sambærilegra mála. Á næstu árum eftir framangreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 267/2005 komu þó fleiri mál upp á borð réttarins þar sem reyndi á hversu víðtæk ábyrgð byggingarstjóra væri. Það er því vert að líta til eftirfarandi máls:

Dómur Hæstaréttar 5. nóvember 2009 í máli nr. 37/2009. Eigendur og húsfélag fjöleignarhúss í Hafnarfirði kröfðu byggingarstjóra eignarinnar um skaðabætur eftir að þau urðu var við galla í húsinu og byggðist krafa eiganda á mati dómskvaddra matsmanna. Umræddir gallar vörðuðu meðal annars frágang á klæðningu á svölum hússins og frágang á einangrun loftplötu. Samkvæmt matsgerð var talið að frágangur á állklæðningu væri líklegur til að skapa tæringu. Héraðsdómur fór í vettvangsgöngu um eigninna og komst að þeirri niðurstöðu að ekkert tjón væri fram komið þar sem engar skemmdir voru á klæðningunni. Lagfæring á frágangi var metin á rúmlega 300.000. kr.-. Samkvæmt matsgerð var einangrun loftplötu að mestu leyti viðunandi en þó væru smávægilegir vankantar sem þöfnuðust lagfæringar sem kostaði 50.000. kr.-

Í forsendum dómsins kom eftirfarandi fram:

Með áður nefndum dómi Hæstaréttar 13. mars 2008 í máli nr. 318/2007 var því slegið föstu að á byggingarstjóra hvíli ekki aðeins skylda að sjá til þess að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, **heldur einnig skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum sem**

hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar, sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi, sbr. 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga. Felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum, sbr. og dóm Hæstaréttar í máli nr. 267/2005.

Málið sem Hæstiréttur vitnar til í niðurstöðum sínum varðaði sömu málsatvik og í máli nr. 37/2009 en þar ákvað Hæstiréttur að vísa málinu aftur í hérað þar sem ekki var búið að taka hvern og einn matslið sérstaklega til skoðunar heldur var niðurstaðan í héraði metin með heildstæðum hætti og skaðabótaábyrgð byggingarstjórans hafnað. Í máli Hæstaréttar nr. 318/2007 undirstrikar Hæstiréttur það fordæmi sem skapaðist í máli nr. 267/2005 er varðar víðtæka ábyrgð byggingarstjóra. Eftir að niðurstaðan í máli Hæstaréttar nr. 37/2009 lá fyrir má segja að umrætt fordæmi hafi verið fest í sessi og hafa dómstólar ítrekað vísað til framangreindra dóma og hins tilvitnaða orðalags hér að ofan í nýrri dómum.

Í reifun dómsins hér að framan sést glögglega að byggingarstjóri var meðal annars ábyrgur fyrir framkvæmdum þar sem tjón var óframkomið. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 37/2009 er þó áhugavert að líta til þess að málsástæður og rök byggingarstjórans í málinu byggðu á því, að væri byggingarstjórinn talinn bera skaðabótaábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara væri einfaldlega um hlutlæga ábyrgð að ræða en slík ábyrgð verður ekki lögð á aðila án þess að skýr lagaheimild sé fyrir hendi. Rök byggingarstjórans í málinu voru því töluvert sambærileg rökstuðningi þeim sem fylgdi sératkvæði í Hæstaréttarmáli nr. 267/2005.⁵⁰ Til þess að varpa enn skýrara ljósi á umfang ábyrgðar byggingarstjóra samkvæmt áðurgildandi skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 er vert að líta til eftirfarandi máls:

Dómur Hæstaréttar 2. febrúar 2012 í máli nr. 271/2011. Málið snéri að því, að verktakfyrirtækið T höfðaði mál gegn kaupendum á raðhúsi sem var í smíðum en fullt kaupverð hefði ekki verið greitt samkvæmt kaupsamningi. Kaupendur eignarinnar ákváðu að höfða mál og krefja félagið um skaðabætur eða afslátt vegna galla á eigninni en samhliða var byggingarstjóra stefnt til greiðslu skaðabóta, í kjölfarið voru málin tvö sameinuð. Líkt og í öðrum málum um byggingarstjóra sem komið hafa fyrir Hæstarétt var krafa kaupenda byggð á matsgerð dómkvaddra matsmanna. Rökstuðningur réttarins grundvallaðist á því fordæmi að ábyrgð byggingarstjóra við framkvæmdir hússins hafi ekki aðeins tekið til þess að byggt yrði í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktu uppdrætti heldur hafi einnig hvílt á honum sú skylda að hafa eftirlit og umsjón með framkvæmdunum. Í því hafi falist að byggingarstjóra bar að sjá til þess að þeir iðnmeistara sem unnu að verkinu sinntu skyldum sínum og að framkvæmdin væri tæknilega og faglega fullnægjandi samkvæmt 3. gr. 51. gr. laga nr. 73/1997.

⁵⁰ Úr sératkvæði í Hrd. 20. desember 2015 í máli nr. 267/2005, „Verða tilvitnuð orð 51. gr. laganna ekki skýrð svo að um sé að ræða ábyrgð byggingarstjóra á framkvæmd eða gæðum verks að öðru leyti en þar er sérstaklega greint. Önnur ákvæði laganna og byggingarreglugerðar bera heldur ekki með sér að um sé að ræða almenna verkábyrgð byggingarstjóra en slíkar reglur hefðu þurft að koma fram með skýrum hætti.“

Dómurinn vísaði meðal annars til dóma Hæstaréttar í málum nr. 267/2005, 318/2007 og 37/2009. Líkt og áður hefur verið nefnt ber dómstólum að meta hvern matslið með sérstökum hætti og því er áhugvert að skoða hversu langt ábyrgð byggingarstjóra nær í framangreindu máli. Í matslið 13. í málinu kom fram að matsmaður hafi staðfest að útsetning á flísalögn á gólfi baðherbergis hafi verið röng, þ.e.a.s. skökk miðað við vegg, sem olli því að flísar við vegg og baðkar voru ekki jafn stórar. Þennan matslið féllst Hæstiréttur á að byggingarstjóri bæri ábyrgð á sem gefur til kynna hversu ótrúlega langt ábyrgðin náði samkvæmt dómaförðæmi Hæstaréttar. Þrátt fyrir að það hafi ekki staðið berum orðum í 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 að byggingarstjóra bæri að hafa eftirlit með framkvæmdum, þá gefa framangreindir dómar Hæstaréttar það skýrt til kynna að byggingarstjóra var skylt að hafa eftirlit og yfirumsjón með framkvæmdum.

Í þessum sama dómi sem fjallað hefur verið um í máli nr. 271/2011 reyndi einnig á hvort byggingarstjóri bæri ábyrgð á leka meðfram hurðum á eigninni. Í dómsorði kom eftirfarandi fram um ábyrgð byggingarstjóra á þeim þætti:

Í matsgerð er að finna allítarlega umfjöllun um skoðun á hurðum þessum. Þar segir að ekki hafi sést leki á útihurð og gönguhurð í bílskúr, en „ummerki eru þess eðlis að ætla má að þar hafi lekið.“ Af matsgerð verður ráðið að hönnun hafi verið frábrugðin því sem tíðkist hér á landi. Er mælt með breytingum á hurðunum á grundvelli nýrrar hönnunar. **Af því sem að framan er rakið verður að ætla að orsök leka felist í ófullnægjandi hönnun sem sé þess eðlis að ekki falli undir ábyrgð byggingarstjóra.** Verður áfrýjandi því sýknaður af þeim hluta þessa kröfuliðar sem til endurskoðunar er fyrir Hæstarétti.⁵¹

Með þessu orðalagi virðist Hæstiréttur taka fyrir að byggingarstjóri geti borið ábyrgð á ófullnægjandi hönnun. Orðalag dómsins má einnig túlka með þeim hætti að sá hönnunargalli sem um ræddi í málinu væri ekki þess eðlis að byggingarstjórinn talist ábyrgur. Það er því mögulegt að hönnunargalli sé þess eðlis að byggingarstjóri hljóti að hafa orðið hans var. Við frekari skoðun á því hvort byggingarstjóri geti talist bera ábyrgð á hönnunargöllum er einnig vert að líta til eftirfarandi dóms:

Dómur Hæstaréttar 13. desember 2012 í máli nr. 239/2012. Málavextir voru þeir að aðili hafði fengið íbúð afhenta frá byggingaraðila en í kjölfarið varð eigandinn þess var, að hitakerfi íbúðarinnar virkaði ekki sem skyldi. Matsmaður komst að þeirri niðurstöðu að hönnun á hitakerfi íbúðarinnar hafi gengið í berhöggi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að hlutverk byggingarstjóra væri fólgið í því að hann skyldi tryggja að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti. Dómurinn leit til þess að þar sem byggingaryfirvöld höfðu samþykkt teikningarnar af hitakerfinu hafi

⁵¹ Hrd. 2. febrúar 2012 í máli nr. 271/2011

byggingarstjóri í góðri trú mátt gera ráð fyrir að þær stæðust lög og reglugerð.
Á þeim grundvelli var byggingarstjórinn sýknaður í tengslum við hitakerfið.

Þess ber að geta í máli þessu var hönnuði byggingarinnar ekki stefnt en líkt og fjallað var um í almennum kafla um hönnuði þá hvílir einnig skylda á þeim að hafa lögboðna starfsábyrgðartryggingu í gildi. Líkt og tveir framangreindir dómar sem fjallað hefur verið um í tengslum við ábyrgð byggingarstjóra á hönnunargögnum í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 bera með sér, þá virðist vera sem byggingarstjóri verði ekki látinn bera ábyrgð á ófullnægjandi hönnun.

Í grein Erlends Gíslasonar um ábyrgð byggingarstjóra frá árinu 2005 vísar Erlendur til þess að byggingarstjóri geti ekki án athugasemdi litið fram hjá augljósum vanköntum hönnunar. Í greinninni dregur Erlendur þá ályktun að byggingarstjóri gæti verið ábyrgur fyrir augljósum göllum á hönnun.⁵² Fallast má á þessi sjónarmið Erlends í þeim skilningi að ef hönnunargögn eru svo fjarstæðukennd gæti byggingarstjóri mögulega orðið ábyrgur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Við mat á því hvort mannvirkjalög nr. 160/2010 hafi vikið frá þessari framkvæmd verður fjallað um betur í kafla 4.4.

4.4. Ábyrgð og skyldur byggingarstjóra samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010
Framangreind umfjöllun um ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 ber með sér að ábyrgð hans var mjög víðtæk, þar sem byggingarstjóri var talin bera ábyrgð á faglegum frágangi iðnmeistara. Líkt og áður hefur komið fram er fjallað um bótaábyrgð byggingarstjóra í bæði 5. og 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 sem og 4. kafla byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að mikil áhersla væri sett á að útskýra ábyrgð og skyldur byggingarstjóra, hönnuða, eiganda mannvirkis og iðnmeistara með skýrari og betri hætti en gert var í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Í athugasemdum er einnig vikið að því, að hlutverk byggingarstjóra verði áfram mikilvægt við byggingarframkvæmdir en það kemur einnig fram að töluverðar ádeilur hafi verið um hvert hans hlutverk nákvæmlega eigi að vera.⁵³ Með 29. gr. laganna varð því töluverð breyting á orðalagi þeirra ábyrgðar og skyldna sem byggingarstjóri tekur að sér enda er nú fjallað um ábyrgðarskyldur hans í tveimur málsgreinum. Í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 segir orðrétt:

Byggingarstjóri skal hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, [laga um byggingarvörur] og reglugerða sem settar eru á

⁵² Erlendur Gíslason, "Hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra" (2005) 2 Tímarit Lögréttu 2, 74.

⁵³ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir í kafla 4.

grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Athugasemdir byggingarstjóra skulu skráðar á viðeigandi hátt í gæðastjórnunarkerfi hans og annarra hlutaðeigandi. Sé athugasemdum byggingarstjóra ekki sinnt eða um ítrekaða vanrækslu að ræða skal hann tilkynna það eiganda. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málsl.

Framangreind málsgrein ber skýrlega með sér að í dag sé miklu fremur litið á byggingarstjóra sem eftirlitsaðila eiganda við framkvæmdir en samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var einfaldlega talað um byggingarstjóra sem ábyrgðaraðila. Samkvæmt framangreind ákvæði 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 getur byggingarstjóri orðið meðábyrgur gagnvart eiganda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en þau eru eftirfarandi:

- a. Að ágallar á mannvirki teljist **verulegir** án þess að úr þeim hafi verið bætt.
- b. Að umræddir gallar séu tilkomnir vegna **stórfelldrar vanrækslu** einstakra iðnmeistara eða hönnuða.
- c. Að **byggingarstjóra hafi ekki getað dulist ágallana** í ljósi eftirlitshlutverks hans við framkvæmdir.

Í athugasemdum með frumvarpi til mannvirkjalaga kom meðal annars fram um 5. mgr. 29. greinar að byggingarstjóri geti komið sér undan ábyrgð með tilkynningu til eiganda og/eða iðnmeistara og krafist úrbóta. Auk þess er undirstrikað að byggingarstjóri geti einungis orðið meðábyrgur ef ágalli væri svo augljós eða bersýnilegur að hann gæti ekki hafa dulist byggingarstjóranum.⁵⁴ Í 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 segir hins vegar:

Hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi ber hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegru framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistari og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Framangreindar málsgreinar 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 fela í sér þá breytingu að í 5. mgr. er bæði fjallað um ákveðnar háttarnisreglur byggingarstjóra sem og meðábyrgð hans á ágöllum en í 7. mgr. er fjallað um bótagrundvöllinn og frekari takmarkanir á ábyrgð

⁵⁴ Alþt. 2010-2011, A-deild. Þskj. 82 - 78. mál.

byggingarstjóra. Töluverð breyting hefur því átt sér stað á orðalagi ábyrgðarákvæða byggingarstjóra frá skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Það liggur fyrir að í 7. mgr. er fjallað um ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda og þriðja manni en í 5. mgr. er eingöngu fjallað um ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda. Það kemur því til skoðunar hvort 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 feli í sér sjálfstæða ábyrgðarheimild. Líkt og áður segir eru dómafordæmi í tíð mannvirkjalaga nr. 160/2010 fátíð, er snúa að ábyrgð byggingarstjóra. Fyrir Hæstarétti hefur þó fallið einn dómur sem mikilvægt er að skoða til þess að bera saman hvort, og þá hvaða breytingar hafa átt sér stað eftir þær lagabreytingar sem gerðar voru á skyldum og ábyrgð byggingarstjóra í 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Dómur Hæstaréttar 18. maí 2017 í máli nr. 570/2016. Málavextir voru þeir, að árið 2011 keypti A lítið sumarhús í Grímsnesi og tæplega ári seinna hugðist A stækka bústaðinn. Í kjölfarið hafði A, samband við verktakafyrirtækið K, og fyrirsvarsmann þess Þ, sem endaði á að taka verkið að sér. Þ tók svo að sér byggingarstjórn við verkið. Framkvæmdum á verkinu lauk árið 2013 og í kjölfarið sendi K, reikning til A, en eigandinn var ekki sáttur við þá upphæð og fékk húsasmíðameistara til þess að yfirfara þær framkvæmdir sem K, hafði unnið að. Í september 2013 fékk A, dómkvaddan matsmann til þess að meta hvort gallar væru á verkinu og höfðaði í kjölfar mál á hendur K og Þ og krafðist greiðslu vegna meintra ágalla. Samkvæmt matsgerð var tjón vegna galla á verkinu metið á 650.000 kr.-, gallarnir tengdust ýmist frágangsvinnu vegna smíðavinnu, frágangs á rafsmagnsrörum, réttingu hússins o.fl. Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína á umræddri matsgerð og taldi K bera ábyrgð á grundvelli 15. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Hæstiréttur komst einnig að því að byggingarstjórinn Þ væri meðábyrgur K, samkvæmt 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Það liggur fyrir að í máli þessu voru gallar fremur umfangslitlir en samt sem áður virðist vera sem niðurstaða Hæstaréttar sé í samræmi við fyrri fordæmi réttarins, um að byggingarstjóri beri ábyrgð á faglegum frágangi iðnmeistara. Þess ber að geta að héraðsdómur komst að sömu niðurstöðu og Hæstiréttur. Niðurstaða Hæstaréttar í máli þessu vekur hins vegar upp ákveðnar spurningar um hver réttarstaða byggingarstjóra er samkvæmt núgildandi mannvirkjalögum nr. 160/2010.

Eins og fjallað var um með almennum hætti í kafla 4.2. þá hafa ákvæði um ábyrgð byggingarstjóra tekið þó nokkrum breytingum frá skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Samkvæmt niðurstöðu réttarins virðist vera sem dómurinn taki enga afstöðu til þess hvort þau skilyrði sem fram koma í 5. mgr. 29. gr. hafi verið uppfyllt. Í þessu samhengi má nefna að að samkvæmt matsgerð var byggingarstjórinn meðal annars talin bera meðábyrgð á því að á einum stað verksins voru áberandi dökkir kvistir, en fagmaður ætti ekki að skila verki með slíkum

hætti. Kostnaður vegna umrædds matslið nam 7.910 kr. Ábyrgð byggingarstjórans var einfaldlega grundvölluð á 7. mgr. 29. gr. laganna. Í ljósi þess að þetta var fyrsti, og hingað til eini Hæstaréttardómur sem gengið hefur um ábyrgð byggingarstjóra eftir gildistöku mannvirkjalaga nr. 160/2010 hefði maður ætlað að forsendur réttarins væru byggðar á traustari grunni. Sé einungis tekið mið af niðurstöðu réttarins má færa rök fyrir því að þarna sé Hæstiréttur að halda sig við fyrra fordæmi um að byggingarstjórar beri ennþá ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara og að 7. mgr. 29. gr. laganna feli í sér sjálfstæða heimild dómstóla til að ákveða niðurstöðu sína.

Með því að skoða dóminn með ítarlegum hætti má þó draga fram ákveðnar ályktanir um þýðingu hans við túlkun á ákvæðum um byggingarstjóra í mannvirkjalögum nr. 160/2010. Eitt mikilvægt atriði í tengslum við dóminn er það, að byggingarstjórinn var ekki með starfsábyrgðartryggingu og var hann sjálfur fyrirsvarsmaður verktakans sem vann verkið. Var verktakanum því samhliða stefnt á grundvelli laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Það var því ekkert tryggingarfélag sem tók til varna fyrir hönd byggingarstjórans í málinu. Málsástæður byggingarstjórans eins og þær birtast í héraðsdómi voru bæði stuttar og illa rökstuddar. Í málsástæðum var einungis vísað til þess að ekki væri búið að sanna að byggingarstjórinn hafi ollið viðsemjanda sínum tjóni á grundvelli sakarreglunnar. Að sama skapi var hvergi minnst á ákvæði 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 sem og þau ströngu skilyrði sem þar er að finna. Það er hins vegar ekki hægt að fullyrða að varnir byggingarstjórans hafi ekki verið ítarlegri í framlagðri greinagerð.⁵⁵ Með þessar forsendur að leiðarljósi má draga þá ályktun að fordæmisgildi dómsins geti að vissu leiti verið takmarkað, sérstaklega þegar litið er til þess að dómurinn rökstyður ekki með neinum hætti af hvaða ástæðum byggingarstjórinn teljist meðábyrgur. Þrátt fyrir að ekki hafi fallið fleiri Hæstaréttardómar um ábyrgð byggingarstjóra í tíð mannvirkjalaga nr. 160/2010, þá hefur reynt á ákvæði laganna fyrir héraðsdómi og því er áhugavert að bera saman niðurstöður í máli Hæstaréttar nr. 570/2016 við niðurstöður héraðsdóms í eftirfarandi máli:

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júní 2016 í máli nr. E-870/2014. Málsatvik voru þau að árið 2012 tók GG verk ehf. að sér að annast framkvæmdir við uppsteypu og utanhúss frágang á nýbyggingu í kórahverfinu með samningi við E. Verktakafyrirtækið stefndi E vegna ógreiddra reikninga en þá stefndi E, GG og byggingarstjóranum D, til greiðslu skaðabóta vegna ýmissa galla á verkinu. Byggði E á því að byggingarstjórinn væri meðábyrgur GG á grundvelli 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Í matsgerð sem unnin var af dómkvöddum matsmanni kom m.a. fram að ákveðnir verkhlutir hafi ekki verið unnir með faglegum hætti og töldust ófullnægjandi. Var GG talin bera ábyrgð á þeim göllum á grundvelli 2. mgr. 32. gr. mannvirkjalaga. Byggingarstjórinn var hins

⁵⁵ Hrd. 18. maí 2017 í máli nr. 570/2016

vegar sýknaður þar sem dómurinn komst að því að hann gæti ekki borið meðábyrgð á göllunum.

Í máli þessu leit dómurinn til ákvæða 5. og 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og vísaði til þess að á byggingarstjóra hvíli sú skylda að hafa virkt eftirlit með því að aðilar sem koma að verkinu fylgi samþykktum uppdráttum og verklýsingum og að verkið sé að öðru leyti unnið samkvæmt lögum um mannvirki en að ábyrgð hans nái hins vegar ekki til faglegra framkvæmda á verkum sem falla undir ábyrgð iðnmeistara. Dómurinn taldi sérstaklega upp þau þrjú skilyrði sem fram koma í 5. mgr. 29. gr. og hafnaði því að nokkuð þeirra ætti við. Þá skipti engu hvort horft væri til stakra þátta eða samkvæmt heildstæðu mati á öllum göllunum. Fyrir stuttu síðan féll einnig héraðsdómur sem fjallað stuttlega um ákvæði 5. og 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 í eftirfarandi máli:

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. október 2019 í máli nr. E-73/2019. Málavextir voru þeir, að verktakafélag hafði staðið að byggingu fjöleignarhúss í hafnarfirði og var húsið orðið fokhelt árið 2008 en í kjölfar efnahagshrunsins þá stöðvuðust allar framkvæmdir og var byggingaraðilinn úrskurdaður gjaldþrota árið 2013. Þá keypti verktakfyrirtækið F, 40 eignarhluta í húsinu og hugðist klára ýmsar framkvæmdir og var B, skipaður byggingarstjóri yfir verkinu. Í framhaldinu voru íbúðirnar seldar og húsfélag fjöleignarhússins höfðaði mál á hendur F og byggingarstjóra þess vegna ýmissa ágalla á eigninni. Matsgerð í málinu var mjög löng en margir ágallarnir voru raktir til vinnu fyrirverandi verktaka og byggingarstjóra. Í niðurstöðu dómsins var hinsvegar vikið að því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að byggingarstjóri hússins, eftir að hann tók við byggingarstjórn þess árið 2013, hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar samkvæmt 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Dómurinn tók einnig fram að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegum vinnubrögðum verkþátta samkvæmt 7. mgr. sömu greinar.

Ef forsendur Hæstaréttar í máli nr. 570/2016 og forsendur héraðsdóms í framangreindum málum eru bornar saman, þá liggur fyrir að í héraðsdómunum er lagt mat á það hvort skilyrði 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 séu uppfyllt. Niðurstaða Hæstaréttar vekur hins vegar upp þá spurningu, hvort byggingarstjóri geti einfaldlega verið talinn meðábyrgur á grundvelli 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 án þess að ítarlegt mat eða skoðun fari fram á umfangi galla. Þess ber að geta að aðferðarfræðin í málum héraðsdómanna virðist vera í samræmi við túlkun úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum samkvæmt álitni nefndarinnar í eftirfarandi máli:

Álit úrskurðarnefndar váttryggingarmála í máli nr. 183/2019. Málsatvik voru þau að aðili sem skaut málinu til nefndarinnar hafði keypt raðhús á ótilgreindum stað en aðalverktaki hússins var einnig byggingarstjóri. Kaupandi eignarinnar krafðist skaðabóta úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans á þeim grundvelli að gluggi á einum stað fasteignarinnar væri gallaður, þar sem hann hafði verið

settir skakkt í. Þetta leiddi til þess að ómöguleg var að þetta hurð sem tengdist við gluggakerfið. Vátryggingarfélagið byggði hins vegar á því að gallinn yrði ekki rakin til stórfelldrar vanrækslu byggingarstjórans og að byggingarstjórar beri ekki ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara eða hönnuða sbr. 5. og 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Úrskurðarnefndin fór yfir ákvæði framangreindra lagagreina og komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt gögnum málsins væri ósannað að byggingarstjórinn hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar og af þeim sökum var bótaskyldu hafnað.⁵⁶

Framangreindir héraðsdómar og álit úrskurðarnefndar vátryggingarmála er því augljóslega í töluverðu ósamræmi við niðurstöður Hæstaréttar í máli nr. 570/2016.

Hér að framan hefur að mestu leiti verið fjallað um mögulega breytingu á ábyrgð byggingarstjóra vegna framkvæmda iðnmeistara, það er hins vegar áhugvert að líta til þess að í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er kveðið á um að byggingarstjóri geti einnig borið meðábyrgð með hönnuðum og þá ber að líta til sömu skilyrða og fjallað var um hér að framan. Samkvæmt þeim dómum sem hafa fallið í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 má draga þá ályktun að byggingarstjóri beri almennt ekki ábyrgð á ófullnægjandi hönnun annarra aðila.⁵⁷ Í þessu samhengi með vísan til kafla 3.4. um hönnuði, þá eru þeir sérfræðingar á sínu sviði og öll gögn sem þeir leggja til þarfnast staðfestingar frá útgefanda byggingarleyfis.⁵⁸ Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 29. gr. laganna má hins vegar ráða að löggjafinn ætlist til þess að byggingarstjóri sé hálfgerður öryggisventill í þeim aðstæðum þar sem augljóst er að hönnunargögn eru ófullnægjandi. Það má einnig líta til þess að samkvæmt 3. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er það byggingarstjóri sem sker úr um túlkun hönnunargagna, eftir atvikum í samráði við hönnuði. Ef ágreiningur myndast um hönnunargögn virðist vera sem byggingarstjóri geti undir ákveðnum kringumstæðum tekið sjálfstæða ákvörðun um túlkun gagnanna. Það gæti því verið fróðlegt að sjá hvaða þýðingu slík ákvörðun byggingarstjóra getur haft í framtíðina við mat á því hvort byggingarstjóri verði talin ábyrgur vegna rangrar túlkunar á hönnunargögnum.

Í ljósi þess að hönnunargögn þurfa að hljóta staðfestingu leyfisveitanda má ætla að mikið þurfi að koma til þess að byggingarstjóri verði látinn bera meðábyrgð á slíkum vanköntum, en ákvæði 3. og 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 undirstrika að byggingarstjóri geti ekki án athugasemda litið fram hjá því ef að um augljós mistök er að ræða. Það má hins vegar færa rök fyrir því að sömu forsendur hafi átt við samkvæmt framkvæmd í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Það ber að árétta að hönnunarstjóra ber að hafa í

⁵⁶ Álit úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum 25. júní 2019 í máli nr. 183/2019.

⁵⁷ Sjá til dæmis Hrd. 13. desember 2012 í máli nr. 239/2012.

⁵⁸ Byggingarreglugerðar nr. 112/2012. gr. 3.6.2 og 4.1.1.

gildi fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu en séu mistök svo alvarlega gæti komið til þess að tryggingin nái ekki yfir það tjón sem orsakast hefur. Á þetta hefur þó ekkert reynt eftir að mannvirkjalög nr. 160/2010 tóku gildi og því mun dómaframkvæmd framtíðarinnar varpa frekara ljósi á þýðingu ákvæðanna er varðar ábyrgð byggingarstjóra á hönnunargöllum.

Ef horft er til þeirra dóma sem hafa verið reifaðir í kafla 4.3. sem mörkuðu hina víðtæku ábyrgð byggingarstjóra í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 liggur það ljóst fyrir að ábyrgð byggingarstjóra á verkþáttum iðnmeistara var að mörgu leiti byggð á 118. gr. reglugerðar nr. 441/1998 þar sem kveðið var á um að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti. Að sama skapi mótaðist fordæmið með því að Hæstiréttur leit til forsögu og tilgangs ákvæða um byggingarstjóra.⁵⁹ Tel ég að túlkun Hæstaréttar á ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 mjög rúma og þótti mér rökstuðningur sératkvæðis í máli nr. 267/2005 varpa áhugaverðu ljósi á skilning laganna í því ljósi að forsendur sératkvæðisins vísa óbeint til þess að ábyrgð byggingarstjórans hafi einfaldlega verið byggð á hlutlægrri ábyrgð, samkvæmt niðurstöðu meirihlutans.

Með hliðsjón af þeim forsendum sem lög um mannvirki nr. 160/2010 voru byggð á, í tengslum við ábyrgð og skyldur byggingarstjóra þá tel ég að vilji löggjafans hafi verið sá að takmarka ábyrgð byggingarstjóra, en sá skilningur minn grundvallast á þeim ströngu skilyrðum sem lögð eru fram í 5. mgr. 29. gr. sem og orðalagi 7. mgr. laganna að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta. Þegar litið er til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 er ekki að finna sambærilegt ákvæði og var í 118. gr. reglugerðar nr. 441/1998. Það má einnig líta til þess að samkvæmt 2. mgr. 32. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 þá bera iðnmeistara ekki lengur ábyrgð gagnvart byggingarstjóra en meirihluti Hæstaréttar í máli nr. 267/2005 byggði meðal annars niðurstöðu sína um ábyrgð byggingarstjóra á þágildandi ákvæði um iðnmeistara.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 570/2016 virðist að mínu mati ekki taka ákvæði mannvirkjalaga til nægilegrar skoðunar og leggja mat á hvort umræddir ágallar hafi verið verulegir, tilkomnir vegna stórfelldrar vanrækslu og hvort byggingarstjóra hafi átt að verða þeirra var. Líkt og áður hefur nefnt má þó færa rök fyrir því að fordæmisgildi dómsins geti ekki talist endanlegt. Við mat á því hvort breyting hafi átt sér stað á eiginlegum skyldum byggingarstjóra verður að líta til þess að samkvæmt fordæmi Hæstaréttar þá hvíldu eftirlitsskyldur á byggingarstjóra þrátt fyrir að slík eftirlitsákvæði væri hvergi að finna í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Með núgildandi lögum er hlutverki og skyldum byggingarstjóra lýst með ítarlegum hætti. Ég mun leitast við að draga fram frekari ályktanir

⁵⁹ Hrd. 20. desember 2005 í máli nr. 267/2005.

um réttarstöðuna í niðurstöðukafla ritgerðarinnar. Hér í næsta kafla verður litið til þess hvort breytingar hafi orðið á skyldum og ábyrgð byggingarstjóra í tengslum við byggingarefni.

4.5. Ábyrgð byggingarstjóra á byggingarefni

Í síðustu undirköflum hefur sérstök áhersla verið lögð á hvort byggingarstjóri beri ábyrgð á faglegum verkum iðnmeistara og að sama skapi var vikið að ábyrgð byggingarstjóra á hönnunargögnum. Það er hins vegar áhugavert að fjalla sérstaklega um hvort byggingarstjóri beri ábyrgð á svokölluðum efnisgalla.

Í grein Erlends Gíslasonar frá árinu 2005 sem vísað var til hér að ofan fjallaði hann meðal annars um hvort byggingarstjóri gæti borið ábyrgð á byggingarefni. Taldi hann að samkvæmt 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 yrði byggingarstjóri ekki ábyrgur fyrir efnisgalla á mannvirki. Í ályktun Erlends vísaði hann þó til þess að ekki væri útilokað að byggingarstjóri gæti borið ábyrgð á gölluðu efni undir sérstökum kringumstæðum.⁶⁰ Með gildistöku laga um byggingarvörur nr. 114/2014 átti sér stað breyting á ákvæði 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Breytingin fól í sér að nú ber byggingarstjóra að hafa eftirlit með því að þeir aðilar sem koma að mannvirkjagerð fylgi lögum um byggingarvörur nr. 114/2014. Byggingarstjóra er til dæmis skylt samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um byggingarvörur nr. 114/2014 að tilkynna Mannvirkjastofnun um byggingarvörur sem uppfylla ekki ákvæði laganna. Í þessu samhengi er æskilegt að líta til eftirfarandi dóms sem féll í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Dómur Hæstaréttar 31. janúar 2013 í máli nr. 162/2012. Í málinu krafðist mikill fjöldi íbúðareiganda fjöleignarhúss byggingarstjóra, seljanda og hönnuði um skaðabætur vegna fjölda galla á mannvirkinu. Í málinu reyndi meðal annars á hvort byggingarstjóri bæri ábyrgð á aðkeyptum gluggum frá Lettlandi. Umræddir gluggar voru gallaðir, þar sem það lak vatn á milli þeirra. Í forsendum Hæstaréttar var vísað til þess um þennan lið málsins, að byggingarstjóri væri ekki ábyrgur fyrir því að umræddir gluggar væru gallaðir þar sem annmarkar þeirra snéru ekki að uppsetningu þeirra á sjálfu mannvirkinu. Að sama skapi vísaði Hæstiréttur til þess að byggingarstjórinn hafi ekki getað gert sér grein fyrir því hvort gluggarnir hafi verið óhentugir eða gallaðir.

Þessi niðurstaða Hæstaréttar virðist vera í samræmi við skoðun Erlends um að almennt séð hafi byggingarstjóri ekki borið ábyrgð á efnisgalla samkvæmt 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Orðalag dómsins vísar hins vegar til þess að ef byggingarstjóra verður þess augljóslega vart að byggingarefni er gallað eða það henti illa við framkvæmdir geti hann borið skaðabótaábyrgð. Samkvæmt núgildandi 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 má draga

⁶⁰ Erlendur Gíslason, “Hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra” (2005) 2 Tímarit Lögréttu 2, 65.

þá ályktun að það sé einfaldlega skylda byggingarstjóra að hafa eftirlit með því að val á byggingarefni uppfylli skilyrði laga um byggingarvörur nr. 114/2014. Það má því segja að hér sé um augljós breytingu að ræða frá skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Í þessu samhengi er eðlilegt að velta því upp hvort það eigi að vera hlutverk byggingarstjóra að hafa eftirlit með byggingarefni. Starf byggingarstjóra er oft á tíðum þess eðlis að þeir hafa ekki fasta viðveru á framkvæmdarstað. Af þeim sökum geta byggingarstjórar aldrei haft eftirlit með hverju einasta verki sem á sér stað en um þetta verður betur fjallað í kafla 6.4.

Við mat á því hvort byggingarstjóri verði látin bera ábyrgð á efnisgalla má álykta að litið verði til sömu sjónarmiða og fjallað var um í tengslum við 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Það liggur fyrir að dómsmál framtíðarinnar munu að öllum líkindum ákvarðast á túlkun dómstóla á því hvað teljist til verulegra ágalla á verki og hvað atriði gætu ekki hafa dulist byggingarstjóra. Hér í næsta kafla verður leitast við að fjalla um og meta þýðing 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga með nánari hætti.

4.6. Ábyrgð byggingarstjóra gagnvart þriðja manni og á öðru tjóni en framkvæmdargalla

Þegar ákvæði 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 eru lesin virðist vera sem ábyrgð byggingarstjóra hafi verið takmörkuð við eiganda byggingarframkvæmda en í 4. málslíð 3. mgr. 51. gr. kom fram að byggingarstjóri bæri ábyrgð gagnvart eiganda samkvæmt samningi sem þeir gerðu á milli sín. Dómar Hæstaréttar sem snúa að ábyrgð byggingarstjóra gefa hins vegar til kynna að ábyrgðin hafi ekki eingöngu verið bundin við sjálfan framkvæmdaraðilann heldur einnig þriðja aðila. Þessa niðurstöðu má meðal annars draga út frá niðurstöðu Hæstaréttar í eftirfarandi máli:

Dómur Hæstaréttar 20. maí 2010 í máli nr. 459/2009. Málið varðaði ábyrgð byggingarstjóra vegna galla í fjöleignarhúsi og komst Hæstiréttur að því að byggingarstjórinn bæri ábyrgð með vísan til fyrri fordæma réttarins um víðtæka ábyrgð hans. Það var hins vegar ekki sjálfur eigandi framkvæmdanna sem krafðist bóta heldur var það þriðji aðili sem hafði keypt íbúð í fjöleignarhúsinu meðan það var í byggingu.

Líkt og dómurinn ber með sér þá bar byggingarstjóri ekki aðeins ábyrgð gagnvart sjálfum eiganda framkvæmda en um þetta atriði hefur þó ekki myndast ágreiningur fyrir Hæstarétti, þegar síðari eigandi krefst skaðabóta úr hendi byggingarstjóra. Í ljósi þess að byggingarstjóra var skylt, og er enn skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu í 5 ár frá lokum framkvæmda

má auðveldlega gera ráð fyrir því að síðari eigendur geti átt kröfu á byggingarstjóra.⁶¹ Þessa ályktun má einnig draga út frá e- lið 4. mgr. 15. gr. mannvirkjalaga, en þar kemur fram að til eiganda teljist sá aðili sem er eigandi eftir að lokaúttekt fer fram.

Í nágildandi mannvirkjalögum nr. 160/2010 er einnig kveðið á um með skýrum hætti að byggingarstjóri geti borið ábyrgð á **tjóni** þriðja aðila, sbr. 7. mgr. 29. gr. laganna. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna var ekki fjallað sérstaklega um þessa breytingu en það má því velja því upp, hvers konar tjóni ber byggingarstjóri ábyrgð á og gagnvart hverjum. Hugtakið tjón hefur mikla þýðingu á réttarsviði skaðabótaréttarins en þó getur reynst erfitt að lýsa hugtakinu með jákvæðum hætti. Í skilningi skaðabótaréttarins þarf tjón ekki að vera rakið til þess að verðmæti hafi farið forgörðum heldur er nóg að lögvarðir hagsmunir verði fyrir skerðingu. Skerðingin getur átt sér stað við til dæmis líkamstjón, umráðasviptingu á hlut og munatjón.⁶² Ástæða þess að hér er fjallað sérstaklega um tjónshugtakið í tengslum við ábyrgð byggingarstjóra, byggist á ákvæði 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og samanburði ákvæðisins við skilmála váttryggingarfélaga hér á landi. Þess ber að geta að í 5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 kemur fram að byggingarstjóri skuli hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu sem tekur til **fjárhagstjóns** sem orsakast vegna gáleysis hans í starfi. Í þessu samhengi er því áhugavert að líta til skilmála váttryggingarfélaga hér á landi. Í gr. 4.1. í starfsábyrgðartryggingu Váttryggingarfélags Íslands kemur eftirfarandi fram:

Váttrygging bætir: Almenn t fjártjón eiganda mannvirkis eða annars þriðja manns af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi, samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins, sem rakið verður til þess að byggingarstjóri hafi ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010 og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, enda hafi váttryggður með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á hlutaðeigandi mannvirki fyrir leyfisveitanda og tjónið falli undir þá ábyrgð að lögum.⁶³

Í grein 4.4. kemur svo meðal annars fram að váttrygging bæti ekki muna- og líkamstjón.⁶⁴ Samhljóða ákvæði er einnig að finna í skilmálum annarra váttryggingarfélaga. Hér kemur til álita hvort tryggingarfélögum sé í raun heimilt að undanskilja framangreind tjón í skilmálum sínum í ljósi þess að skýrlega er kveðið á um að byggingarstjóri geti borið ábyrgð á „tjóni“ eiganda og þriðja manns samkvæmt 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Í þessu

⁶¹ Sbr. 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 8. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010

⁶² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttir I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 444.

⁶³ VÍS, „Lögboðin starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra: váttryggingarskilmálar nr. AP28“ (VÍS, 15. maí 2018) < <https://www.vis.is/media/174795/ap28.pdf> > skoðað 21. október 2019

⁶⁴ VÍS, „Lögboðin starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra: váttryggingarskilmálar nr. AP28“ (VÍS, 15. maí 2018) < <https://www.vis.is/media/174795/ap28.pdf> > skoðað 21. október 2019

samhengi er nauðsynlegt að líta til þess að með lögboðnum ábyrgðartryggingum hefur löggjafinn kveðið á um ákveðin atriði sem varða trygginguna og getur váttryggingarfélag því ekki samið sig burt frá þeim skyldum. Það er einnig viðurkennd regla að hinar lögboðnu ábyrgðartryggingar tryggja tjónþola ríkari vernd en aðrar frjálsar váttryggingar. Markmið skyldubundinna ábyrgðartrygginga felst einfaldlega í því að þeir aðilar sem verða fyrir tjóni fái örugga greiðslu bóta.⁶⁵

4.6.1. Líkamstjón

Í ljósi þess að við mannvirkjagerð kemur oft fyrir að aðilar verði fyrir líkamstjóni við vinnu sína, er réttast að byrja á því að skoða hvaða þýðingu 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 hefur varðandi slík tjón. Í eftirfarandi dómi er fjallað um mögulega ábyrgð byggingarstjóra á líkamstjóni, en hér var deilt um ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997:

Dómur Hæstaréttar 28. febrúar 2013 í máli nr. 536/2012. Í málinu krafðist aðili skaðabóta frá byggingarstjóra framkvæmda, iðnmeistara, eiganda fasteignarinnar og váttryggingarfélagi byggingarstjórans eftir að hann datt ofan í byggingargrunn á vinnusvæðinu við sumarhús og hlaut í kjölfarið alverlega áverka. Byggði tjónþoli á því að bæði athafna og athafnaleysi stefndu hafi leitt til þess að vinnuáðstæður á staðnum hafi verið óafsakanlegar og af þeim sökum hafi háttsemi þeirra, þ.a.m. byggingarstjórans verið saknæm og ólögmat. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að byggingarstjórinn gæti ekki borið skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Niðurstaða réttarins var byggð á eftirfarandi röksemdum:

Á hinn bóginn voru ekki í þágildandi skipulags- og byggingarlögum lagðar skyldur á byggingarstjóra er lutu að því að tryggja öryggi eða aðbúnað á byggingarstað, heldur sneru þau verkefni, sem honum voru þar falin, að því mannvirki sem verið var að reisa. Var skyldum byggingarstjóra ætlað að tryggja að framkvæmd við gerð mannvirkis fullnægði faglegum og tæknilegum kröfum. Þegar framangreint er haft í huga og litið er til tilgangs og gildissviðs þágildandi skipulags- og byggingarlaga verður ekki af ákvæðum þeirra leidd skylda byggingarstjóra til að tryggja öryggi á byggingarstað. Engu breytir þar um þótt almennt ákvæði er lýtur að öryggisráðstöfunum á byggingarstað sé að finna í gr. 56.6 í byggingarreglugerð.

Af dómi þessum má ráða að þar sem ekki var fjallað sérstaklega um skyldur eða hlutverk byggingarstjóra í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, er varðaði öryggi á vinnustað gæti hann ekki borið ábyrgð á tjóninu. Það er hins vegar áhugavert að bera þennan rökstuðning saman við niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 267/2005 en þar var víðtæk ábyrgð byggingarstjóra

⁶⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 423.

meðal annars byggð á 118. gr. reglugerðar nr. 441/1998 sem fjallaði almennt um byggingarefni húsa. Í máli nr. 536/2012 var dómstólinn hins vegar ekki tilbúinn til þess að heimfæra ábyrgð byggingarstjóra undir almennt ákvæði reglugerðar sem snéri að öryggisráðstöfunum á byggingarstað. Það sem er einnig áhugvert að skoða í þeim dómi sem hér hefur verið fjallað um er að váttryggingarfélagi því, sem stefnt var til réttargæslu með byggingarstjóranum byggði á því að starfsábyrgðartryggingin tæki ekki til líkamstjóns en um þetta fjallað Hæstiréttur þó ekki sérstaklega af réttarfarslegum ástæðum. Þetta gefur hins vegar skýrlega til kynna að váttryggingarfélög hafi undanskilið líkamstjón í skilmálum sínum í tíð skipulags- og byggingarlagan nr. 73/1997.

Í grein Erlends Gíslasonar um hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra sem vísað var til hér ofan velti hann meðal annars fyrir sér hvort byggingarstjóri gæti borið ábyrgð á líkamstjóni við mannvirkjagerð. Í greinninni vísar hann til þess að í 36. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 sé mælt fyrir um skyldu byggingarstjóra á að samhæfa ráðstafanir þar sem fleiri en einn verktakar starfa á sama tíma, til þess að koma í veg fyrir slys.⁶⁶ Komst Erlendur að þeirri niðurstöðu að byggingarstjóri geti borið skaðabótaábyrgð samkvæmt framangreindu ákvæði. Eftirfarandi dómur tekur sérstaklega á þessum vangaveltum Erlends:

Dómur Hæstaréttar 14. febrúar 2013 í máli nr. 409/2012. Málsatvik voru þau að byggingarfulltrúi slasaðist á vinnusvæði eftir að byggingarpallur brotnaði undan fótum hans. Verktakinn B var með frjáls ábyrgðartryggingu í gildi og fékk byggingarfulltrúinn bætur greiddar frá váttryggingarfélagi verktakans. Umrætt váttryggingarfélag stefndi hins vegar byggingarstjóra verksins og váttryggingarfélagi hans til endurgreiðslu helmings þeirra fjárhæðar sem greidd var til tjónþola. Málsástæður stefnanda byggðust meðal annars á ákvæðum 36. gr. laga nr. 46/1980. Hæstiréttur komst að því að byggingarstjórinn væri ekki ábyrgur fyrir tjóninu en fjallaði þó sérstaklega um þýðingu framangreinds ákvæðis. Hæstiréttur vísaði til þess að þar sem einungis einn verktaki starfaði á svæðinu ætti ákvæði 36. gr. laga nr. 46/1980 ekki við í málinu og af þeim sökum hafi byggingarstjórinn ekki getað vanrækt skyldur laganna.

Tilvísun Hæstaréttar bendir sterklega til þess að byggingarstjóri geti í þeim aðstæðum þar sem fleiri en einn verktakar starfa, borið ábyrgð vegna vanrækslu á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 en þá er spurning hvort starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra taki til slíkrar vanrækslu.

Í núgildandi mannvirkjalögum nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 er ekki að finna ákvæði sem kveða á um að byggingarstjóra beri að tryggja öryggi á vinnustað. Að því sögðu má hins vegar fullyrða að 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 geri einfaldlega ráð fyrir því að byggingarstjóri geti borið ábyrgð gagnvart þriðja aðila. Í greininni

⁶⁶ Erlendur Gíslason, “Hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra” (2005) 2 Tímarit Lögréttu 2, 73.

kemur fram að byggingarstjóri beri ábyrgð á „tjóni“ gagnvart þriðja manni og tel ég að slíkt orðalag feli í sér að líkamstjóni geti átt við.⁶⁷ Að sama skapi eru engin ákvæði í reglugerð um starfsábyrgðartryggingu hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014 sem fela í sér að váttryggingarfélagum sé heimilt að undanskilja líkamstjón í skilmálum sínum enda fellur fjárhagstjón undir þann flokk tjóns. Þess ber að geta að skilmálar um starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þurfa að vera kynntir fyrir bæði umhverfis- og auðlindaráðaneytinu og Fjármálaeftirlitinu áður en þeir eru boðnir til aðila á markaði.⁶⁸

Samkvæmt mínum skilningi á niðurstöðu Hæstaréttar í málum nr. 536/2012 og 409/2012 þá verður byggingarstjóri ekki talinn ábyrgur fyrir líkamstjóni á grundvelli ákvæða mannvirkjalaga nr. 160/2010 í ljósi þess að þar er ekki kveðið á um að byggingarstjóra beri að tryggja öryggi á vinnustað. Komi til þess að lögin taki breytingum og löggjafinn feli byggingarstjóra enn stærra eftirlitshlutverk sem jafna megi til þess að honum sé skylt að gæta öryggis á vinnustað þá tel ég að váttryggingarfélag geti ekki borið slíka skilmála fyrir sig. Að sama skapi má líta til þess að þær aðstæður geta skapast þar sem einstaklingur verður fyrir líkamstjóni vegna framkvæmdargalla á mannvirki. Hér verður ekki velt upp mögulegum atvikum en í fræðilegum skilningi gætu slík atvik komið upp og þá tel ég að skilmálar váttryggingarfélaga séu í ósamræmi við ákvæði laganna. Þessa ályktun mína byggi ég aðallega á því að ákvæði 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 talar einfaldlega um „tjón“ og svo er þess sérstaklega getið að þriðji maður geti krafist bóta.

Ef tekið er mið af þeirri dómaframkvæmd sem ríkir um ábyrgð byggingarstjóra á líkamstjóni annarra manna þá má hins vegar ráða að sama niðurstaða myndi fást í dag er varðar öryggi á vinnustað. Þrátt fyrir þetta virðist vera sem byggingarstjóri geti persónulega borið ábyrgð á líkamstjóni ef tjónið verður rakið til vanrækslu á skyldu byggingarstjóra á að samhæfa ráðstafanir á vinnustað þar sem fleiri en einn verktakar starfa samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 46/1980. Að öllum líkindum myndi slík vanræksla hins vegar falla utan gildissviðs skilmála váttryggingarfélaga hér á landi. Í ljósi þeirra ályktana sem hér hafa verið dregnar fram má segja að framkvæmdin um slys sem leiðir til líkamstjóns við mannvirkjagerð sé óbreytt frá skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 í ljósi framangreindra dóma Hæstaréttar. Ákvæði 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 kveða hins vegar skýrt um þennan rétt í dag.

⁶⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 387.

⁶⁸ Reglugerð um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014, 9. gr.

4.6.2. Munatjón

Í ljósi framangreindra ályktana er einnig vert að velja því upp hvort byggingarstjóri geti borið ábyrgð á munatjóni. Merking hugtaksins munatjón felst í því að um er að ræða tjón á hlutbundnum verðmætum, öðrum en líkama.⁶⁹ Það gefur auga leið að inn í mannvirkjum eru yfirleitt margir lausafjármunir sem geta haft töluvert fjárhagslegt gildi en þessi munir geta eyðilagast vegna framkvæmdargalla á mannvirkjum. Í þessu samhengi er hægt að ímynda sér að þakleki eigi sér stað sem má rekja til vanrækslu byggingarstjóra á eftirlitskyldum hans og í kjölfarið eyðileggst parket á gólfi eignarinnar. Í slíku tilviki væri um munatjón á parketi að ræða sem rekja má til vanrækslu byggingarstjóra og iðnmeistara en samkvæmt skilmálum váttryggingarfélaga getur þjónþoli ekki krafist bóta frá váttryggingarfélaginu vegna skemmda eða eyðileggingar á parketinu. Með sömu forsendum og fjallað var um í tengslum við líkamstjón þá tel ég váttryggingarfélög geti ekki undanskilið munatjón í ljósi orðalags 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 sem felur í sér breytingu frá ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

4.6.3. Skyldur og ábyrgð byggingarstjóra í tengslum við ákvæði verksamninga

Eðli mannvirkjagerðar leiðir til þess að í langflestum tilfellum myndast tjón vegna skemmda eða galla á verki, eða starfsmenn framkvæmda verða fyrir líkamstjóni. Það er hins vegar mögulegt að aðili geti orðið fyrri fjárhagslegu tjóni án þess að framangreindar ástæður liggja fyrir. Samkvæmt þeim váttryggingarskilmála sem vísað var til hér að ofan þá þá liggur fyrir að umrædd trygging tekur aðeins til almenns fjártjóns sem byggingarstjóri veldur vegna vanrækslu á lögbundnum skyldum samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Samkvæmt dómaframkvæmd hér á landi virðist ekki vera að aðrar reglur gildi um bótagrundvöll þegar bóta er krafist fyrir almennt fjártjón.⁷⁰ Með almennu fjártjóni er átt við tjón sem hvorki fellur undir líkamstjón og munatjón. Dæmi um almennt fjártjón er til dæmis þegar tjón verður vegna missis hagnaðar eða vegna rekstrarstöðvunar.⁷¹

Í 2. mgr. 27. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er kveðið á um að um ábyrgð byggingarstjóra fari einnig eftir samningi hans við eiganda. Það má ráða að byggingarstjóri geti hins vegar ekki samið sig frá þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem hann ber samkvæmt 29. gr. sömu laga. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að byggingarstjóri taki að sér meiri ábyrgð gagnvart eiganda með samningi. Þá væri um svokallað sammingsábyrgð að ræða sem fellur

⁶⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 463.

⁷⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 31.

⁷¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 467.

utan skilmála váttryggingarfélaga. Ábyrgðartryggingar eru þess eðlis að þeim er aðeins ætlað að bæta tjón sem váttryggingartaki er skaðabótaskyldur fyrir samkvæmt almennum reglum.⁷² Við mannvirkjagerð er algengt að framkvæmdaraðili semji við verktaka um svokallaðar tafabætur eða dagsektir. Þetta felur í sér að komi til þess að verkaskil dragist fram yfir umsaminn tíma beri verktaka að greiða ákveðnar bætur eða fjárhæð á hverjum degi fram að verklokum.⁷³

Á Íslandi eru í gildi svokallaðar samningsskilmálar sem gilda um útboð vegna verkframkvæmda sem bera nafnið ÍST 30:2012 en staðalinn hefur verið notaður í tengslum við samningsgerð milli verkkaupa og verktaka við mannvirkjagerð. Um er að ræða skilmála sem gilda fyrir útboð verka en skilmálarnir geta einnig gilt um samninga án útboðs.⁷⁴ Skilmálarnir eru því gjarnan lagðir til grundvalla í almennum samningum verktaka við annan aðila. Í kafla 5.2. ÍST 30:2012 er fjallað um fresti og tafabætur og ber verktaka að halda því til haga að verk sé klárað innan ákveðins tímaramma sem getið er um í verksamning.⁷⁵ Eins og áður segir er algengt að við framkvæmdir sé samið um slíkar tafabætur eða dagsektir sem leiða til þess, að ljúki verktaki ekki framkvæmdum innan þess tímaramma sem kveðið er á um í samningi getur verkkaupi krafist bóta eftir fyrirfram ákveðni fjárhæð samkvæmt samning, án þess að þurfa sanna eiginlegt tjón.⁷⁶

Þrátt fyrir að algengt sé að menn semji um slíkar bætur sem hér er fjallað um þá eru margir óvissuþættir sem fylgja mannvirkjagerð og því getur verið erfitt að áætla nákvæmlega hvenær verki verður lokið. Um þetta er einnig fjallað í ÍST staðlinum í gr. 5.2.2., samkvæmt ákvæðinu getur verktaki krafist þess að verktími verði lengdur ef það verður til dæmis breyting á verkinu sem tefur framkvæmdir, ef verkkaupi uppfyllir ekki skyldur sínar sem valda því að framkvæmdir tefjast, óviðráðanleg atvik koma upp sem verktaka er ómögulegt að stjórna, s.s. eldsvoði eða náttúruhamfarir eða veðurfarsskilyrði eru sérstaklega óhagstæð. Í gr. 5.2.3. er svo vikið að því að ef verktaki telji sig eiga rétt á því að framlengja verktíma beri honum að senda rökstudda tilkynningu til verkkaupa eins fljótt og unnt er. Þau atvik sem kveðið er á um í gr. 5.2.2. eru ekki tæmandi talin og því geta aðilar ávallt samið um önnur atvik sem veita verktaka rétt á að krefjast framlengingar.

Samkvæmt 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 ber byggingarstjóri ekki

⁷² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, Bótaréttur II (Bókaútgáfa Codex 2015) 463.

⁷³ Páll Sigurðsson, Verksamningar (Bókaútgáfa Orators 1991) 148.

⁷⁴ Staðlaráð Íslands, „ÍST 30:2012: Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir“ (6. útg., Staðlaráð Íslands 2012) gr. 1.1.1 og 1.1.2.

⁷⁵ Staðlaráð Íslands, „ÍST 30:2012: Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir“ (6. útg., Staðlaráð Íslands 2012) gr. 5.2.1.

⁷⁶ Staðlaráð Íslands, „ÍST 30:2012: Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir“ (6. útg., Staðlaráð Íslands 2012) gr. 5.2.5 og 5.2.6.

ábyrgð á því að iðnmeistarar eða aðrir sem koma að verki uppfylli skyldur sínar samkvæmt kaup- eða verksamning en slíkt ákvæði var ekki í ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Það kemur því til álita hvernig skyldur byggingarstjóra samræmast þeim ákvæðum sem verkkaupi og verktakar gera með sér með samningum sín á milli. Eins og áður hefur komið fram hér í fyrri köflum ritgerðarinnar þá starfar byggingarstjóri fyrir eiganda sem faglegur fulltrúi hans við framkvæmdir og ber hann ýmsar skyldur samkvæmt 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Ástæða þess að áhugavert er að velja því upp hvort byggingarstjóri geti borið skaðabótaábyrgð gagnvart verktaka í tengslum við tafabætur er sú, að í mannvirkjalögum nr. 160/2010 er kveðið skýrlega á um ákveðnar eftirlitsskyldur byggingarstjóra sem geta haft áhrif á verktíma framkvæmda.

Með lögum nr. 64/2018 varð sú breyting gerð á mannvirkjalögum nr. 160/2010 að byggingarstjóri sér nú sjálfur um áfangaúttektir sbr. 6. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Í athugasemdum með frumvarpi til breytingarlaganna kom fram að „lagt er til að meginreglan verði sú, frá og með 1. janúar 2019, að byggingarstjóri annist áfangaúttektir í stað leyfisveitanda.⁷⁷ Núgildandi regluverk samkvæmt framangreindum lagagreinum sem hér hafa verið nefndar er einstaklega áhugavert í tengslum við það hvernig skyldur byggingarstjóra geta haft áhrif á niðurstöðu verksamninga. Ástæðan er sú að framkvæmd áfangaúttekta getur haft mikil áhrif á framvindu verkframkvæmda við mannvirkjagerð. Gefum okkur að verktaki sé að fara steypa botnplötu, en byggingarstjóri hefur vanrækt skyldu sína um að taka út járnabindingar áður en steypuvinna getur hafist. Í þessu tilviki væri verktaki einfaldlega aðgerðarlaus þar til úttekt hefur farið fram. Í mannvirkjalögum nr. 160/2010 er þó kveðið á um, að þrátt fyrir 2. mgr. 34. gr. þá geti eftirlitsaðili útgefanda byggingarleyfis tekið að sér að sjá um áfangaúttekt vegna vanrækslu byggingarstjóra, sbr. 3. mgr. 34. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Þetta ákvæði ýtir undir þær hugleiðingar að vanræksla byggingarstjóra á þessari skyldu sinni geti leitt til þess að verkframkvæmdir geta tafist í langan tíma. Í dómaframkvæmd hér á landi hefur ekki reynt á mögulega bótaábyrgð byggingarstjóra vegna tafabóta en eftirfarandi dómur getur þó gefið ákveðnar vísendingar um stöðuna en þar var fjallað um tafabætur í tengslum við sein skil á hönnunargögnum:

Dómur Hæstaréttar 18. september 2014 í máli nr. 58/2014. Málsatvik voru þau að verktakafélag krafði K, um greiðslu á tveimur reikningum vegna vinnu við byggingarframkvæmdir á húsi hans. K byggði á því að hann ætti gagnkröfu til skuldajafnaðar vegna dagsekta samkvæmt verksamningi aðila ÍST 30:2003. Í verksamningnum var kveðið á um að verki skyldi lokið 28. febrúar en lokaúttekt fór ekki fram fyrr en þremur mánuðum síðar. Verktakafélagið byggði á því að vegna mikilla tafa á afhendingu hönnunargagna hafi það verið utan stjórnar

⁷⁷ Alþt. 2017-2018, A-deild, þskj. 259 - 185 mál.

verktakans að klára verkið á tilskildum tíma, þetta var staðfest af eftirlitsmanni K. Hæstiréttur leit til þeirra skilyrða samkvæmt ÍST 30:2003 sem gáfu tilefni til þess að verktaki geti óskað eftir framlengingu og samkvæmt orðalagi dómsins þá gat verktakinn krafist þess að fá frest. Dómurinn leit hins vegar einnig til þess að verktakinn gat ekki sýnt fram á að hann hafi sent rökstudda tilkynningu til K þar sem óskað væri eftir því að skilátími yrði lengdur. Af þeim sökum var krafa K um tafabætur tekin til greina og henni skuldajafnað á móti kröfu verktakans.

Dómurinn er áhugaverður fyrir þær sakir að þarna urðu tafir á verkinu vegna þess að hönnunargögnum hafði ekki verið skilað inn, en líkt og fjallað var um í almennri umfjöllun um hönnuði þá ber þeim einnig að hafa lögboðna starfsábyrgðartryggingu í gildi. Um ábyrgð hönnuða í 23. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er hins vegar ekki fjallað um að þeir beri ábyrgð gagnvart þriðja aðila vegna tjóns sem þeir valda af gáleysi. Hafi byggingarstjóri borið ábyrgð á því að verk hafi tafist í umræddu máli kemur til álita hvort verktakinn hafi getað beint kröfum sínum að honum í kjölfar niðurstöðu dómsins. Framangreindur dómur gefur ákveðnar vísbendingar um hver réttarstaðan yrði í slíku tilviki. Niðurstaða réttarins setur það fordæmi að á verktaka hvíli fortakslaus skylda að senda eiganda rökstudda tilkynningu, vilji þeir fá frest frá umsömdum skiladegi. Samkvæmt núgildandi gr. 5.2.3 ÍST 30:2012 hvílir sama tilkynningarskylda á verktaka og vísað er til í dómi réttarins. Í b-lið. gr. 5.2.2. kemur fram að verktaki geti krafist framlengingar á verk tíma m.a. vegna þess að aðilar á vegum eiganda uppfylla ekki skyldur sínar. Það liggur fyrir að byggingarstjóri vinnur fyrir hönd eiganda framkvæmda samkvæmt 2. mgr. 27. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og ef hann sinnir ekki skyldum sínum ætti verktaki ætíð rétt á að fá framlengdan frest. Út frá þessu má álykta að ef verktaki myndi höfða dómsmál á hendur byggingarstjóra yrði ávallt litið til þess hvort verktaki hafi uppfyllt sína skyldu, um að senda eiganda rökstudda tilkynningu. Ef sú skylda er uppfyllt þá getur verktakinn ekki orðið fyrir tjóni í ljósi dóms Hæstaréttar í máli nr. 58/2014.

Ef atvikum þeim sem fjallað var um hér að framan er snúið við, þar sem verktaki tilkynnir eiganda með rökstuddum hætti að hann þurfi á frest að halda vegna vanrækslu byggingarstjóra þá getur eigandi ekki krafist tafabóta úr hendi verktaka. Hins vegar getur eigandi mögulega orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þeirra tafa sem verða á verki vegna sammings við annan þriðja mann. Það gæti einnig komið til þess að eigandi verði fyrir fjárhagslegu tjóni án þess að nokkur samningur liggja að baki. Sá augljósi munur sem felst í þessari atvikabreytingu er sá, að samningur eiganda við byggingarstjóra innheldur alla jafnan ekki ákvæði um að eigandi geti krafist byggingarstjóra um tafabætur en líkt og vísað var til hér að framan, er ekkert sem kemur í veg fyrir að eigandi og byggingarstjóri semji um rýmri ábyrgð.

Samkvæmt 7. mgr. 29. gr. ber byggingarstjóri skaðabótaábyrgð á tjóni sem eigandi verður fyrir samkvæmt almennum reglum. Að því gefnu að eigandi verði fyrir raunverulegu fjárhagslegu tjóni vegna vanrækslu byggingarstjóra liggur ljóst fyrir að eigandi þyrfti að sanna tjón sitt fyrir dómstólum en eftir stendur að í síðasta málslið 7. mgr. 29. greinar er tekið fyrir að byggingarstjóri geti ekki borið ábyrgð á vafnefndum iðnmeistara samkvæmt verksamningi. Hér að framan nefndi ég að byggingarstjóra beri að framkvæma áfangaúttektir sbr. 6. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og samkvæmt því ákvæði liggur fyrir, að fræðilega séð gæti vanræksla byggingarstjóra haft bein áhrif á fjárhagslegt tjón eiganda. Það eru einnig fleiri þættir sem byggingarstjóri getur vanrækt sem leiða til tafa á verki, til dæmis tilhæfisláusar kröfur byggingarstjóra um breytingar á ákveðnum verkþáttum.

4.6.4. Samantekt

Í þessum undirkafla hefur verið fjallað um á hvaða tjóni og gagnvart hverjum byggingarstjóri getur verið ábyrgur fyrir. Að sama skapi var litið til þess hvernig skyldur byggingarstjóra samkvæmt mannvirkjalögum nr. 160/2010 samræmast verksamningum sem gerðir eru milli verktaka og eiganda. Ef litið er til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þá sést greinilega að þar var hvergi talað um ábyrgð byggingarstjóra á þriðja manni en samkvæmt forsendum Hæstaréttar í máli nr. 536/2012 þá má áætla að þriðji aðili gæti almennt krafist bóta úr hendi byggingarstjóra. Að því gefnu að hann hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt þeim lögum sem ábyrgð hans byggði á.

Eins og fram hefur komið fjallað löggjafinn ekki um ástæðu þess að sérstaklega sé tekið fram í 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 að þriðji maður geti krafist bóta úr hendi byggingarstjóra samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins. Tel ég að eftirfarandi ástæður geti verið fyrir því að umrætt orðalag ákvæðisins hafi verið sett. Annað hvort hafi löggjafinn ætlað að undirstrika að síðari eigandi sem ekki stóð fyrir framkvæmdum eigi rétt til bóta⁷⁸ eða að með ákvæðinu sé tryggt að undir ákveðnum kringumstæðum geti byggingarstjóri orðið skaðabótaskyldur vegna líkamstjóns eða munatjóns eiganda eða þriðja manns. Það má einnig líta til þess að með ákvæðinu sé tryggt að lögboðin ábyrgðartrygging falli einnig undir annað tjón. Það gæti einnig verið að ákvæðinu hafi verið ætlað að taka á öllum þessum atriðum. Ég tel hins vegar að löggjafinn hafi ekki hugsað til þess að aðrar aðstæður gætu komið upp, þar sem háttsemi byggingarstjóra veldur eiganda eða þriðja manni öðru fjárhagslegu tjóni og hvernig hlutverk byggingarstjóra gæti skarast við verksamning eiganda og verktaka. Það má

⁷⁸ Samkvæmt e-lið. 4. mgr. 15. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 er kveðið á um að síðari eigendur teljist til eiganda.

hins vegar færa sterk rök fyrir því að það væri óeðlilegt að byggingarstjóri og samhliða váttryggingarfélag hans bæri ábyrgð á vanefndum verksamninga eða tjóni þriðja manns vegna tafa á verki. Slíkt gæti augljóslega leitt til misnotkunar og tryggingarsvika.

4.7. Nánar um meðábyrgð byggingarstjóra

Líkt og fjallað var um hér í kafla 4.4. þá varð sú breyting á, með gildistöku mannvirkjalaga nr. 160/2010 að það er sérstaklega kveðið á um að byggingarstjóri geti orðið meðábyrgur vegna galla sem rekja má til mistaka eða faglegra vinnubragða iðnmeistara eða hönnuða.⁷⁹ Þrátt fyrir að búið sé að fjalla um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt gefur orðalag ákvæðisins tilefni til þess að skoða betur hvað felst í orðinu meðábyrgð. Samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga var einfaldlega talað um ábyrgð byggingarstjóra í 3. mgr. 51. gr. en þessu hefur nú verið breytt. Orðalagið er áhugavert í ljósi þess að ef leitað er eftir orðinu í öllu lagasafni Íslands þá kemur orðið „meðábyrgð“ einungis fram í tveimur lagabálkum, annars vegar í 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 og hins vegar 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Í fyrrnefndu greininni er fjallað um orðið meðábyrgð í tengslum við tjónþola en ekki tjónvald. Í hinum forna Rómarrétti var talið að tjónþoli gæti tapað öllum sínum rétti til skaðabóta ef sagnæm háttsemi tjónþola ætti við en í íslenskum rétti var stuðst við sömu reglu alveg fram að fyrri heimstýrjöld. Síðustu áratugi hefur sú regla hins vegar verið lögð til grundvallar að bótakrafa tjónþola geti verið skert eða felld niður í tengslum við eigin sök tjónþolans.⁸⁰

Hugtakið meðábyrgð í skilningi skaðabótaréttarins er því að meginstefnu tengt við eigin sök tjónþola fremur en sök ákveðins tjónvalds. Í flestum tilfellum er staðan sú að einn aðili er talinn skaðabótaskyldur fyrir ákveðnu tjóni en á sviði mannvirkjaframkvæmda er það ekki óalgengt að margir aðilar séu taldir bera ábyrgð og þá mörgum stefnt samhliða í einu og sama málinu.⁸¹ Orðið meðábyrgð leiðir af sér að aðili sé einungis ábyrgur fyrir ákveðnum hluta tjóns, þ.e.a.s hann ber ábyrgð ásamt einhverjum öðrum. Það má velta því upp hvort hægt sé að krefja byggingarstjóra einan og sér um skaðabætur á grundvelli 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Orðalag lagagreinarinnar í heild sinni ber augljóslega með sér að svokölluð meðábyrgð byggingarstjóra vakni vegna verulegrar vanrækslu annarra aðila. Við mat á því hvort hugtakið hafi einhverja raunverulega þýðingu ber að líta til eftirfarandi meginreglu skaðabótaréttarins, „þegar fleiri en einn bera skaðabótaábyrgð er meginreglan um réttarstöðu þeirra gagnvart

⁷⁹ Lög um mannvirki nr. 160/2010, 5. mgr. 29. gr.

⁸⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 83.

⁸¹ Sjá til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 271/2011 og 570/2016.

tjónþola sú að þeir bera óskipta, þ.e. solidariska ábyrgð, gagnvart honum.⁸² Í þessu felst að sá sem verður fyrir tjóni getur einfaldlega beint kröfu sinni að einum af þeim aðilum sem teljast skaðabótaskyldir og krafið þann aðila um fullar bætur. Í kjölfarið getur sá sem greiðir tjónþola átt endurkröfurétt á hina aðila málsins.⁸³ Þessi meginregla sætir þó undantekningum samkvæmt bæði lögfestum og ólögfestum reglum.⁸⁴

Ef litið er á ákvæði um ábyrgðarskyldur byggingarstjóra í sögulegu ljósi þá liggur fyrir að löggjafinn var að reyna einfalda ágreiningsmál sem sprottið geta upp við mannvirkjagerð með því að gera einn aðila ábyrgan fyrir verki.⁸⁵ Ef litið er til 5. og 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 má færa rök fyrir því að löggjafinn hafi í orði, þrengt ábyrgð byggingarstjóra, þar sem byggingarstjóri verði ekki talin bera ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara.⁸⁶ Það ber því ekki eingöngu að líta til þess hagræðis sem felst í því að tjónþoli geti ákveðið hvaða aðila hann krefur um greiðslu, vegna tjóns sem hann verður fyrir⁸⁷, heldur verður einnig að líta til þess að ábyrgð byggingarstjóra og skylda hans til þess að hafa gilda starfsábyrgðartryggingu er ætlað að tryggja tjónþola greiðslu.

Hér að framan var einnig vísað til mögulegs réttar aðila á að endurkrefja þann sem er sameiginlega ábyrgur en um slíkar aðstæður er fjallað í 25. gr. skaðabótalaga. Ákvæðið snýr að því hvernig skipta beri greiðslum ef tjónvaldur er fleiri en einn. Í 1. mgr. greinarinnar segir, „beri tveir eða fleiri óskipta bótaábyrgð skal ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því sem sanngjarnt þykir þegar litið er til eðlis skaðabótaábyrgðar þeirra og atvika að öðru leiti.“ Talið er að ákvæðið komi einungis til ef allir þeir sem eru skaðabótaskyldir hafi ábyrgðartryggingu eða enginn þeirra. Þessi regla getur meðal annars leitt til þess að hægt sé að skipta ábyrgð aðila innbyrðis.⁸⁸ Í 2. mgr. 25. gr. laganna er hins vegar kveðið á um reglur sem taka til þeirra atvika þegar nokkrir eða einn aðili fellur undir vernd ábyrgðartryggingar en ekki allra þeirra sem eru skaðabótaskyldir. Orðalag ákvæðisins er ekki auðlesið en textinn felur í sér að sá aðili sem ekki hefur ábyrgðartryggingu getur ekki verið endurkrafinn af öðrum aðilum sem njóta verndar ábyrgðartryggingar án þess að ákveðin skilyrði séu uppfyllt.⁸⁹ Þau skilyrði eru að tjóni hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi eða að tjóni sé valdið í opinberri starfsemi eða einkaátvinnurekstri.⁹⁰ Í ljósi þess að verk iðnaðarmeistara og hönnuða eru öllu jafnan unnin

⁸² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Codex 2015) 458. Bein tilvitnun

⁸³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Codex 2015) 458.

⁸⁴ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 459.

⁸⁵ Alþt. 1977, A-deild. Þskj. 14 - 14. mál.

⁸⁶ Lög um mannvirki nr. 160/2010, 7. mgr. 29. gr.

⁸⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 458.

⁸⁸ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 459.

⁸⁹ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 460.

⁹⁰ Skaðabótalög nr. 50/1993, 2. mgr. 19. gr.

í atvinnurekstri þá ætti byggingarstjóri og/eða tryggingarfélag sem veitir lögboðna starfsábyrgðartryggingu að eiga endurkröfurétt á þá sem eru einnig ábyrgir fyrir tjóni.

Frá því að lög um mannvirki tóku gildi hafa fallið dómur þar sem einungis byggingarstjóra og vátryggingarfélagi er stefnt á grundvelli 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 vegna ágalla á eign.⁹¹ Það hefur þó ekki orðið ágreiningur um hvort stefnanda hafi verið skylt að beina kröfum sínum einnig að þeim sem teljast meðábyrgir. Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttarins um að tjónþoli geti ákveðið að hverjum hann beinir kröfum sínum, í ljósi tilgangs ákvæða um lögboðna starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra og vegna reglu 2. mgr. 25. gr. skaðabótalaga má ætla að hugtakið meðábyrgð leiði ekki til breytinga á þeirri framkvæmd að hægt sé að ganga að byggingarstjóranum einum. Það má hins vegar færa rök fyrir því að það sé ávallt í hag þess sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna galla á mannvirkjagerð að beina kröfum sínum að báðum aðilum enda gæti iðnmeistari eða hönnuður borið ábyrgð sem fellur ekki undir þau ströngu skilyrði sem kveðið er á um í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga. Þar sem hugtakið meðábyrgð er aðallega tengt við eigin sök tjónþola í skilningi skaðabótaréttarins tel ég að betra orðalag hafi verið „ber byggingarstjóri óskipta ábyrgð“.

4.8. Sakarmat byggingarstjóra á grundvelli sérfræðiábyrgðar

Hér í ritgerðinni hefur almennt verið fjallað um svokallaða sérfræðiábyrgð en efni ritgerðarinnar gefur tilefni til þess að fjalla nánar um þessa beitingu sakarreglunnar. Í þeim dómum sem reifaðir voru í kafla 4.3. og 4.4. kom aldrei beint fram í niðurstöðum Hæstaréttar að ábyrgð byggingarstjóra væri byggð á grundvelli sérfræðiábyrgðar. Í máli Hæstaréttar nr. 267/2005 vísaði stefnandi þó sérstaklega til þess í dómkröfum sínum að byggingarstjóri væri sérfræðingur við mannvirkjagerð og bæri því að sæta ströngu sakarmati.⁹² Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi ekki sagt berum orðum að byggingarstjórar séu dæmdir á grundvelli sérfræðiábyrgðar þá tel ég að niðurstöður dómstólsins gefi það til kynna. Þessa ályktun dreg ég út frá því að byggingarstjórar voru í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 taldir ábyrgir fyrir smávægilegum annmörkum sem mátti rekja til ófaglegra vinnubragða iðnmeistara sem byggingarstjórar áttu að verða varir við. Ástæða þess að hér er fjallað sérstaklega um þessa beitingu sakarreglunnar er vegna þess að í athugasemdum með frumvarpi mannvirkjalaga nr. 160/2010 er sérstaklega kveðið á um að gert sé ráð fyrir því að sakarmat byggingarstjóra verði byggt á ströngum sérfræðimælikvarða.⁹³

⁹¹ Sjá til dæmis Hrd. 26. október 2017 í máli nr. E-1005/2016.

⁹² Hrd. 20. desember 2005 í máli nr. 267/2005.

⁹³ Alþt. 2010-2011, A-deild. Þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir við 29. gr., mgr. 7.

Í skaðabótarétti er almennt talið að hjá ákveðnum starfsstéttum megi gera ríkari kröfur til vandaðrar vinnubragaða en á öðrum starfssviðum.⁹⁴ Þessar ríku kröfur eiga sér gjarnan stoð í lagaákvæðum sem gilda um tilteknar starfsstéttir. Þess ber að geta að hið stranga sakarmat á bæði við um tjón á hagsmunum þess aðila sem sérfræðingur starfar fyrir og á þriðja manni.⁹⁵ Í bók Eiríks Jónssonar og Viðar Mús Matthíassonar, bótarétti I, vísa höfundar til þess að 15. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 veiti vísbendingu um að ríkari kröfur gildi um fasteignasala samkvæmt ákvæðinu.⁹⁶ Í ákvæðinu segir:

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal einnig gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.⁹⁷

Í 1. mgr. 28. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er eftirfarandi ákvæði:

Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar eða verksamning við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerð koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laga þessara, reglugerðar og samningi við eiganda

Segja má að ákveðin líkindi séu með framangreindum ákvæðum þar sem í þeim báðum er kveðið á um að gæta þurfi að réttmætum hagsmunum og um byggingarstjóra er vísað til þess að hann sé faglegur fulltrúi. Það má einnig líta til þess að strangt sakarmat á grundvelli sakarreglunnar hefur fylgt í kjölfar útbreiðslu ábyrgðartrygginga hér á landi og virðist sérfræðiábyrgðin haldast í hendur við lögboðnar ábyrgðartryggingar.⁹⁸

Það er hins vegar áhugvert að velja því upp hvort byggingarstjóri geti í raun verið sá mikli sérfræðingur á öllum sviðum mannvirkjagerðar sem af honum er krafist. Líkt og áður hefur komið fram byggir sérfræðiábyrgð á því, að gera megi umfangsmiklar kröfur og væntingar til þess, að aðili tileinki sér vönduð vinnubrögð og sýni mikla aðgæslu.⁹⁹ Oft á tíðum má draga þær ályktanir frá ákvæðum laga að sérstaklega ríkar kröfur séu gerðar til ákveðna aðila að viðhafa vönduð vinnubrögð til dæmis lækna, lögmannna og fasteignasala.¹⁰⁰ Þrátt fyrir að lögmennt og læknar starfi oft á mismunandi sviðum innan hvers geira þá er hlutverk þeirra

⁹⁴ Eiríkur Jónsson og Viðar Mús Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 178.

⁹⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Mús Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 178.

⁹⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Mús Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 178.

⁹⁷ Lög um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015, 1. mgr. 15. gr.

⁹⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Mús Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 224.

⁹⁹ Viðar Mús Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Codex 2005) 504.

¹⁰⁰ Viðar Mús Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 505.

afmarkað við nákvæmlega þá stétt. Eins og komið var að hér í inngangskafli ritgerðarinnar þá getur mannvirkjagerð verið gríðarlega flókin og umfangsmikil og að framkvæmdum koma oft á tíðum mjög margir aðilar með mismunandi bakrunn og þekking. Þegar ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 eru skoðuð þá liggur fyrir að þeir sem gátu tekið að sér starf byggingarstjóra á þeim tíma verið húsasmíðameistarar, múrrameistara, pípulagningameistarar, vélvirkjameistarar, rafvirkjameistara og tæknifræðingar sem höfðu öðlast tilskilin leyfi.¹⁰¹ Í þessu samhengi er áhugavert að velta því upp hvort t.d. rafvirkjameistari geti raunverulega talist sérfræðingar vegna verkþátt sem eru á höndum húsasmíðameistara. Til þess að varpa nánara ljósi á þessar vangaveltur er áhugvert að skoða dóm Hæstaréttar 12. júní 2012 í máli nr. 341/2012

Málavextir voru þeir að fjölmargir aðilar höfðu keypt íbúðir í fjölbýlishúsi af Á ehf. en byggingarstjóri hússins var einnig fyrirsvarsmaður félagsins. Stefnendur kröfðust skaðabóta úr hendi byggingarstjóra hússins sem og múrrameistararum H vegna galla sem stefnendur töldu vera á eigninni en umræddur galli varðaði múrhúð hússins. Í héraði var málinu vísað frá í ljósi þess að það lá ekki fyrir samkvæmt matsgerð hversu stór hluti verksins væri haldin galla þegar byggingarstjórinn og múrrameistarinn hættu störfum. Mál hæstaréttar snérist því eingöngu um það hvort málið skyldi tekið til efnismeðferðar fyrir héraðsdómi en var því hafnið. Sýknukrafa byggingarstjórans í hinum frávísaða dómi fyrir héraði byggðist meðal annars á því, að byggingarstjórinn væri húsasmíðameistari **og af þeim sökum hafi hann enga sérþekkingu á múrverki** og hafi því ekki getað gætt þess að múrverkið hafi verið unnið með fullnægjandi hætti.

Rök byggingarstjórans í málinu eiga vel við þær vangaveltur sem hér er fjallað um en í niðurstöðukafla héraðsdóms tók dómurinn sérstaklega fram að byggingarstjórinn væri skaðabótaskyldur vegna þeirra galla sem voru á múrverki hússins með vísan til 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, 32. gr. byggingarreglugerðar og fordæmisgefandi niðurstöðum Hæstaréttar í málum sem varða ábyrgð byggingarstjóra. Röksemdir byggingarstjórans í framangreindu máli fylgir þó nokkur sannleikur. Húsasmíðameistari hefur alla jafnan ekki slíka þekkingu eða reynslu að hann geti endilega lagt mat á hvort verk múrrameistara séu unninn með fullnægjandi hætti. Það er einnig ólíklegt að rafvirkjameistari geti lagt mat á hvort vinna pípulagningarmeistara sé nægilega faglega unnin. Líkt og fjallað var um í kafla 3.2. um iðnmeistara þá er eitt af verksviðum múrrameistara að annast flísalögn en, slík vinna fellur á engan hátt undir sérfræðiþekking rafvirkjameistar. Þessar ályktanir mínar byggi ég meðal annars á því að hafa unnið við byggingarframkvæmdir. Í þessu samhengi er vert að huga að fyrri umfjöllun í kafla 2.3., þar sem fjallað var um hvað felst í umræddri

¹⁰¹ Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, 2. mgr. 51. gr.

beitingu sakarreglunnar. Í henni felst að meiri kröfur eru gerðar til þess hvað aðili sá eða mátti sjá um afleiðingar ákveðinnar háttsemi. Sérfræðingur á því að gera sér betur grein fyrir því tjóni sem orðið getur ef hann fer gegn þeim reglum sem gilda í starfsemi hans.¹⁰² Tel ég að sá iðnmeistari sem sinnir ákveðnu verki hverju sinni geti einn talist sem eiginlegur sérfræðingur og að sérfræðiábyrgð byggingarstjóra geti aðeins tekið til þeirra verka sem hann hefur raunverulega sérfræðiþekkingu á.

Þau sjónarmið sem hér hafa verið lögð til grundvallar taka sérstaklega mið af ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 en samkvæmt núgildandi mannvirkjalögum nr. 160/2010 er kveðið á með mun ítarlegri hætti um þá reynslu sem viðkomandi þarf að hafa við byggingarframkvæmdir, eigi hann að geta tekið að sér starf byggingarstjóra.¹⁰³ Eins og fyrri umfjöllun ber með sér, um hver ábyrgð byggingarstjóra er samkvæmt 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, þá hefur dómur Hæstaréttar í máli nr. 570/2016 vakið upp ákveðnar spurningar sem gera réttarstöðuna óljósa.

Ákvæði 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 tel ég að gefi til kynna að ábyrgðarsvið byggingarstjóra sé ekki jafn víðtækt og það var í gildistíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samkvæmt orðanna hljóðan þá getur byggingarstjóri ekki borið ábyrgð nema ágalli teljist verulegur, sé tilkominn vegna stórfelldrar vanrækslu og hafi ekki átt að ekki dulist byggingarstjóra við eftirlit sitt. Mat dómstóla á því hvort byggingarstjóra hefði átt að verða ágalla var, gæti hins vegar farið fram með ströngum hætti í tengslum við sérfræðiþekkingu byggingarstjórans ef tekið er mið af athugasemdum með greinagerð mannvirkjalaga nr. 160/02010. Í þeim málum sem gætu ratað inn á borð dómstóla í framtíðin verður áhugavert að sjá hvort strangara sakarmat gildi um þá ágalla sem eru á sviði fagþekkingar hvers byggingarstjóra. Gæti rafvirkjameistari sem byggingarstjóri til dæmis sótt strangara mati á því hvort hann ætti að hafa orðið var við galla, ef umræddur galli tengist hans sérsviði og þekking. Að mínu mati má færa rök fyrir því að sakarmat á grundvelli sérfræðiábyrgðar sé einmitt réttlæt看leg í slíkum tilfellum en að sama skapi þykir mér óeðlilegt að byggt sé á slíkum mælikvarða þegar umræddur verkþáttur er ekki á sérsviði byggingarstjóra. Í þessu samhengi má sérstaklega líta til 3. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 þar sem kveðið er á um að byggingarstjóri geti skorið úr um vafa á túlkun hönnunargagna. Hér má velta því upp hvort eðlilegt sé að þípulagningameistari flokkist sem sérfræðingur ef hann tekur ákvörðun um túlkun hönnunargagna er varða til dæmis burðarþol byggingar.

Þrátt fyrir að iðnmeistarar hafi gjarnan ákveðna grunnþekkingu á ýmsum sviðum

¹⁰² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 573.

¹⁰³ Sbr. 1., 2., 3., og 4. mgr. 28. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

mannvirkjagerðar þá get ég ekki fallist á að þeir verði túlkaðir sem sérfræðingar á öllum mögulegum sviðum. Það má hins vegar færa rök fyrir því að sá aðili sem tekur að sér starf byggingarstjóra gefi sig út fyrir að vera sérfræðingur við byggingarframkvæmd jafnvel þó þekking hans og reynsla nái aldrei til allra þeirra þátta sem eiga við mannvirkjagerð. Með vísan til almennrar umfjöllunar um sérfræðiábyrgð í kafla 2.3. þá skiptir jafnan ekki máli hvort aðili sé raunverulega sá sérfræðingur sem hann gefur sig út fyrir að vera, heldur er nóg að hann haldi því fram.¹⁰⁴

Til þess að draga framangreinda umfjöllun saman má segja að dómstólar geti áfram byggt ábyrgð byggingarstjóra á hinni sérstöku sönnunarreglu sakarreglunar. Vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á lögnum má álykta að slíkt mat sé í raun ekki eins mikilvægt í tengslum við meðábyrgð byggingarstjóra þegar litið er til þeirra ströngu skilyrða sem fram koma í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Það má enda gera ráð fyrir því að meistarar á flestum iðnsviðum sem og aðrir faglærðir aðilar eigi að verða varir við augljós mistök. Þetta helst þó beint í hendur við hvernig dómstólar meta hvað teljist til stórfelldrar vanrækslu og verulegra ágalla. Að lokum má líta til þess að sú breyting átti sér stað með lögum um mannvirki nr. 160/2010 að búið er að þrengja þann hóp manna sem geta tekið að sér störf byggingarstjóra enda þurfa þeir að uppfylla stífari skilyrði en áður voru í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Hér í næsta kafla verður sérstaklega vikið að mögulegum breytingum á ákvæðum um byggingarstjóraskipti og mögulegum álitamálum þeim tengdum.

5. Byggingarstjóraskipti

5.1. Tímamark byggingarstjóraskipta

Við mannvirkjagerð getur ávallt komið til þess að mannaskipti eigi sér stað við framkvæmdir, nýir verktakar t.d. húsasmiðir, rafvirkjar eða pípulagningamenn koma og fara vegna allskonar ástæðna en þetta getur einnig átt við um byggingarstjóra. Staðan er sú að við mannvirkjagerð, getur komið til þess að skipt sé um byggingarstjóra en þá er talað um svokölluð byggingarstjóraskipti. Í 5. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sagði:

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdarstjóri mannvirkis áður en verki er lokið skal það tilkynnt byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt byggingarfulltrúa.

Í 6. mgr. sömu greinar var svo kveðið á um að ábyrgð aðkomandi byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd **takmarkist við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.**

¹⁰⁴ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 573.

Ákvæði um byggingarstjóraskipti hafa þó tekið ákveðnum breytingum samkvæmt nágildandi mannvirkjalögum nr. 160/2010. Með frumvarpi laganna var m.a kveðið á um að skerpa þyrfti á ákvæðum um byggingarstjóraskipti þrátt fyrir að ákvæði skipulags- og byggingarlaga væru þokkalega skýr.¹⁰⁵ Í mannvirkjalögum nr. 160/2010 er fjallað um byggingarstjóraskipti í 30. gr. laganna en í 1. mgr. greinarinnar segir:

Hætti byggingarstjóri umsjón með framkvæmdum áður en lokaúttekt fer fram skal hann tilkynna það á sannanlegan hátt til útgefanda byggingarleyfis. **Fellur ábyrgð byggingarstjóra á verkinu niður vegna verkþátta sem ólokið er þegar leyfisveitandi tekur á móti slíkri tilkynningu.** Eiganda er skylt að sjá til þess að framkvæmdir séu stöðvaðar þar til nýr byggingarstjóri hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu og útgefandi byggingarleyfis hefur staðfest að hann uppfylli skilyrði 27., 28. og 29. gr. Leyfisveitandi skal án ástæðulauss dráttar frá móttöku tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði gera úttekt á stöðu framkvæmda og skulu bæði fráfarandi byggingarstjóri, ef þess er kostur, og hinn nýi undirrita úttektina.

Í 2. mgr. er svo kveðið á um heimildir útgefanda byggingarleyfis að stöðva framkvæmdir, sé þeim haldið áfram án byggingarstjóra. Í þeim tilvikum sem byggingarstjóraskipti eiga sér stað er í raun tvennt sem kemur til álita, í fyrsta lagi hvert er hið raunverulega tímamark sem markar að byggingarstjóraskipti hafi átt sér stað og í öðru lagi fyrir hverju telst nýr byggingarstjóri ábyrgur fyrir. Í þessu samhengi er vert að líta til niðurstöðu héraðsdóms í eftirfarandi máli:

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur febrúar í máli nr. E-3187/2007. Vextir málsins voru þeir að félagið F, tryggði sér byggingarleyfi fyrir iðnaðarhúsnæði á Gylfaflöt. E var skráður sem byggingarstjóri verksins í maí 1999. Byggingarleyfishafinn F fór fram á að E skildi hætta störfum sem byggingarstjóri og þann 23. nóvember 1999 óskaði E eftir því við byggingarfulltrúa að vera skráður af verkinu. Rúmlega viku seinna óskaði Ö eftir því við byggingarfulltrúa að taka að sér byggingarstjórn og gekk það eftir. Þeir aðilar sem keyptu einingu í umræddu atvinnuhúsnæði fóru að verða varir við ýmsa galla og vankanta á eigninni og höfðuðu mál gegn F, E og Ö. Krafa aðilanna gegn byggingarstjórnunum var byggð upp með þeim hætti að þeir bæru sameiginlega ábyrgð á öllum þeim göllum sem komu fram í matsgerð. Við byggingarstjóraskiptin fór hins vegar ekki fram stöðuúttekt á framkvæmdunum og framkvæmdir héldu áfram án þess að sú úttekt hafi farið fram. Í niðurstöðu réttarins var komist að þeirri niðurstöðu að krafa á hendur byggingarstjórnunum báðum væri illa afmörkuð þar sem óljóst var, á hvaða framkvæmdum hvaða byggingarstjóri bar ábyrgð á. Af þeim sökum var kröfum á hendur þeim E og Ö vísað frá dómi.

Ástæða þess að krafa stefnanda var ekki betur sundurliðuð á sitthvorn byggingarstjórnann má rekja til þess að dómkvaddir matsmenn gátu ekki aðgreint hvaða verkþættir voru unnir fyrir byggingarstjóraskiptin. Í niðurstöðum héraðsdóms var þó sérstaklega nefnt að nýr

¹⁰⁵ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir við 30. gr.

byggingarstjóri beri einungis ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann hefur störf, sbr. 6. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Segja má að orðalag umrædds ákvæði hafi gefið mjög skýrt til kynna, að ábyrgðin taki aðeins til þeirra verka sem framkvæmd eru eftir að nýr byggingarstjóri hefur störf en í ljósi þess að byggingarfulltrúinn hafði ekki sinnt sínu lögboðna hlutverki um að framkvæma stöðuúttekt þá hafi sönnunarfærsla fyrir því hver bar ábyrgð á hverju verið mjög erfið.¹⁰⁶ Við mat á því hvenær byggingarstjóri geti talist vera hættur störfum og að sama skapi losnað frá skyldum og ábyrgð sinni er vert að líta til eftirfarandi dóms Hæstaréttar:

Dómur Hæstaréttar 15. febrúar 2018 í máli nr. 17/2017. Málsatvik voru þau að félagið B stefndi tryggingarfélagin S og krafðist bóta vegna ágalla á eign sem B hafði eignast árið 2005. Við byggingarframkvæmdir á eigninni var Á byggingarstjóri á árunum 2006-2008 en hann var með lögbundna ábyrgðartryggingu frá S. Í Hæstarétti var einungis metið hvort krafa B væri niður fallin vegna tómlætis eða fyrningar en dómurinn veitir hins vegar ákveðin svör við því á hvaða tímapunkti ábyrgð byggingarstjóra tekur enda og hins aðkomandi byggingarstjóra byrjar. Byggingarstjórinn Á sendi tilkynningu til byggingarfulltrúa í lok maí 2008 þar sem hann óskaði þess að framkvæmdir yrðu stöðvaðar í ljósi þess að hann hafi hætt störfum þann 15. maí. Raunveruleg byggingarstjóraskipti átt sér hins vegar ekki stað fyrr en 12. nóvember 2008. Ágreiningur málsaðila snérist einmitt um hvort fyrningarfrestur hafi hafist 15. maí eða 12. nóvember. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að miða ætti frestinn við 15. maí þ.e.a.s þann dag sem byggingarstjórinn Á, lýsti því yfir að hann væri hættur störfum. Dómurinn leit til ákvæðis 5. og 6. mgr. 51. gr. sem og sambærilegs ákvæðis 36. gr. þágildandi byggingarreglugerðar og taldi að þar sem stöðuúttekt á verkinu var framkvæmd 15. maí að beiðni Á og í ljósi þess að það kom skýrt fram í tilkynningu byggingarstjórans í lok maí að hann hafi hætt störfum þann 15. sama mánaðar hafi hann uppfyllt allar sínar skyldur. Dómurinn vísaði svo til þess að það hafi verið á ábyrgð eiganda að ráða nýjan byggingarstjóra sem og að stöðva frekari framkvæmdir.

Dómur þessi er áhugaverð í tengslum við svokölluð byggingarstjóraskipti í ljósi hins nýja ákvæðis í lögum um mannvirki. Í fyrsta lagi, liggur fyrir að í framangreindu máli þá miðar dómstóllinn við að ábyrgð byggingarstjórans hafi verið fallinn niður frá og með 15. maí en tilkynning byggingarstjórans barst hins vegar ekki til byggingarfulltrúa fyrr en í lok sama mánaðar. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 fellur ábyrgð byggingarstjóra hins vegar niður þegar leyfisveitandi hefur **tekið á móti slíkri tilkynningu**. 5. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var ekki eins skýr um þetta atriði en þar kom einungis fram að byggingarstjóra bæri að tilkynna um að hann hætti störfum til byggingarfulltrúa. Það má hins vegar álykta að þar sem stöðuúttekt fór fram 15. maí þá hafi byggingarstjóri raunverulega verið hættur öllum störfum og dómurinn sennilega tekið mið af því. Ef núgildandi

¹⁰⁶ sbr. 2. mgr. 40. gr. og 4. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

ákvæði um byggingarstjóraskipti væri túlkað samkvæmt orðanna hljóðan má hins vegar álykta að ábyrgð byggingarstjórans í framangreindu máli hafi fallið niður 27. maí þegar byggingarfulltrúa fékk tilkynningu efnislega í hendurnar.

Að lokum er vert að líta til dóms Hæstaréttar 11. maí 2017 í máli nr. 571/2016.

Mál þetta snérist einnig um hvort ábyrgð byggingarstjóra væri fallin niður fyrir fyrningu. Í málinu var þó einnig fjallað um byggingarstjóraskipti. Byggingarstjórinn hélt því fram fyrir réttinum að hann hafi sagt sig frá byggingarstjórn byggingarframkvæmda á raðhúsum árið 2002 en þetta hafði haft áhrif á bótaskyldu hans í málinu. Hæstiréttur tók fram líkt og héraðsdómur að jafnvel þótt byggingarstjórinn hafi haldið því fram fyrir dómi að hann hafi hætt sem byggingarstjóri við verkið árið 2002 þá hafi hann ekki sannað að hann hafi afhent slíkt tilkynningarbréf til byggingarfulltrúa og engin gögn í málinu sem staðreyndu þann framburð.

Það verður að teljast eðlilegt að byggingarstjóra beri að sanna að hann hafi raunverulega tilkynnt byggingarfulltrúa um að hann hætti störfum, en þrátt fyrir það kemur til álita við hvaða dag eigi að miða. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 fellur ábyrgð byggingarstjóra ekki niður, fyrr en leyfisveitandi hefur móttengið slíka tilkynningu. Það má því velta því upp hver réttarstaðan er ef byggingarstjóri sendir tilkynningu til byggingarfulltrúa en vegna mistaka er hún ekki móttekin fyrr en mánuði síðar. Hér er augljóslega um algjört takmarka tilvik að ræða en þetta verður að teljast áhugavert í fræðilegu samhengi.

5.2. Hvað þýðir ólokið verk

Líkt og orðalag 1. mgr. 30. gr. mannvirkjalaga ber með sér þá fellur ábyrgð byggingarstjóra niður á verkum sem eru **ólokin**. Af þeim sökum er eðlilegt að velta því upp hvað nákvæmlega orðið þýðir. Þegar litið er til dómaframkvæmdar í tíð skipulag- og byggingarlaga þá virðist vera sem byggingarstjórar almennt hafi ekki verið látnir bera ábyrgð á óloknum verkþáttum, en þetta er í raun alveg óháð því hvort byggingarstjóraskipti hafi farið fram. Eftirfarandi dómur gefur þetta skýrt til kynna:

Dómur Hæstaréttar 29. mars 2012 í máli nr. 307/2011. Í málinu var byggingarstjóri krafinn um bætur vegna ýmissa galla á eign og var byggingarstjórinn búinn að fallast á ákveðna þætti sem heyrðu undir ábyrgð hans. Byggingarstjórinn hafnaði því hins vegar að ábyrgð hans tæki til ólokinna verkþátta. Hæstiréttur vísaði í niðurstöðum sínum til forsenda héraðsdóms sem komst að þeirri niðurstöðu að byggingarstjórinn gæti ekki borið ábyrgð á verkþáttum sem ekki höfðu verið kláraðir.

Í nýlegri dómi Hæstaréttar var tekist á um samskonar ágreining en dómurinn varðaði ákvæði mannvirkjalaga.

Dómur Hæstaréttar 3. desember 2015 í máli nr. 271/2015. Í málinu kröfðust aðilar þess að verktaki og byggingarstjóri bæru skaðabótaábyrgð á fjölda ágalla á framkvæmdum við bílskúr, verönd og stoðveggi. Fyrir Hæstarétti leiddi niðurstaðan til þess að ekki þurfti að taka sérstaklega til skoðunar ábyrgð byggingarstjórans en fyrir héraði byggði váttryggingarfélag byggingarstjórans sem stefnt var til réttargæslu í málinu á því, að starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra væri ekki efndatrygging og að skilmálar tryggingarinnar væru takmarkaðar við skyldur byggingarstjóra samkvæmt 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Váttryggingarfélagið vísaði einnig til þess að ábyrgðin væri bundin við almennar reglur skaðabótaréttarins utan samninga og af þeim sökum geti byggingarstjóri ekki verið talin ábyrgur fyrir óloknum verkþáttum.

Fyrir héraðsdómi var því hafnað að byggingarstjórinn væri ábyrgur fyrir óloknum verkþáttum en það má segja að 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga hafi fest í sessi það fordæmi sem Hæstiréttur hafði sett varðandi ábyrgð byggingarstjóra á óloknum verkum. Slíkt falli einfaldlega undir verksamning eiganda við verktaka.

Við byggingarframkvæmdir og þá sérstaklega þegar um er að ræða stór verk, þá eru fjölmargir verkþættir sem geta verið hálfkláraðir á hverjum tíma. Það gefur því auga leið að við byggingarstjóraskipti hefur fráfarandi byggingarstjóri haft eftirlit með verkþáttum sem aðkomandi byggingarstjóri mun einnig hafa eftirlit með. Það kemur því til álita hvort báðir byggingarstjórarnir beri sameiginlega ábyrgð á þeim þáttum sem eru hálfkláraðir. Ef ákvæði 1. mgr. 30. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er túlkað samkvæmt orðanna hljóðan má færa rök fyrir því að fráfarandi byggingarstjóri beri ekki sameiginlega ábyrgð á hálfkláruðu verki enda telst þeim verkþætti ekki lokið en í takmarkatilvikum gæti myndast ágreiningur um hvar ábyrgðin liggur.

5.3. Samantekt

Umfjöllun um svokölluð byggingarstjóraskipti fyrir dómstólum landsins er fremur fátíð en þeir dómur sem hafa verið reifaðir í þessum kafla bera þó með sér að skipulags- og byggingarlög hafi ekki verið fullkomlega skýr hvað varðar slík skipti. Þær ályktanir sem má draga frá framangreindri umfjöllun eru eftirfarandi. Búið er að snúa við því orðalagi sem kom fram í 6. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 um að ábyrgð nýs byggingarstjóra takmarkist eingöngu við þá verkþætti sem unnið er eftir að hann hefur störf.

Samkvæmt núgildandi ákvæði um byggingarstjóraskipti er talað um að ábyrgð fráfarandi byggingarstjóra falli niður vegna þeirra framkvæmda sem ekki hafa verið kláraðar.¹⁰⁷ Ef litið er til forsendna í áður reifuðum héraðsdómi þá má draga þá gagnályktun

¹⁰⁷ Lög um mannvirki nr. 160/2010, 1. mgr. 30. gr.

frá 6. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, að þar sem nýr byggingarstjóri ber ábyrgð á þeim verkum sem unnin eru eftir að hann hefji störf, þá beri fráfarandi byggingarstjóri eingöngu ábyrgð á þeim verkum sem unnin voru á þeim tíma er hann var starfandi. Það má því færa sterk rök fyrir því að sambærilega gagnályktun megi heimfæra á núgildandi ákvæði 1. mgr. 30. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Í þessu samhengi verður einnig að líta til þess að í byggingarreglugerð nr. 441/1998 kom fram að leyfisveitanda væri skylt að gefa tryggingarfélagi fráfarandi byggingarstjóra tækifæri til þess að taka stöðu á verkinu og meta þætti þess við stöðuúttekt.¹⁰⁸ Í núgildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012 er nánast samhljóða ákvæði en þetta gefur augljóslega til kynna að þrátt fyrir breytingu á orðalagi ákvæða um byggingarstjóraskipti þá geti aðkomandi byggingarstjóri samkvæmt núgildandi lögum ekki borið ábyrgð á framkvæmdum sem fóru fram undir eftirliti fráfarandi byggingarstjóra.

Þrátt fyrir að ákvæðin um byggingarstjóraskipti hafi verið gerð aðeins ítarlegri þá er ekki hægt að segja að búið sé að koma í veg fyrir mögulegan ágreining í tengslum við hvar ábyrgð hvers byggingarstjóra liggur eftir að byggingarstjóraskipti fara fram. Þetta helst í hendur við skyldur útgefanda byggingarleyfis, þ.e.a.s. í flestum tilfellum byggingarfulltrúa að sinna starfskyldum sínum með fullnægjandi hætti. Ef litið er til dómaframkvæmdar hér á landi þá liggur hins vegar ljóst fyrir að eftirlitsskyldum sveitarfélaga og þeirra sem fram koma fyrir þeirra hönd eru ekki alltaf fullnægjandi.¹⁰⁹ Það má einnig draga þá ályktun að í stað þess að segja að ábyrgð byggingarstjóra falli niður þegar leyfisveitandi tekur á móti tilkynningu, hefði frekar mátt segja „þegar leyfisveitandi **staðfestir móttöku** tilkynningar“ Að lokum má draga þá ályktun að þrátt fyrir að ákvæði um byggingarstjóraskipti hafi verið gerð ítarlegri í mannvirkjalögum nr. 160/2010 er ekki hægt að segja að þau sé skýrari en áður gildandi ákvæði í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

6. Önnur álitamál og vangaveltur um hlutverk, skyldur og ábyrgð byggingarstjóra

6.1 Áhrif samnings byggingarstjóra við eiganda

Líkt og áður segir voru taldar ríkar ástæður til að skerpa á ákvæðum um byggingarstjóra í lögum um mannvirkjagerð til þess að afmarka ábyrgð og skyldur hans með skýrari hætti. Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 27 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er óheimilt að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdum án þess að búið sé að ráða byggingarstjóra sem telst hæfur til starfsins samkvæmt 28. gr. laganna. Í 1. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sagði hins vegar, að við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis skal vera byggingarstjóri. Bæði

¹⁰⁸ Byggingarreglugerðar nr. 448/1998, 36. gr.

¹⁰⁹ Sjá til dæmis Hrd. 18. maí 2017 í máli nr. 570/2016.

ákvæðin leiða af sér að ráðning byggingarstjóra sé ein forsenda þess að byggingarframkvæmdir megi hefjast. Í 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er m.a. fjallað um ábyrgð, umboð og skyldur byggingarstjóra en í ákvæðinu segir einnig að umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda fari að öðru leyti eftir samningi þeirra á milli. Með ákvæðinu var því ekki lögð skylda á að samningur væri á milli byggingarstjóra og eiganda heldur grundvallaðist ábyrgð byggingarstjóra sjálfkrafa á 1. mgr. 51. gr. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 kemur hins vegar fram að byggingarstjóri sé faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfi í umboði hans samkvæmt **skriflegum** ráðningar eða verksamningi við eiganda.

Í ljósi lagabreytingarinnar kemur til álita hvaða áhrif það getur haft ef ekki er gerður skriflegur samningur milli byggingarstjóra og eiganda. Það er því áhugavert að líta til eftirfarandi dóma við skoðun á því.

Dómur héraðsdóms Vestfjarða 5. Apríl 2004 í máli nr. E-124/2003. Í málinu var deilt um hvort ábyrgð byggingarstjóra væri hendi eftir að fyrirtækið S gerði samning við A um að byggja sumarhús til brottflutnings. Sá sem kom fram fyrir hönd S og byggði húsið var ófaglærður og í ljós kom að húsið var haldið verulegum göllum samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna. A höfðaði mál gagnvart bæði S og B, en B hafði ritað undir yfirlýsingu sem byggingarstjóri að ósk S, án vitneskju A. B byggði sýknukröfu sína á því að hann hafði tekið við starfinu eftir að búið var að smíða húsið og það hafi hann einungis gert svo hægt væri að koma húsinu á áfangastað samkvæmt kröfu byggingarfulltrúa. B hafði í raun ekkert komið að verkinu, né haft eftirlit með smíði hússins. Í niðurstöðu dómsins var komist að því að B hefði átt að vita hvaða ábyrgð gagnvart eiganda fylgdi því að taka að sér starf byggingarstjóra samkvæmt 51. og 52. gr. skipulags- og byggingarlaga og bar því að greiða fyrir það tjón sem A hafði hlotið.

Í máli þessu kemur bersýnilega í ljós að þrátt fyrir að byggingarstjóri sé ekki í beinu samningssambandi við eiganda byggingarframkvæmda þá kom það ekki í veg fyrir ríkar ábyrgðarskyldur hans samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í þessu samhengi er hins vegar áhugavert að velta upp niðurstöðu úr eftirfarandi dómi.

Dómur Landsréttar 31. maí 2019 í máli nr. 819/2018. Stefndi í málinu hafði fengið leyfi til þess að byggja raðhúsálengju í Garðabænum en verktakfyrirtækið SS vann auglýst útboð í byggingarframkvæmdir verksins. Í samningsskilmálum útboðsins var tekið fram að verktaki skyldi tilnefna byggingarstjóra og í kjölfarið tilnefndi SS húsasmíðameistarann H. 26. júlí 2016 ritaði stefndi undir eyðublöð til byggingarfulltrúa en þar kom fram að að V ehf. yrði byggingarstjóri en um er að ræða félag í eigu húsasmíðameistarans, samdægurs ritaði H undir eyðublað byggingarfulltrúans. Í nóvember 2017 sendi H fyrir hönd V reikninga til stefnda fyrir vinnu byggingarstjóra vegna byggingar húsanna. Stefndi svaraði H með þeim hætti að reikningarnir yrðu ekki greiddir að óbreyttu en væri þó til í að semja við H um lyktir málsins. Landsréttur komst að því að stefndi hafði

samþykkt H sem byggingarstjóra og samtímis hafi hann tekið á sig þær skyldur sem því fylgir. Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. mannvirkjalaga þar sem kveðið er á um að byggingarstjóri sé faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfi í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamning við eiganda, gerðu aðilar ekki með sér slíkan samning. Hins vegar hafði H unnið í þágu stefnda og talið að hann ætti rétt á greiðslu. Dómurinn hafnaði því að SS ætti að greiða H fyrir vinnu hans samkvæmt útboðs- og samningsskilmálum. Af þeim sökum féllst dómurinn á fjárkröfu V sem stefnda bar að greiða.

Héraðsdómur tók fram í niðurstöðum sínum að skriflegur samningur lægi ekki fyrir eins og áskilið er samkvæmt ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 og reglugerðar nr. 112/2012 og að umboð eiganda til byggingarstjóra gæti ekki verið túlkað sem slíkur samningur.

Í athugasemdum með frumvarpi mannvirkjalaga er ekki fjallað sérstaklega um ástæðu þess að nú hvíli skylda á aðilum að gera með sér skriflegan samning en samkvæmt forsendum Landsréttar má gera ráð fyrir því að skriflegur samningur sé einfaldlega ekki nauðsynlegur milli byggingarstjóra og eiganda en þessi túlkun gæti skipti máli í framtíðinni þar sem sambærilegur ágreiningur gæti komið upp á milli aðila sem taka að sér verk í gegnum útboð, eða einfaldlega við önnur venjuleg verk. Í þessu samhengi er þó einnig vert að líta til athugasemda með frumvarpi um 15. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 en þar er kveðið á um að eigandi geti samhliða verið byggingarstjóri yfir framkvæmdum.¹¹⁰

Dómur Landsréttar í framangreindu máli fjallar augljóslega ekki um hvort ábyrgð byggingarstjóra sé fyrir hendi, heldur snérist málið um hvort byggingarstjóri ætti rétt á greiðslu frá eiganda þrátt fyrir skort á samningi samkvæmt 2. mgr. 27. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Slíkur samningur virðist ekki vera nauðsynlegur í tengslum við álitamál er varða greiðsluskyldu fyrir vinnu byggingarstjóra. Að sama skapi má álykta að ábyrgð byggingarstjóra gildi fullum fetum þrátt fyrir skort á samningi milli byggingarstjóra og eiganda. Eðli málsins samkvæmt myndi eigandi ekki gera samning við sjálfan sig sem byggingarstjóra og í þessu samhengi virðist skyldan um skriflegan samning samkvæmt 2. mgr. 27. gr. ekki ganga upp. Það liggur fyrir að þeir tveir dómar sem hér hafa verið til umfjöllunar fjalla ekki báðir um ábyrgð byggingarstjóra en það má sterklega draga þá ályktun að ábyrgð byggingarstjóra gangi fullum fetum þrátt fyrir að skriflegur samningur milli byggingarstjóra og eiganda liggi ekki fyrir.

¹¹⁰ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82-78. mál, „Í frumvarpi þessu er rík áhersla lögð á hlutverk byggingarstjórans við byggingarframkvæmdir sem eins konar umboðsmanns eiganda, sem hefur eftirlit með því að aðrir sem að framkvæmdum koma sinni sínum skyldum, sbr. umfjöllun hér síðar um hlutverk byggingarstjóra. Ekkert er því til fyrirstöðu að eigandi mannvirkis sé jafnframt byggingarstjóri þess, að því gefnu að hann uppfylli hæfniskröfur og hafi starfsleyfi sem slíkur. Byggingarfyrirtæki sem byggir í eign nafni getur því jafnframt verið byggingarstjóri mannvirkisins séu framangreind skilyrði uppfyllt.“

6.2. Áhrif samnings byggingarstjóra við iðnmeistara

Í 1. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er mælt fyrir um að byggingarstjóri skuli gera skriflegan samning við þá iðnmeistara sem ráðnir eru til verks. Í slíkum samningum skal meðal annars kveðið á um hvaða verkþáttum iðnmeistari mun bera ábyrgð á. Sambærileg ákvæði var áður að finna í byggingarreglugerð nr. 441/1998 en þar var hins vegar ekki kveðið á um samningur skyldi vera skriflegur.¹¹¹ Hér að framan dró ég þá ályktun að byggingarstjóri beri ábyrgð þrátt fyrir skort á samningi við eiganda framkvæmda en það er hins vegar áhugavert að velta því upp hvort ábyrgð byggingarstjóra takmarkist ef samningur er ekki gerður milli iðnmeistara og byggingarstjóra. Alla jafnan liggur ljóst fyrir hvaða aðilar koma að verkframkvæmdum en undir ákveðnum kringumstæðum getur komið til þess að aðrir verktakar eða iðnmeistarar komi að hluta framkvæmda og þá vaknar sú spurning hvort byggingarstjóri geti borið ábyrgð á þeirra verkþáttum ef samningur liggur ekki fyrir. Í dómaframkvæmd hefur lítið reynt á umrædd tilvik en hér verður þó lítið til tveggja dóma sem varpa ákveðnu ljósi á þær kringumstæður sem getað myndast í tengslum við þessar vangaveltur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. mars 2012 í máli nr. E-1038/2011. Í málinu hafði verktakafyrirtæki sem einnig var byggingaraðili verið að slá upp raðhúsi árið 2003 en árið 2005 keypti Þ húsið af fyrirtækinu þegar það var næstum tilbúið til tréverks. Þ lauk við framkvæmdir hússins án þess að byggingarstjóraskipti höfðu farið fram og seldi það síðar til sonar síns og eiginkonu hans í ágúst árið 2005. Húsið var svo aftur selt árið 2007 en þriðju eigendur eignarinnar urðu varir við ýmsa galla á fasteigninni. Eigendurnir reyndu að beina kröfum sínum að uppranalegum verktaka en sá aðili var tekin til gjaldþrotaskipta árið 2010 og fyrir það hafnaði hann kröfum um viðbætur. Byggingarstjóri eignarinnar var hins vegar starfsmaður uppranalega verktakans og hafði hann ekki tilkynnt til útgefanda byggingarleyfis að hann væri hættur störfum við sölu á húsinu. Eigendurnir ákváðu að krefja hann um bætur sem og váttryggingarfélagi því sem hafði selt honum starfsábyrgðartryggingu. Í matslið E, sem stefnendur byggðu á við málssókn sína var byggingarstjórinn krafinn um bætur vegna frágangs á gólfflísum en byggingarstjórinn hélt því fram að á því gæti hann ekki borið ábyrgð í ljósi þess að flísarnar voru lagðar af verktakanum Þ sem hafði keypt eignina ókláraða árið 2005. Héraðsdómur taldi að umræddur matsliður félli ekki undir ábyrgð byggingarstjórans á þeim grundvalli að gallann mætti rekja til skorts á viðhaldi eignarinnar.

Dómurinn varpar áhugaverður ljósi á þær aðstæður sem geta leitt til þess að byggingarstjóra er stefnt vegna verkframkvæmda sem hann kom aldrei að og voru unnar af aðila sem hann hafði ekki gert samning við. Forsenda héraðsdóms samkvæmt framangreindum matslið byggist hins vegar ekki á því að byggingarstjórinn hafi ekki getað borið ábyrgð á framkvæmd annarra

¹¹¹ Byggingarreglugerðar nr. 441/1998, 33. gr.

aðila á verkinu sem hann var grandlaus um þrátt fyrir að vera skráður byggingarstjóri. Í eftirfarandi dóm sem einnig kom til skoðunar í kafla 5. um byggingarstjóraskipti má þó finna frekari svör við þessu umhugsunarefni:

Dómur Hæstaréttar 11. maí 2017 í máli nr. 571/2016. Byggingaraðilinn S hafði staðið fyrir byggingu raðhúsa á höfuðborgarsvæðinu og var SÁ byggingarstjóri við framkvæmdir. Byggingaraðilinn seldi íbúðir í húsinu tilbúnar til innréttinga árið 2002 til aðila sem áframseldu íbúðirnar skömmu seinna. Árið 2013 fóru að koma fram mygluskemmdir í húsinu og að lokum kröfðu eigendur íbúða raðhússins byggingarstjórn SÁ um bætur vegna saknæmrar háttsemi hans, þar sem þak hússins hafi ekki verið í samræmi við samþykktu uppdrætti. Fyrir Hæstarétti byggðist niðurstaðan á þeim grundvelli að krafa íbúðareiganda væri fyrnd en í dónum kom þó fram að ósannað væri að byggingarstjórinn hafi sagt sig frá verkinu árið 2002. Fyrir héraðsdómi reyndi þó á, hvort byggingarstjórinn væri ábyrgur fyrir framkvæmdum á þaki sem unnið var af verktökum sem hann hafði ekki samþykkt né vitað af. Þessar framkvæmdir áttu sér stað árið 2003-2004. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að það væri ósannað að byggingarstjórinn hafi gefið fyrirmæli eða haft eftirlit með þeim framkvæmdum sem áttu sér stað á umræddu tímabili og að sama skapi væri **ósannað að verkið hafi verið unnið af iðnmeisturum sem komu að verkinu fyrir hans atbeina.** Af þeim sökum var byggingarstjórinn ekki talin ábyrgur fyrir þeim þætti málsins.

Það verður að teljast óheppilegt að Hæstiréttur hafi ekki fjallað sérstaklega um þennan þátt málsins en orðalag héraðsdóms gefur ákveðna vísbendingu um hver réttarstaðan er, þrátt fyrir að dómurinn hafi tekið á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 hefur löggjafinn ákveðið að kveða á um þá skyldu með skýrum hætti að skriflegur samningur skuli liggja fyrir milli iðnmeistara og byggingarstjóra og tel ég að undir þeim kringumstæðum sem hér hefur verið fjallað um geti byggingarstjóri ekki orðið ábyrgur vegna verkframkvæmda sem ótengdir aðilar vinna, byggingarstjóra að óvörum. Það má hins vegar velja því upp að byggingarstjóri geti undir ákveðnum kringumstæðum borið ábyrgð á verkum iðnmeistara sem hann hefur ekki samþykkt. Dæmi um þetta væri ef að byggingarstjóri yrði þess var að ósamþykktir iðnmeistarar væru að störfum við framkvæmdir og hann myndi án athugasemd leyfa því að viðgangast. Í slíkum tilfellum má álykta að byggingarstjóri geti ekki komið sér undan ábyrgð.

6.3. Ábyrgð byggingarstjóra í gegnum fyrirtæki

Í 28. gr. mannvirkjalaga er fjallað um starfsleyfi byggingarstjóra en byggingarstjórnar þurfa að hafa starfsleyfi frá mannvirkjastofnun. Til þess að uppfylla þau skilyrði sem lögð eru til grundvallar í lögnum þarf sá sem sækist eftir því að gerast byggingarstjóri að uppfylla ákveðnar kröfur, sbr. 1., 2., 3, og 4. mgr. 28. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Þeir aðilar sem

geta gerst byggingarstjórar er taldir upp með tæmandi hætti í framangreindum málsgreinum en það eru meðal annars húsasmíðameistarar, pípulagningamenn, rafvirkjameistarar, arkitektar, verkfræðingar o.fl.. Lögin krefjast þess að fyrrnefndir aðilar hafi ákveðna starfsreynslu við byggingaframkvæmdir en sú starfsreynsla getur verið mislöng eftir því hvort um er að ræða t.d., húsasmíðameistara eða tæknifræðing.¹¹² Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. er hinsvegar gefin heimild fyrir því að fyrirtæki eða stofnanir geti tekið að sér ábyrgð byggingarstjóra, að því gefnu að hjá fyrirtækinu starfi einstaklingur sem hafi starfsleyfi til að taka að sér byggingarstjórn við mannvirkjagerð. Þessi heimild var ekki til staðar í upprunalegum skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, en þegar þau tóku fyrst gildi var einungis gert ráð fyrir því að einstaklingar gætu tekið að sér stöðu byggingarstjóra. Með lögum nr. 170/2000 um breytingu á skipulags og byggingarlögum var því ákvæði bætt við, að fyrirtæki og stofnanir gætu tekið að sér byggingarstjórn. Í athugasemd með frumvarpi til breytingarlaganna var ekki fjallað ítarlega um ástæðu þess að umrædd heimild væri sett inn í lög. Um 24. gr. frumvarpsins kom þó eftirfarandi fram:

Í c-lið er lagt til að fyrirtækjum og stofnunum verði heimilt að vera byggingarstjórar. skv. 51. gr. geta fyrirtæki ekki orðið byggingarstjórar heldur eingöngu einstaklingar. Þetta er bagalegt og hefur komið sér illa, enda taka fyrirtæki oft að sér byggingarstjórn og er því eðlilegt að breyta greininni þannig að fyrirtæki þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði til þess að vera byggingarstjóri geti tekið að sér skyldur byggingarstjóra og þar með þá ábyrgðartryggingu sem lögboðin er.¹¹³

Af þessu orðalagi má ráða að það hafi almennt tíðkast að fyrirtæki væru að taka að sér ábyrgð byggingarstjóra án þess að heimild væri fyrir því. Þess ber einnig að geta að sambærileg heimild kom inn með sömu breytingarlögum fyrir hönnuði og var það ákvæði tekið upp í 3. mgr. 47. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Það ákvæði er nú að finna í 6. mgr. 23. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Eini munurinn á ákvæðunum er í raun sá að ekki er kveðið á um að stofnanir geti tekið að sér hlutverk hönnuðar. Í athugasemdum með frumvarpi til mannvirkjalaga nr. 160/2010 kom eftirfarandi fram um 28. gr. laganna:

Í 5. mgr. er áfram sú heimild sem nú er í 3. tölul. 2. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga að fyrirtæki og stofnanir geti í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð. Sett er það skilyrði að þegar fyrirtæki eða stofnun fær heimild til að takast í eigin nafni á hendur ábyrgð byggingarstjóra í skjóli starfsmanns, sem hefur starfsleyfi, skuli sá starfsmaður annast byggingarstjórn á vegum fyrirtækisins. Tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst að **takmarka þá persónulegu ábyrgð** sem einstaklingur, sem starfar hjá byggingarfyrirtæki, ber á verkinu, enda hefur hann oft minna ákvörðunarvald

¹¹² Lög um mannvirki nr. 160/2010, 2., 3., og 4. mgr. 28. gr.

¹¹³ Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 698 - 430 mál.

varðandi bygginguna en sjálfstæður aðili. Ákvæði skaðabótalaga mundu einnig takmarka persónulega ábyrgð þessa einstaklings gagnvart vinnuveitanda sínum og þriðja manni, sérstaklega ef vinnuveitandinn hefur tryggingu sem tekur til ábyrgðarinnar.¹¹⁴

Þarna er tekið fram með skýrum hætti að tilgangur ákvæðisins felist í því að takmarka persónulega ábyrgð byggingarstjóra. Í síðasta málslið ummælanana er svo nánast fullyrt að ákvæði skaðabótalaga kæmu í veg fyrir að starfsmaður fyrirtækis sem hefur tekið að sér byggingarstjórn gæti borið persónulega ábyrgð. Í komandi umfjöllun verður því leitast við að svara því hvort framangreind ummæli standist skoðun og reynt að draga fram hver réttarstaðan er undir ákveðnum kringumstæðum.

Í kafla 2.5. í ritgerð þessari var fjallað með almennum hætti um vinnuveitandaábyrgð en samhengisins vegna verður farið dýpra í skoðun á reglunni í tengslum við mögulega bótaábyrgð byggingarstjóra sem er starfandi hjá fyrirtæki eða stofnun. Þrátt fyrir að reglan um vinnuveitandaábyrgð feli í sér aukið hagræði fyrir tjónþola í tengslum við möguleika hans á að fá fullar bætur greiddar, þá felur reglan ekki í sér að starfsmaður losni sjálfkrafa undan skaðabótaábyrgð sinni. Starfsmaður ber því samhlíða ábyrgð á því tjóni sem hann kann að hafa valdið með saknæmri háttsemi.¹¹⁵ Þess ber að geta að öll þau fyrirtæki eða stofnanir sem taka að sér starf byggingarstjóra er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu.¹¹⁶ Þrátt fyrir þessa tilhögun löggjafans þá má ekki gleyma því að starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra bæta aðeins tjón upp að vissu marki.¹¹⁷

Samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð er hugtakið starfsmaður túlkað með mjög víðtækum hætti. Talið er að reglan eigi við um alla þá sem vinna ákveðið verk fyrir annan aðila.¹¹⁸ Eigi reglan um vinnuveitandaábyrgð að koma til greina er það almennt skilyrði að eiginlegur vinnuveitandi hafi húsbóndavald yfir þeim störfum sem annar maður sinnir.¹¹⁹ Hins vegar er ekki nauðsynlegt að vinnuveitandi hafi heimild til þess að segja starfsmanni með nákvæmum hætti hvernig hann vinnur ákveðið verk.¹²⁰ Til einföldunar má útskýra skilyrði vinnuveitandaábyrgðar með eftirfarandi hætti, „skilyrði þess að A beri vinnuveitandaábyrgð á B að B vinni verk í þágu A, að beiðni A eða með vitund hans og að A hafi möguleika til þess að fara með stjórn verksins.“

Það liggur fyrir að 5. mgr. 28. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 heimilar fyrirtækjum að

¹¹⁴ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál.

¹¹⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 311.

¹¹⁶ Lög um mannvirki nr. 160/2010, 8. mgr. 29. gr.

¹¹⁷ Reglugerðar um starfsábyrgðartryggingu hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014, 5. og 6. gr.

¹¹⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 268.

¹¹⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 270.

¹²⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 273.

taka að sér starf byggingarstjóra en eðli málsins samkvæmt þarf ávallt raunverulegur einstaklingur að sinna verkinu . Í ljósi fræðilegrar umfjöllunar um vinnuveitandaábyrgðina kemur til álita hvaða þýðingu það hefur að fyrirtæki sé ábyrgt fyrir framkvæmdum. Í fyrsta lagi má líta til þess hver réttarstaða byggingarstjóra er, þegar einstaklingur er skráður byggingarstjóri fyrir verki en geri það fyrir hönd fyrirtækis sem hann starfar hjá. Ef umræddur einstaklingur sinnir byggingarstjórastarfinu fyrir hönd fyrirtækis þrátt fyrir að vera skráður persónulega fyrir framkvæmdum kemur til álita hvort reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við. Hér að ofan var nefnt að reglan um vinnuveitandaábyrgð getur átt við þrátt fyrir að vinnuveitandi geti ekki sagt starfsmanni hvernig honum beri nákvæmlega að sinna störfum sínum. Þetta atriði skipti mikilu máli í tengslum við störf byggingarstjóra enda er sjálfstæði þeirra í starfi mikið. Ef hins vegar hægt er að sanna að byggingarstjóri í umræddu tilvik hafi raunverulega tekið að sér starfið fyrir hönd annars aðila, þrátt fyrir að byggingarstjórinn hafi persónulega skráð sig fyrir verkinu má ætla að skilyrði vinnuveitandaábyrgðar séu uppfyllt.

Framangreindar aðstæður sem fjallað var um í tengslum við byggingarstjóra verða að teljast sjáldgæfar í framkvæmd. Almennt séð má segja að einstaklingar taki að sér starf byggingarstjóra með þrennum hætti. Í fyrsta lagi getur einstaklingur sem uppfyllir hæfniskröfur laganna tekið að sér ábyrgð á verki persónulega, án þess að nokkuð félag sé á bak við hann. Í öðru lagi getur byggingarstjóri starfað sem slíkur í gegnum eigið félag sem hann hefur stofnað, en þá má segja að hann sé bæði fyrirsvarsmáður félagsins, sem og starfsmaður þess. Í þriðja lagi þá hefur færst í aukana að verkfræðistofur og byggingarfélög séu farin að taka að sér byggingarstjórn við mannvirkjagerð. Í síðastnefndu aðstæðunum er í raun einhver almennur starfsmaður innan fyrirtækisins, til dæmis verkfræðingur sem tekur að sér starfið fyrir hönd fyrirtækisins sem skráð er fyrir framkvæmdum.

Líkt og áður hefur komið fram þarf starfsábyrgðartrygging ávallt að liggja fyrir áður en aðili eða einstaklingur tekur að sér byggingarstjórn.¹²¹ Þær aðstæður geta hins vegar skapast, þar sem starfsábyrgðartrygging dekkar ekki allt það tjón sem tjónþoli verður fyrir. Það má því velja því upp hvort ákvæði 5. mgr. 28. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 leiði raunverulega til þess að byggingarstjóri verði ekki fyrir persónulegu tjóni vegna saknæmrar vanrækslu við störf sín. Ef einstaklingur hefur tekið að sér byggingarstjórn í eigin nafni án þess að starfa fyrir fyrirtæki þá er ekkert því til fyrirstöðu að tjónþoli beini einfaldlega kröfum sínum beint að byggingarstjóranum og í slíkum aðstæðum getur byggingarstjóri orðið persónulega ábyrgur. Til þess að svara því hvort réttarstaða byggingarstjóra sé öðruvísi ef ábyrgð hans er í gegnum fyrirtæki er nauðsynlegt að líta til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993. Frá setningu laganna

¹²¹ Lög um mannvirki nr. 160/2010, 8. mgr. 29. gr.

hefur þróunin verið í þá áttina að starfsmenn vinnuveitanda beri á endanum ekki persónulega ábyrgð vegna starfa sinna fyrir hönd vinnuveitanda.¹²²

Í 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga kemur eftirfarandi fram:

Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis.

Umrædd regla fól í sér mikla réttarbót fyrir starfsmenn en samkvæmt reglunni þá getur starfsmaður samt sem áður orðið skaðabótaskyldur fyrir því tjóni sem ábyrgðartrygging tekur ekki til. Í hinu ímyndaða dæmi hér að ofan þá myndi framangreind regla 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 ekki eiga við um það tjón sem ekki fæst greitt úr ábyrgðartryggingu. Í lögnum er hins vegar gert ráð fyrir þessum aðstæðum og í 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er kveðið á um að hægt sé að fella niður eða skerða ábyrgð starfsmanns á þeim grundvelli að það þyki sanngjarnt í ljósi sakar og stöðu starfsmannsins. Í 24. gr. laganna er svo að finna almenna lækkunarreglu en í 1. mgr. greinarinnar segir:

Lækka má bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgðin yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður að öðru leyti skerðingu eða niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þegar metið er hvort ástæða sé til að beita heimildinni skal líta til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, váttrygginga aðila og annarra atvika.

Líkt og vikið var að hér að framan þá hefur framkvæmd síðustu áratuga þokast í þá átt, að starfsmaður verði ekki sá aðili sem ber endanlega skaðabótaábyrgð en í nýlegri dómaframkvæmd má sjá þess merki að í auknum mæli sé starfsmönnum stefnt samhliða vinnuveitanda í skaðabótamálum.¹²³ Í þessu samhengi er vert að líta til eftirfarandi dóma:

Dómur Hæstaréttar 14. apríl 2011 í máli nr. 412/2010. Í málinu höfðaði aðili mál gegn íslenska ríkinu og þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra sem ákvað að skipa stefnanda ekki í embætti héraðsdómara þrátt fyrir að hann hafi verið talið hæfari til starfsins að mati dómnefndar. Í málsástæðum dóms- og kirkjumálaráðherra var byggt á því að hann yrði sýknaður á grundvelli 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ráðherrann var talinn bera sameiginlega ábyrgð með íslenska ríkinu fyrir Hæstarétti, en í þeim dómi var hins vegar ekki vikið að þessum málsástæðum ráðherrans. Í héraði kom hins vegar fram að umrætt mál væri einstakt og af þeim sökum ætti framangreint ákvæði skaðabótalaga ekki við í málinu.

Dómur Hæstaréttar í 9. maí 2018 í máli nr. 462/2017. Í málinu var starfsmanni stefnt til greiðsla bóta vegna vinnuslys sem kom til vegna háttsemi hans er hann tók að sér að afferma álprófílbúnt sem féll niður á stefnanda. ásamt starfsmanninum var fyrirtækjunum E og Á, einnig stefnt en starfsmaðurinn

¹²² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015) 311.

¹²³ Sjá til dæmis Hrd. 9. maí 2018 í máli nr. 462/2017.

starfaði hjá þeim síðarnefnda og var einnig í forsvari fyrir fyrirtækið. Byggði starfsmaðurinn bæði á reglu 2. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og vísaði til þess að yrði hann fundinn bótaskyldur yrði það honum verulega þungbært og að félögin tvö sem stefnt væri í málinu gætu betur ráðið við slíka skaðabótaábyrgð. Í héraði leit dómstóllinn til þess að fyrirtækið sem starfsmaðurinn starfaði hjá var ekki með ábyrgðartryggingu og starfsmaðurinn hafi ekki sýnt fram á að skilyrði 2. mgr. 23. greinar ættu við í málinu og hann talin bera óskipta ábyrgð ásamt fyrirtækjunum tveimur. Fyrir héraði var hins vegar ekki fjallað um lækkunarkröfu starfsmannsins á grundvelli 24. gr. laganna. Í dómi Hæstaréttar kom hins vegar fram að starfsmaðurinn sem olli líkamstjóninu væri í raun atvinnurekandi samkvæmt 12. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og að slysið átti sér stað við atvinnurekstur sem hann veitti forstöðu og af þeim sökum ótækt að fella ábyrgð starfsmannsins niður samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laganna en vísaði að öðru leyti til forsenda héraðsdóms.

Héraðsdómur Reykjavíkur 30. október 2019 í máli nr. E-137/2019. Í málinu krafðist leikari skaðabóta vegna þess að honum var sagt upp störfum hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Uppsögn leikars var grunvölluð á þeim forsendum að margar konur hafi kvartað undan kynferðislegri áreitni starfsmannsins. Starfsmanninum sem sagt var upp störfum krafðist bóta frá bæði Leikfélagi Reykjavíkur og leikhússtjóra félagsins sem sagði honum upp. Framkvæmdarstjórinn byggði varnir sínar meðal annars á þeim sjónarmiðum að hún gæti ekki borið persónulega ábyrgð vegna ákvarðana um uppsagnir hjá félaginu, með vísan til 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að leikhússtjórinn hafi ekki farið eftir þeim reglum sem henni bar að fylgja við ákvörðun sína og af þeim sökum bæri hún sameiginlega ábyrgð ásamt Leikfélagi Reykjavíkur.

Framangreindir dómar bera með sér að undir ákveðnum kringumstæðum þá geti starfsmenn ekki falið sig á bak við ákvæði 23. og 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þeir látnir bera persónulega ábyrgð á gjörðum sínum vegna starfa sinna fyrir vinnuveitanda. Í flestum tilfellum getur starfsmaður þó endurkrafið vinnuveitanda sinn samkvæmt seinni málslíð 2. mgr. 23. gr. laganna. Að sama skapi virðist sú þróun vera eiga sér stað, að algengara sé að starfsmönnum sé stefnt samhliða vinnuveitanda þrátt fyrir framangreindar reglur skaðabótalaganna.

Í þeim aðstæðum þar sem byggingarstjóri er ábyrgur í gegnum eigið félag sem er jafnvel eignalaust, þá gæti vel komið til þess að raunverulegur byggingarstjóri gæti borið persónulega ábyrgð þrátt fyrir verndarákvæði 23. og 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en þessa ályktun má draga út frá niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 462/2017. Þar var starfsmaður sem jafnframt var fyrirvarsmaður fyrirtækis látinn bera sameiginlega óskipta ábyrgð með hinum aðilum málsins. Í málinu virðist dómurinn sérstaklega líta til þess að hann var ekki almennur starfsmaður. Í þeim aðstæðum, þar sem byggingarstjóri er hins vegar hefðbundinn starfsmaður hjá fyrirtæki sem tekur að sér störf byggingarstjóra þá yrði hann undir venjulegum kringumstæðum ekki

látinn bera endanlega ábyrgð. Byggist það á þeim forsendum að fyrirtækið sem hann starfar hjá geti staðið undir því fjárhagslega tjóni sem krafist er skaðabóta fyrir. Í þessu samhengi verður að líta til þess að byggingarstjóri ber ábyrgð í töluvert langan tíma frá því að framkvæmdum mannvirkja lýkur. Það getur því komið til þess að fyrirtæki sem hefur tekið að sér byggingarstjórn verði tekið til gjaldþrotaskipta eða það jafnvel hætt starfsemi en það leysir hinn almenna starfsmann samt sem áður ekki undan skaðabótaábyrgð sinni.

Í þessu samhengi er áhugvert að velta upp þýðingu 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 en þar er gert ráð fyrir því að byggingarstjóri geti aðeins orðið meðábyrgur ef ágallar séu verulegir, komnir til vegna stórfelldrar vanrækslu og gætu ekki dulist byggingarstjóra við eftirlit sitt. Það má því álykta að í þeim tilvikum sem ágallar eru svo verulegir og tjón jafnvel svo mikið að starfsábyrgðartrygging dekkar það ekki allt, að þá verði litið til þess að gáleysi byggingarstjóra hafi verið stórfellt. Það gæti haft áhrif á mat dómstóla hvort beita skuli heimildarákvæði 2. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Til þess að draga framangreinda umfjöllun saman þá má álykta að þrátt fyrir að 5. mgr. 28. gr. mannvirkjalaga hafi heimilað fyrirtækjum og stofnunum að taka að sér byggingarstjórn framkvæmda, þá virðist vera sem reglan um vinnuveitandaábyrgð geti átt við þrátt fyrir að aðili sé persónulega skráður fyrir verki. Þetta helst þó í hendur við sönnun þess að verkið hafi sannanlega verið unnið í þágu annars manns. Hef ég einnig dregið þær ályktanir að undir sérstökum kringumstæðum er ekki öruggt að starfsmenn fyrirtækja séu undanskildir persónulegri ábyrgð.

6.4 Getur byggingarstjóri tekið að sér endalaus ábyrgð ?

Hér á landi hefur hefur verið mikil fjölgun á lögmætum váttryggingum á síðustu áratugum og það má segja að lögboðin starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra sé ein af þeim sem hefur veigamikil áhrif á neytendur.¹²⁴ Sú meginregla gildir um lögmæltar váttryggingar að váttryggingarfélag sem fengið hefur leyfi til að selja umræddar tryggingar er óheimilt að synja aðila um tryggingu sem hann óskar eftir.¹²⁵ Í lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 kemur til dæmis skýrt fram í 5. mgr. 10. gr. laganna að váttryggingarfélagi sé skylt að veita lögboðna ökutækjatrýggingu til váttryggingarskyldna aðila. Slíkt ákvæði er hins vegar ekki að finna í reglugerð um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014. Samkvæmt skrifum Eiríks Jónssonar og Viðar Mús Matthíassonar í bótarétti II telja þeir að synjun váttryggingarfélags á að veita aðila lögboðna váttryggingu geti haft mismunandi réttaráhrif án

¹²⁴ Eiríkur Jónsson og Viðar Mús Matthíassonar, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 67.

¹²⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Mús Matthíassonar, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 67.

þess að fjalla með ítarlegri hætti um hver þau gætu mögulega verið.¹²⁶

Ofangreindar ályktanir mínar í ritgerð þessari bera þess merki að samkvæmt ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 gegni byggingarstjóri mikilvægu eftirlitshlutverki við mannvirkjagerð. Líkt og fjallað hefur verið um hér í fyrri köflum ritgerðarinnar þá hefur hlutverk byggingarstjóra breyst frá skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Í dag telst byggingarstjóri vera svokallaður faglegur fulltrúi eiganda fremur en framkvæmdastjóri verks og felast störf hans að mestu leiti við að gæta að eftirliti, fylgjast með framkvæmdum og setja út á það sem betur má fara. Að öðrum kosti getur byggingarstjórinn verið krafinn um skaðabætur vegna saknæmrar háttsemi sinnar. Það má því auðveldlega velta því upp, að hvaða marki byggingarstjóri geti sinnt þessum skyldum sínum ef hann hefur tekið að sér of mörg verkefni. Í þessu samhengi er vert að líta til eftirfarandi athugasemda með frumvarpi til mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Í frumvarpi þessu er leitast við að skýra hlutverk byggingarstjórans betur og lögð er áhersla á hlutverk hans sem faglegur fulltrúi eiganda mannvirkis, við framkvæmd innra eftirlits og samskipti við hönnuði, iðnmeistara og byggingaryfirvöld. **Í frumvarpinu er gengið út frá því að byggingarstjórar starfi sem slíkir í aðalstarfi, a.m.k. þegar um er að ræða umfangsmikla mannvirkjagerð.**¹²⁷

Með þessu orðalagi virðist vera sem löggjafinn hafi spáð í mögulegum takmörkunum en í sjálfum mannvirkjalögum nr. 160/2010 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra er hvergi kveðið á um hámark þeirra verka sem byggingarstjóri getur tekið að sér. Samkvæmt upplýsingum frá váttryggingarfélaginu Verði hf. eru fordæmi fyrir því að byggingarstjóri sé skráður fyrir yfir tíu byggingarframkvæmdum á sama tíma.¹²⁸ Vangaveltur mínar snúa að því hvernig byggingarstjóra er mögulegt að sinna eftirlitskyldum sínum með fullnægjandi hætti ef verkefninu eru einfaldlega orðin of mörg. Til þess að setja þessa spurningu mína í samhengi við önnur svið samfélagsins má til dæmis líta til reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 en þar er leyfi þeirra sem taka að sér daggæslu í heimahúsum bundið við takmarkaðan fjölda barna.¹²⁹ Þrátt fyrir að þetta dæmi sé á engan hátt tengt eftirlitsskyldum við mannvirkjagerð eða starfsábyrgðartryggingum, þá eiga vangaveltur mínar vel við, þessa hugsun löggjafans. Að hans mati getur einstaklingur aðeins haft eftirlit með ákveðnum fjölda barna, eigi eftirlitið að vera fullnægjandi.

¹²⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *bótaréttur II* (Bókaútgáfan Codex 2015) 67.

¹²⁷ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 - 78. mál, athugasemdir í kafla 3.

¹²⁸ Kristinn Örn Valdimarsson, tryggingarfulltrúi, Vörður tryggingar, viðtal við höfund (Reykjavík október 2019).

¹²⁹ Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, 8. gr.

Að mínu mati þætti mér eðlilegt að kveðið væri á um ákveðið hámark á þeim verkum sem byggingarstjóri getur tekið að sér á sama tíma. Slíkt myndi endurspeгла þá skyldu byggingarstjóra að taka starfi sínu alvarlega og einnig myndi það tryggja að raunverulegt eftirlit byggingarstjóra sé til staðar. Það ber einnig að líta til þess að eftirlitsskyldur byggingarstjóra hafa bein áhrif á bæði neytendur og váttryggingarfélag. Tel ég ekki ómögulegt að váttryggingarfélag geti ákveðið af sjálfsdáðum að neita byggingarstjóra um frekari tryggingar, telji félagið að einstaklingur geti ekki sinnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti. Hér verður hins vegar ekki dregin ályktun um hvaða réttaráhrif slík synjun myndi hafa.

7. Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið tekið til skoðunar hvort, og þá hvaða breytingar áttu sér stað, er varðar hlutverk, skyldur og ábyrgð byggingarstjóra við mannvirkjagerð, eftir að lög um mannvirki nr. 160/2010 tóku við af skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Af ofangreindum skrifum má ráða að samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hafi byggingarstjóri verið framkvæmdarstjóri byggingarframkvæmda. Lögum samkvæmt var ábyrgð hans bundin við að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Greining höfundar á dómaframkæmd hefur hins vegar leitt í ljós að byggingarstjóri bar einnig að hafa eftirlit og yfirumsjón við mannvirkjagerð í gildistíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Í ritgerðinni hefur höfundur lagt sérstaka áherslu á að fjalla um ákvæði 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 sem kveða á um skyldur, hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra. Telur höfundur að löggjafinn hafi nú fjallað með mun ítarlegri hætti um hvert hlutverk byggingarstjóra raunverulega er en þetta kemur bersýnilega fram í ákvæðum 29. gr. laganna. Þar er sérstaklega vísað til þeirra skyldna sem byggingarstjóra ber að annast líkt og að afla nauðsynlegra heimilda vegna framkvæmda, skera úr um vafa á hönnunargögnum, hafa yfirumsjón með því að breytingar á hönnun hljóti samþykki leyfisveitanda, annast sjálfur framkvæmd áfangauáttækta og hafa virkt eftirlit með því að þeir sem að verki koma fylgi hönnunargögnum og ákvæðum laga. Byggingarstjóra ber einnig að halda skrá yfir eftirlitsskyldur sínar í gæðastjórnenda kerfi sínu. Slíkar skyldur var hvorki að finna í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 né byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Í ljósi þeirrar réttarframkvæmdar sem gilti um ábyrgð byggingarstjóra í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 267/2005 var lögð sérstök áhersla á að fjalla um 5. og 7. mgr. 29. gr. laganna. Samkvæmt orðanna hljóðan hefur höfundur dregið þær ályktanir að framangreind ákvæði feli í sér veigamestu breytinguna milli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Samkvæmt beinu orðalagi ákvæðanna virðist vera

sem byggingarstjóri beri aðeins meðábyrgð á augljósum göllum sem teljast verulegir og eru rekjanlegir til stórfelldrar vanrækslu hönnuða eða iðnmeistara. Það virðist einnig koma skýrt fram að byggingarstjóra sé ekki ætlað að bera ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara sem felur í sér breytingu frá eldri réttarframkvæmd. Í kafla 4.4. var fjallað ítarlega um dóm Hæstaréttar í máli nr. 570/2016 sem hefur mögulega varpað ákveðinni óvissu á réttarstöðu byggingarstjóra. Þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í framangreindu máli hefur höfundur fært rök fyrir því að fordæmisgildi dómsins geti verið takmarkað. Þá telur höfundur niðurstöðu Hæstaréttar vera í ósamræmi við ákvæði 5. og 7. mgr. mannvirkjalaga nr. 160/2010

Ályktanir höfundar í tengslum við ábyrgð byggingarstjóra á byggingarefni og hönnunargögnum benda til þess að þrátt fyrir að ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 fjalli með skýrari hætti um ábyrgð byggingarstjóra á þessum þáttum þá sé í raun ekki um breytingu að ræða frá skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Það leikur hins vegar engin vafi á því að samkvæmt núgildandi ákvæðum nær ábyrgð byggingarstjóra til þessara þátta. Þetta helst þó ávallt í hendur við þau skilyrði sem lögð eru fram í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Samkvæmt umfjöllun höfundar í kafla 4.6. virðist vera sem ákvæði 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 hafi ekki falið í sér raunverulega breytingu í tengslum við ábyrgð byggingarstjóra á þriðja manni. Dómaframkvæmd sem varðar ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 bendir til þess að ábyrgð byggingarstjóra hafi ekki aðeins verið bundin við eiganda byggingarframkvæmda. Í sérstökum tilvikum virðist vera sem byggingarstjóri geti borið ábyrgð á líkamstjóni annars manns á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Þrátt fyrir að ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 leiði ekki til þess að byggingarstjóra beri að tryggja öryggi á vinnustað þá er samt ekki ómögulegt að einstaklingur geti orðið fyrir líkamstjóni vegna saknæmrar vanrækslu byggingarstjóra á öðrum eftirlitsskyldum sínum. Telur höfundur einnig að munatjón falli undir ákvæði laganna. Höfundur dró einnig þá ályktun að skilmálar váttryggingarfélaga væru í ósamræmi við 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og að mati höfundur sé þeim óheimilt að undanskilja framangreind tjón.

Í ljósi þess að nú er kveðið á um skyldur byggingarstjóra með ítarlegri hætti en áður þá fjallaði höfundur sérstaklega um mögulega ábyrgð byggingarstjóra á tafabótum. Höfundur dró þá ályktun að umræddar skyldur samræmast mögulega ekki þeim ákvæðum sem verkkaupi og verktaki gera sín á milli. Tel ég að undir ákveðnum kringumstæðum geti byggingarstjóri vissulega brugðist skyldum sínum með þeim hætti að eigandi eða jafnvel þriðji maður geti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Samkvæmt 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 tekur

löggjafinn hins vegar fyrir að byggingarstjóri geti borið ábyrgð á iðnmeistari uppfylli samningsskuldbindingar sínar gagnvart eiganda.

Í kafla 4.8. var leitast við að svara því hvort byggingarstjóri eigi að sæta ströngu sakarmati líkt og fjallað er um í athugasemdum með frumvarpi núgildandi laga. Höfundur ályktaði að í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafi ábyrgð byggingarstjóra sennilega verið byggð á sérfræðiábyrgð í ljósi þeirra smávægilegu annmarka sem byggingarstjórara hafa verið taldir ábyrgir fyrir. Að mati höfundar getur reynsla, hæfni og þekking byggingarstjóra aldrei náð til allra þeirra þátta sem eftirlit hans nær til. Þrátt fyrir þessar vangaveltur þá er almenna reglan sú að sérfræðiábyrgð gildir um þá aðila sem gefa sig út fyrir að vera sérfræðingar. Höfundur dró hins vegar þá ályktun að í ljósi 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 muni sérfræðiábyrgðin hafa minni þýðingu en áður. Það helst þó í hendur við það hvernig dómstólar meta hvað teljist til verulegrar ágalla og stórfelldrar vanrækslu.

Í fimmta kafla ritgerðarinnar var fjallað sérstaklega um breytingu á orðalagi í tengslum við byggingarstjóraskipti, en þar var markmið löggjafans að gera ákvæðin skýrari en þau voru samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Höfundur hefur dregið þá ályktun að 30. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 hafi ekki falið í sér raunverulega breytingu í tengslum við hvaða verkþáttum hvor byggingarstjórinn ber ábyrgð á. Hins vegar telur höfundur að ákveðin óvissa geti myndast um, á hvaða tímapunkti byggingarstjóri segir sig raunverulega frá verki. Af þeim sökum telur höfundur að löggjafanum hafi ekki tekist að gera ákvæði um byggingarstjóra skýrari. Í því samhengi var lagt til að útgefandi byggingarleyfis þyrfti að staðfesta móttöku tilkynningar byggingarstjóra um afsögn hans frá verkframkvæmdum.

Höfundur hefur einnig fjallað sérstaklega um áhrif skriflegs samnings byggingarstjóra við bæði eiganda og iðnmeistara. Sú skoðun leiddi í ljós að ákvæði um samningsgerð þessara aðila hafa tekið breytingum í ljósi þess að byggingarstjóra er skylt að gera skriflega samninga. Ábyrgð skyldur og greiðsluréttur byggingarstjóra virðast hins vegar ekki vera bundin við að skriflegur samningur sé gerður við eiganda, þrátt fyrir skýra skyldu núgildandi laga. Þá telur höfundur einnig að byggingarstjóri verði að öllum líkindum ekki talin ábyrgur fyrir verkum aðila sem starfa ekki fyrir hans atbeina en hér getur haft áhrif hvort byggingarstjóri vissi eða mátti vita að samþykktir iðnmeistarar væru að störfum við framkvæmdir.

Í sjötta kafla var því einnig velt upp hvað áhrif 5. mgr. 28. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 hefur á persónulega ábyrgð byggingarstjóra í tengslum við störf þeirra í gegnum fyrirtæki eða stofnanir. Samkvæmt skoðun höfundar á umfangsefninu má ráða að ákvæðið feli í sér mikilvæga heimild. Það má hins vegar draga þá ályktun að umrædd heimild komi ekki sjálfkrafa í veg fyrir að byggingarstjóri verði persónulega ábyrgur fyrir tjóni.

Í útgangspunkti ritgerðarinnar velti höfundur því upp hvort það gæti talist eðlilegt að ákvæði laga setji engin takmörk fyrir þeim verkframkvæmdum sem byggingarstjóri kann að hafa eftirlit með. Í ljósi hlutverks, skyldna og ábyrgð byggingarstjóra er afstaða höfundar sú, að byggingarstjóri geti ekki sinnt störfum sínum með fullnægjandi hætti ef verkefni verða of mörg. Þrátt fyrir að löggjafinn hafi ekki kveðið á um ákveðið hámark verka þá dró höfundur þá ályktun að váttryggingarfélög gætu að sjálfsdáðum sett slíkar takmarkanir til þess að verja hagsmuni sína.

Að lokum vill höfundur velja því upp hvaða þýðingu nógildandi ákvæði um byggingarstjóra hafa fyrir neytendur, váttryggingarfélög og sjálfa byggingarstjórana. Líkt og áður var nefnt telur höfundur að helsta breytingin milli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um mannvirki nr. 160/2010 hafi falið í því að byggingarstjóri er ekki lengur ábyrgur fyrir faglegum vinnubrögðum iðnmeistara. Upprannalegt markmið ákvæða um byggingarstjóra fólst í því að auka réttarhagræði með þeim hætti að gera einn aðila ábyrgan fyrir framkvæmdum. Í ljósi þeirra breytinga sem höfundur telur að hafi átt sér stað má ráða að breytingin sé ekki í hag neytenda. Í tíð skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 gátu neytendur ávallt beint kröfum sínum að byggingarstjóra vegna faglegrar vinnu iðnmeistara. Þess ber að geta að á iðnmeisturum hvílir ekki lögboðin skylda á að hafa ábyrgðartryggingu. Þessi breyting virðist vera í hag váttryggingarfélaga en að sama skapi telur höfundur að ákvæði 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 leiði til þess að váttryggingarfélög geti ekki haldið sig við þær takmarkanir sem eru í gildandi skilmálum þeirra.

Hvað varðar byggingarstjórana sjálfa, þá telur höfundur að hlutverk þeirra hafi ekki breyst í þeim skilningi að þeim bar samkvæmt fordæmum Hæstaréttar að sinna eftirlitshlutverki við mannvirkjagerð. Með nógildandi ákvæðum hafa skyldur byggingarstjóra hins vegar verið settar í skýrari ramma og áhersla hefur verið lögð á hlutverk þeirra sem eftirlitsaðila fremur en stjórnanda. Að sama skapi verður það að teljast réttarbót fyrir byggingarstjóra að þeir beri ekki ábyrgð á faglegum vinnubrögðum iðnmeistara, svo lengi sem ekki er um stórfellda vanrækslu þeirra að ræða.

Heimildaskrá

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (Háskólinn í Reykjavík og JPV útgáfa 2008)

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (Bókaútgáfan Codex 2015)

-- *Bótaréttur II: Vátryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar* (Bókaútgáfan Codex 2015)

Erlendur Gíslason, “Hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra” (2005) 2 Tímarit Lögréttu 63

Kristinn Örn Valdimarsson, tryggingarfulltrúi, Vörður tryggingar, viðtal við höfund (Reykjavík október 2019)

Páll Sigurðsson, *Verksamningar* (Bókaútgáfa Orators 1991)

Staðlaráð Íslands, „ÍST 30:2012: Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir“ (6. útg., Staðlaráð Íslands 2012)

Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005)

VÍS, „Lögboðin starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra: vátryggingarskilmálar nr. AP28“

(VÍS, 15. maí 2018) <<https://www.vis.is/media/174795/ap28.pdf>> skoðað 21. október 2019